



SKOÐUN Segir ríkisstjórnina sýna læknum og heilbrigðiskerfi fingurinn. **17**



MENNING Eggert Þór Bernharðsson heillaðist af sveitinni í borginni. **22**



LÍFID Ígló&Indý kynna nýja lífræna barnafatalínu sem er væntanleg í janúar. **34**



SPORT Stelpurnar okkar geta tryggt sér sæti í HM-umspili í kvöld. **30**



Jólablað Símans fylgir með blaðinu í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

3. desember 2014
284. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Deilt um stóru verkefni
Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets, segir deilt um öll fimm stærri verkefni fyrirtækisins og því gangi illa að efla raforkuflutningskerfið hér á landi.

FRÉTTIR

Óku spottakorn í lúxusjoppum
Tónlistarfólkið Beyoncé Knowles og Jay Z, sem þessa dagana sækja landið heim, létu fara vel um sig í Bláa lóninu í gær. **2**

Rotþróaseyra í uppgræðslu
Landgræðslan og Ólfus ætla í víðræður um notkun seyru úr rotþróum sumarbústaða og annarra mannbústaða til uppgræðslu lands. **4**

Eru á móti náttúrupassa
Landvernd og Ferðaklúbburinn 4x4 telja að lög um frjálsa för ferðafólks um landið eigi að gilda. **6**

Græða þarf upp yfir milljón hektara lands

Umtalsvert eða alvarlegt jarðvegsrof er hér á 40% lands. Umhverfisvandi gleymdur landsmönnum, segir landgræðslustjóri. Landgræðslustarf nú rétt heldur í horfinu.

UMHVERFISMÁL Úttekt Landgræðslunnar á gróðurfari sýnir að ráðast verði í að græða upp eina milljón hektara lands. Um 500 þúsund hektarar eru svo illa farnir að mjög brýnt er að ráðast í aðgerðir.

„Umræðan um að stöðva jarðvegseyðinguna og að græða upp örfoka land hvarf í virkjanadeilurnar,“ segir Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, um hverju sæti að eitt stærsta umhverfismál þjóðarinnar hafi nær horfið úr þjóðfélags-umræðunni. Hann staðfestir að á síðasta áratug hafi tekist að halda í horfinu – en það sé frekar hagsæðum veðurskilyrðum að þakka en mannanna verkum.

Ákveðið hefur verið að hefja vinnu við frumvarp að nýjum lögum um landgræðslu. Núgildandi lög voru staðfest í apríl 1965. Sveinn bindur miklar vonir við yfirlýst áform ráðherra um aðgerðir í loftslagsmálum og að binda kolefni með landgræðslu og skógrækt. Aðgerðirnar eru í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar

Árlega er unnið að landgræðslu á um 12.500 hekturum lands og er þá allt talið. „Við höfum sagt að í þessu góða tíðarfari þá séum við með vinninginn á móti eyðingaröflunum. Það þarf hins vegar ekki að kólna mikið aftur til þess að sú staða snúist við,“ segir Sveinn.

30% eru fokin á haf út.

Umtalsvert eða alvarlegt jarðvegsrof er metið á 40 prósentum landsins, eða 52 prósentum landsins þegar hæstu fjöll, jöklar, ár og vötn eru undanskilin. Þessi staða sé óbreytt frá þeim tíma.

Samkvæmt gögnum Nyttjalds, gagnagrunns Landbúnaðarháskólans, má áætla að umfang þessarar landhnignunar gæti verið meira en 30.000 ferkílómetrar, sem þýðir að um 30 prósent landsins eru fokin á haf út – óbætt að mestu.

- shá / sjá síðu 12

Fylltu í eyður í gamalli þulu: Svæsið miðalda-ljóð endurvakið

LÍFID Bjarki Karlsson, skáld og málfræðingur, og Erpur Eyvindarson rappari hafa leitt saman hesta sína fyrir nýja útgáfu Bjarka, Árleysi árs og alda.

Þá fékk Bjarki Erp til að fylla upp í eyðurnar á gömlu klámkvæði frá miðöldum, sem talið er að hafi verið ritskodað stuttu eftir siðaskiptin.

„Grettir er ruglaður. Ég hef aldrei farið með jafn dónalegan texta. Þetta er bókmenntaarfurinn okkar, svo er verið að væla yfir því að ég segi hitt eða þetta,“ segir Erpur.

Bjarki segir brag og innihald Grettisfærslu keimlíkt rappi Erps. „Þá fannst mér trúverðugasta endurgerðin á þulunni vera að fá Erp til að gera þetta.“



BJARKI KARLSSON

- þij / sjá síðu 54



Bolungarvík	0°	SV	11
Akureyri	0°	SV	9
Egilsstaðir	1°	SV	7
Kirkjubæjarkl.	2°	SV	7
Reykjavík	3°	SV	10

STREKKINGUR Í dag verða suðvestan 8-15 m/s og slydduél eða él S- og V-til, en úrkumulatíð NA-lands. Hiti víða í kringum frostmark. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólki



LÆRÐU RÉTTU HANDTÖKIN Nemendur í Hólabrekkuskóla lærðu í gær grunnatriði í skyndihjálpi. Gunnhildur Sveinsdóttir, verkefnisstjóri hjá Rauða krossinum, segir heimsóknir í grunnskóla hafa gengið vonum fram. „Við vitum að þessari fræðslu er ekki alltaf sinnt í skólunum þótt skyndihjálpin sé vissulega inni í aðalsnámskrá, en vonandi verður breyting til batnaðar eftir þetta átak.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áhersla lögð á skyndihjálpi: Sjálfboðaliðar mæta í skólana

SKYNDIHJÁLPI Flestir grunnskólar landsins hafa nýtt sér boð Rauða krossins á Íslandi um kennslu í skyndihjálpi. Rauði krossinn fagnar 90 ára afmæli sínu með áherslu á skyndihjálpi.

Gunnhildur Sveinsdóttir, verkefnastjóri skyndihjálpar, segir mikilvægt að kenna börnum skyndihjálpi. „Þetta er risavaxið verkefni sem tugir sjálfboðaliða komu að. Meðal annars fjöldi hjúkrunar- og læknanema,“ segir hún. Nú þegar hafi flestir skólar á höfuðborgarsvæðinu verið heimsóttir auk fjölmargra úti á landi.

„Krakkarnir hafa mikinn áhuga á skyndihjálpi. Ég fór í heimsókn í einn skóla og þar fékk maður að heyra margar skemmtilegar hrakfalla- og slysasögur. Krakkarnir eru síðan sendiherrar á sínum heimilum og tala um það sem þeim finnst áhugavert,“ segir Gunnhildur. - hv

Oddviti Skorradalshrepps segir tekjuháa muna um lægra útsvarshlutfall:

Fólk finnur skattaskjól í Skorradal

SVEITARSTJÓRNARMÁL Oddviti Skorradalshrepps telur að hreppnum yrði akkur í að fólk yrði heimilað að flytja lögheimili sitt í frístundahúsi í hreppnum. Í hreppnum er lægsta útsvarshlutfall landsins, 12,44 prósent. Dæmi eru um að fólk skrái lögheimili sitt þar þrátt fyrir að búa annars staðar að staðaldri.

„Hér í Skorradalshreppi eru um 60 skráðir íbúar, það er svo sem teygjanlegt hvar fólk nákvæmlega

sefur,“ segir Árni Hjörleifsson oddviti. Hann segir fólk hafa fengið leyfi til að breyta sumarbústöðum í heilsársbústaði til að fá að vera með lögheimili í hreppnum, en það eigi síðan afdrep í bænum. „Þetta er að verða svolítið ríkjandi. Við þurfum hins vegar að breyta deiliskipulagi til þess að þetta geti orðið að veruleika.“

Árni segist heyra á höfuðborgarsvæðinu að betra sé að búa í Skorra-

Pað er svo sem teygjanlegt hvar fólk nákvæmlega sefur.

Árni Hjörleifsson, oddviti Skorradalshrepps.

dalshreppi en annars staðar. „Fyrir suma skiptir þetta litlu máli en fyrir aðra sem eru með einhverjar tekjur að ráði þá vigtar þetta,“ segir hann.

- sa / sjá síðu 8

GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gefðu töfrandi stundir í jólapökkun. Kortid er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

MIDASALA | 566 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPID 24 TÍMA

Iceland

Betra blóðflæði, orka og úthald!

natures aid Beetroot 700mg

Equivalent to 3500mg of dried Beetroot

GengurveLis

SPURNING DAGSINS



Frosti, þetta eru engin smá lán?

„Nei þetta eru ó-lán“

Hundrað þúsund króna skuld ungs manns fjórfaldaðist á þremur og hálfum mánuði vegna vanskila. Frosti Sigurjónsson er formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Gert ráð fyrir lægri leikskólagjöldum og fimm hundruð nýjum félagsíbúðum á næstu fimm árum:

Ný fjárhagsáætlun samþykkt í gærkvöldi

SVEITARSTJÓRNARMÁL Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir næsta ár var samþykkt á fundi borgarstjórnar seint í gærkvöldi. Þó nokkrar þeirra breytinga sem gerðar voru á milli umræðna snúa að skóla- og frístundamálum. Námsgjöld leikskóla lækka um rúmlega sex prósent og frístundastyrkur hækkar.

„Framlögð fjárhagsáætlun einkennist af varfærni og ábyrgum rekstri,“ sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri í ræðu sinni á fundinum. „Í henni er að finna þær

áherslur sem meirihlutinn kynnti í byrjun sumars. Gjöld á barnafjölskyldur lækka, rík áhersla verður lögð á læsi, verk- og listgreinar í skólum auk uppbyggingaráforma.“

Framlag borgarinnar til hráefniskaupa í leik- og grunnskólum hækkar um 56 milljónir króna frá fyrri áætlun og framlög til sérkennslu í leik- og grunnskólum eru aukin um tæpar 48 milljónir króna. Þá eru tuttugu milljónir króna lagðar í sérstakt átak til að auka þátttöku í frístundastarfi fyrir börn af erlendum

uppruna, ungmenni eldri en sextán ára sem ekki eru í námi, fatlaða framhaldsskólanema og börn tekju-lágra foreldra sem uppfylla ekki skilyrði um fjárhagsaðstoð.

Að auki var fimm ára áætlun borgarinnar fyrir árin 2015 til 2019 samþykkt en samkvæmt henni er fyrirhugað að Félagsbústaðir Reykjavíkur fjárfesti í fimm hundruð nýjum íbúðum á næstu fimm árum. Gert er ráð fyrir að fjárfestingin nemi allt að 13,5 milljörðum á næstu fimm árum.



DAGUR B. EGGERTSSON Fyrsta fjárhagsáætlun nýs meirihluta borgarstjórnar var samþykkt í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



STEFAN LÖFVEN Boða þarf til kosninga í Svíþjóð náist ekki sátt um fjárlagafrumvarp. Þær yrðu haldnar ekki síðar en 29. mars á næsta ári.

NORDICPHOTOS/AFP

Svíþjóðardemókratar í lykilstöðu vegna ágreinings um fjárlög: Sænska stjórnin nærri fallin

SVÍÞJÓÐ Stefan Löfven forsætisráðherra ákvað í gær að vísa fjárlagafrumvarpi stjórnar sinnar aftur til nefndar, í von um að geta náð mála-miðlun við einhvern hægri flokkanna um ný fjárlög.

Til stóð að greiða atkvæði um frumvarpið á þingi í gær, en Svíþjóðardemókratar settu stjórnina í uppnám með því að tilkynna að þeir myndu greiða atkvæði með fjárlagafrumvarpi stjórnarandstöðunnar.

Þar með hefðu Svíþjóðardemókratar, flokkur hægri þjóðernissinna, fellt stjórnina þar sem Löfven hafði fyrirfram ekki tryggt að meirihluti væri bak við fjárlagafrumvarpið á þinginu. Svíþjóðardemókratar sögðust ekki geta treyst því að ríkissjóður gæti fjármagnað þá innflytjendastefnu sem fram kemur í frumvarpinu.

Tvívurur boðnir velkomnir:

Ný jólavættur kynnt á morgun

SVEITARSTJÓRNARMÁL Nýjasta jólavætturinn verður afhjúpuð í Safna-húsinu á Hverfisgötu klukkan 8.15 á morgun. Tvívurur á öllum aldri eru boðnir sérstaklega velkomnir. Óstaðfestur fregnir herma að þeir gætu mögulega fengið snemmbúna jólagjöf.

Fjögur ár eru síðan fyrstu jólavættirnar fóru að birtast á húsveggjum í miðborginni. Þær verða þrettán með nýjustu viðbótinni. Fyrir eru meðal annars Grýla og Jólakötturinn. Jakob Frímann Magnússon miðborgarstjóri kynnir nýju vættina til sögunnar.

-bá

Netanjahú vill klárt umboð: Þingrof í Ísrael

ÍSRAEL, BBC Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hefur



BENJAMÍN NETANJAHÚ

rekið fjármála- og varnarmálaráðherra sína úr embætti. Einnig ætlar hann sér að leysa upp þingið og boða til kosninga.

Netanjahú segir að ráðherrarnir hafi ráðist gegn sér og ríkisstjórninni allri. Deilurnar snerust að mestu um efnahag landsins. Hann hyggst boða til kosninga svo umboð hans til að stjórna landinu verði ótvírætt.

Ríkisstjórnin náði aðeins að sitja í rétt rúma átján mánuði.

-joe

Spölkorn á Range Rover í Bláa lónið

Beyoncé og Jay Z eru stödd hér á landi. Fara um á þyrlu og lúxusjeppar taka við þar sem þyrlan kemst ekki. Parið slakaði á í Bláa lóninu í gær og á morgun verður haldið upp á afmæli hans. Ekki er vitað hversu lengi stórstjórnum dvelja hér.

FÓLK Þyrla flutti hjónin og stórstjórnum, Beyoncé og Jay Z, úr Úthlíð í Bláa lónið í gær. Heimildarmaður Fréttablaðsins sá þyrluna lenda með hjónin spölkorn frá lóninu fimmtán mínútur fyrir fjögur í gærdeg. Þar biðu tvær Range Rover-bifreiðar, önnur svört og hin hvít, sem fluttu gestina spottann sem eftir var í Bláa lónið.

Talið er að tónlistarfólkið hafi komið hingað til lands á mánudagskvöld með einkaþotu frá Teterboro-flugvællinum í New York.

Þaðan héldu þau í lúxussumarhús í Úthlíð í Biskupstungum. Sumarhúsið er feiknastórt og sögur herma að ekki ómerkari menn en Vladímír Pútín, forseti Rússlands, og Roman Abramovich, rússneskur auðjófur og eigandi enska knattspyrnuliðsins Chelsea, hafi dvalið þar. Ljósmyndari Fréttablaðsins náði myndum af þyrlu sem lent hafði verið við húsið en komst ekki nær sökum öryggis-gæslu.

Fram kom á Vísi í gær að tilfni heimsóknarinnar sé afmæli rapparans Jay Z en hann verður hálfímittugur á morgun. Samkvæmt óstaðfestum heimildum eru erlendar stórstjórnum úr ýmsum geirum teknar að streyma til landsins til að fagna tímamótunum með hjónunum. Talið er að um sextíu fyrir menni muni mæta í veislu sem haldin verður; allt frá leikkonunni Kate Hudson til söngvarans Robins Thicke.

Ljósmyndarar landsins hafa flestir vopnast flössum og aðdráttarlinsum en erlendar fréttasíð-



DVALARSTAÐUR Hér láta hjónin fara vel um sig meðan á heimsókn þeirra stendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ur eru tilbúnar að borga milljónir fyrir myndir af parinu hér á landi. Upphæð fyrir mynd úr fjarlægð getur numið rétt rúmri milljón en nái einhver góðum myndum úr stjórnun þryddri veislunni er líklegt að þær geti skilað sér í tugmilljóna tékka.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Beyoncé og Jay Z eru hér á landi en þau dvöldu hér næturlangt í janúarmánuði 2008. Þau gistu þá á Hótel Keflavík.

Ekki er vitað hvenær þau hyggjast hverfa af landi brott.

johannoli@frettabladid.is

Sigmundur Davíð hefur friðlýst samkomusalinn á skemmtistaðnum Nasa:

Útilokar ekki hótélbyggingu

SKIPULAGSMÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur friðlýst samkomusalinn á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll. Það þýðir að ekki má hrófla við upprunalegum innréttingum, innviðum eða skipulagi á rými salarins eins og hann er í dag.

Í samtali við Stöð 2 segir Sigmundur Davíð að friðlýsing Nasa þurfi ekki að koma í veg fyrir hótélbyggingu á svæðinu. Í pistli sem Sigmundur birti á heimasíðu sinni árið 2012 leggur hann til að horfið verði frá niðurrifi Nasa og Hótel Ísland reist í upprunalegri mynd við Austurstræti 2.

Greint var frá því í vor að forsætisráðuneytið hefði á tæpu ári veitt rúmar 200 milljónir króna til húsfriðunar og varðveislunnar menningarminja án auglýsingar. Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, segir að ekki hafi verið haft samráð við borgina um friðlýsinguna.

Það sé þó ekkert um það að segja nema að forsætisráðherra sé mikill áhugamaður um verndun gamalla húsa og það sé af hinu góða.

-þká, bá



NASA Það olli miklum deilum þegar skemmtistaðnum Nasa var lokað vegna hótélbyggingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fullkomin jólagjöf fyrir fjölskylduna, vini og vandamenn!

Vetrarkort í Bláfjöll og Skálafell eru komin í sölu og fást í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3–5 og Mohawks, Krínglunni. Pantaðu og fáuð sent í síma 5303002 eða á midar@skidasvaedi.is.

Desembertilboð á vetrarkortum

SKÍÐASVÆÐIN

Vetrarkort í Bláfjöll og Skálafell

Sími: 4115555 og 5303002
Ópið alla virka daga kl. 9–13 og 13:30–17.

VIÐ ERUM UNDIRSTAÐAN



Fólk í almannáþjónustu vinnur mikilvæg störf um land allt og er undirstaða þess samfélags sem við búum í. Opinberir starfsmenn veita okkur umönnun og hjúkrun, gæta öryggis, mennta og gæta barnanna okkar og sinna allri grunnþjónustu samfélagsins.

Það er hagur okkar allra að grunnstöðirnar séu sterkbyggðar. Hvetjum stjórnvöld til að efla almannáþjónustuna í stað þess að veikja hana. Styðjum við og verum stolt af því fólk sem þjónar okkur í fjölbreyttum störfum hjá hinu opinbera.



Jóhanna
stuðningsfulltrúi

Ásgeir
slökkviliðs- og
sjúkraflutningamaður

Elín
fangavörður

Svavar
flugvallarstarfsmaður

Baldvin
tollsérfræðingur

Vinkill
fíkniefnahundur

Jóna
sjúkraliði

SVONA ERUM VIÐ



10.000 ferkílómetrar lands á Íslandi teljast fjalllendi. Ísland er 103.000 ferkílómetrar.

Vísindamenn fylgjast spenntir með þróun alnæmisveirunnar sem sums staðar hefur tekið breytingum: Alnæmisveiran sögð tekin að missa kraftinn

VÍSINDI Alnæmisveiran HIV hefur sums staðar tekið stökkbreytingum til að lifa af í líkómum fólks með sterk ónæmisviðbrögð. Þessi stökkbreyttu afbrigði hennar eiga síðan erfiðara með að taka sér bólfestu í öðru fólki og þurfa lengri tíma til að gera fólk alvarlega veikt.

Þetta fullyrða vísindamenn við Oxford-háskóla í Bretlandi. Þeir hafa gert rannsóknir á HIV-smituðum í Botsvana og í Suður-Afríku, og tóku eftir því að í Botsvana á veiran tíu prósentum erfiðara með að fjölga sér en í Suður-Afríku.

Skýringuna telja þeir liggja í því að veiran

kom til Suður-Afríku tíu árum eftir að hún kom til Botsvana. Og þetta vekur vonir um að því lengri tími sem líði frá því veiran gerir sig heimakomma, því veikari verði hún. Á endanum jafnvel tiltölulega meinlaus.

Frá þessu er skýrt á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC, og vitnað í grein vísindamannanna í tímaritinu Proceedings of the National Academy of Sciences.

„Við erum að fylgjast með þróuninni gerast fyrir augum okkar og það vekur furðu hve hraðfara þetta ferli hefur verið,“ hefur BBC eftir Philip Goulder, einum vísindamannanna.



BLÓÐ RANNSAKAÐ Kannað hvort HIV-veiran leynist í blóði manns í Úganda. NORDICPHOTOS/AFAP



SEÐLABANKINN Undirliggjandi erlend staða hefur batnað milli ársfjórðunga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Undirliggjandi erlend staða:

Neikvæð um 885 milljarða

EFNAHAGSMÁL Undirliggjandi erlend staða þjóðarbúsins í lok þriðja ársfjórðungs 2014 er metin neikvæð um 885 milljarða króna eða 46 prósent af vergri landsframleiðslu.

Þetta kemur fram í frétt frá Seðlabanka Íslands. Undirliggjandi staðan hefur batnað um 31 milljarð frá því í lok síðasta ársfjórðungs, en þá var hún talin neikvæð um 916 milljarða.

Þessi bati nemur um 1,5 prósentum af vergri landsframleiðslu á þriðja ársfjórðungi. -bá

200 milljónir næstu tvö ár:

Aukið fjármagn í landkynningu

FERÐAÞJÓNUSTA Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt að veita markaðsverkefninu „Ísland – allt árið“ allt að 200 milljónir á næstu tveimur árum sé samhlöð fjárhæð annarra þátttakenda ekki lægri upphæð.

Verkefnið er kynningarverkefni sem ætlað er að jafna árstíðasveiflur í ferðaþjónustu og bæta viðhorf ferðamanna gagnvart Íslandi.

Lágmarksframlag þátttakenda til samningsins er tuttugu milljónir króna. Aðilum er heimilt að mynda hóp sem yrði aðili að samningnum. -joe

Vilja að seyra úr rotþróum verði notuð til uppgræðslu

Landgræðslan og sveitarfélagið Ölfus ætla í viðræður um að nota seyru úr rotþróum sumarbústaða og annarra mannabústaða til uppgræðslu lands. Erum að finna leiðir til að láta hringrásina virka, segir forseti bæjarstjórnar.

UMHVERFISMÁL „Þetta verður aldrei þannig að það verði bara sögð upp úr rotþróum og því svo frussað yfir landið,“ segir Sveinn Steinars-son, forseti bæjarstjórnar Ölfuss, þar sem til stendur að kanna notkun seyru til landgræðslu.

Bæjarstjórnin samþykkti í síðustu viku að hefja samningaviðræður við Landgræðslu ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um meðhöndlun og móttöku á seyru. Skoða á aðkomu fleiri sveitarfélaga í Árnassýslu að verkefninu.

„Blessuð seyran hverfur ekki af sjálfu sér,“ segir Sveinn Steinars-son. „Það þarf að finna henni farveg og nú eru menn að horfa til þess að nota hana við landbætur.“

Sveinn undirstrikar að verkefnið sé á frumstigum hvað varði Ölfus. Rætt er um svæði Landgræðslunnar norðan og vestan við Þorlákshöfn. „Við höfum svo sem næg landsvæði sem þarf að græða upp, það er ekki málið. Það þarf að finna stað sem er heppilegur og sátt getur orðið um.“

Seyra fellur til í sívaxandi mæli, meðal annars vegna aukins fjölda sumarhúsa sem rotþrær standa við. Sveitarfélagið losar 250 til 270 rotþrær og það mun skila um níu tonnum af þurrefni. Að sögn Sveins snýst verkefnið í raun um að koma seyrunni fyrir í sátt við umhverfið.

„Það eru allir að tæma rotþrær einhvers staðar og það standa meira og minna öll sveitarfélög nú orðið frammi fyrir þeirri spurningu hvað gera eigi við seyruna. Sorpa er, að því er mér skilst, hætt að taka við þessu og þá verða menn að finna út úr því, sjálfir eða í samvinnu við aðra,“ segir Sveinn sem, eins og fram kemur hér í upphafi, undirstrikar að ekki eigi að sprauta



Á MYRDALSSANDI Næg verkefni eru í uppgræðslu víða um land. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Pað væri ógeðslegt ef það væri gert og það stendur ekki til.

Sveinn Steinarsson, forseti bæjarstjórnar Ölfuss.

seyru nánast beint úr rotþróum salerna yfir landið.

„Það væri ógeðslegt ef það væri gert og það stendur ekki til,“ ítrekar Sveinn. Seyran sem ekki er blönduð kalki verður sett ofan í plægða jörð. „Menn eru bara að þróa leiðir til að nýta þetta, láta hringrásina virka og græða landið með frábærum áburði.“

gar@frettabladid.is

Tilraunaverkefni Landgræðslunnar




„Það er sóun á dýrmætri auðlind að nýta ekki lífrænan úrgang, hverju nafni sem hann nefnist, sem áburð til landgræðslu,“ segir á vef Landgræðslu Íslands. Nota mætti „vandamálaúrgang“ eins og seyru, svínaskít og molta í miklu meiri mæli til áburðar eða íblöndunar í jarðveg á uppgræðslusvæðum. „Væri það hvort tveggja í senn, uppgræðsla og vistvæn förgun á úrganginum.“

Þá kemur fram að Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, hafi nýlega veitt Landgræðslunni styrk svo stofnunin geti fundið hagkvæmar leiðir til að koma úrgangsefnum í nýtanlegt form. Haft er eftir Magnúsi H. Jóhannssyni, sviðsstjóra Þróunarsviðs Landgræðslunnar, að lífrænn úrgangur sé „auðlind á villigötum“.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



KÓLNANDI VEÐUR á landinu næstu daga með eljagangi um sunnan- og vestanvert landið en yfirleitt úrkomulítið norðaustanlands. Heldur rólegri suðvestanátt á morgun en gengur seint í skammvinnna norðanátt með eljum fyrir norðan.

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

15% afsláttur af Nicorette QuickMist af öllum pakkningastærðum

Gildir til 7. desember 2014

Lyf & heilsa



FORSALA

Allar jólabækurnar í einum smelli

Vinsælasti sakamálahöfundurinn

Camilla Lackberg hefur notið fádæma vinsælda með sakamálasögum sínum um lögreglumanninn Patrik Hedström og rithöfundinn Ericu Falck. Bækur hennar hafa selst í meira en tólf milljóna eintaka í fimmtíu löndum og hún er einn fremsti sakamálahöfundur í Evrópu. Ljónatemjarinn er níunda bókin í bókaflöknum vinsæla um Fjallbacka.

Bókin kemur í verslanir á morgun, fimmtudag en Heimkaup.is er með forsölu á bókinni. Pantaðu hana í dag fyrir kl.17 og fáðu hana senda heim að dyrum í kvöld.

verð nú **2.799,-**



Camilla Lackberg



Allar barnabækur á afslætti til miðnættis



verð nú **3.199,-**



verð nú **2.774,-**



verð nú **2.999,-**



verð nú **2.924,-**



verð nú **2.242,-**



verð nú **3.432,-**



verð nú **2.392,-**




verð nú **2.842,-**




verð nú **2.392,-**



verð nú **2.242,-**



verð nú **2.992,-**




verð nú **2.872,-**



11.500
vöru-
tegundir



Frí
heim-
sending★



Gildir 3. des. á meðan birgðir endast.

Meirihluti Íslendinga verslar á netinu! Komdu í hóp tugþúsunda ánægðra viðskiptavina Heimkaup.is

Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

Hægt að greiða við afhendingu

Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

Vefverslunin sem selur allt

Við bjóðum nú þegar yfir 11.500 vörutegundir og yfir 100 bæstast við daglega. Við stefnum að því að selja allt!

★ **Frí heimsending** samdægurs

Pantaðu fyrir kl. 17⁰⁰ og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000,- eða meira.

Heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

HEIMKAUP

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað hafa margir kílómetrar af framræsluskurðum verið grafnir á Íslandi frá því um miðja síðustu öld?
2. Hvar er Karen Knútsdóttir atvinnumaður í handbolta?
3. Hvað heitir framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands?

SVÖR:

3. Margrét Steinharsdóttir.
1. 32 þúsund km. 2. Í Nice í Frakklandi.

Öryrkjabandalag Íslands gagnrýnir tillögu fjárlaganefndar um hækkun almannatryggingabóta: Áætluð hækkun sögð vera „dropi í hafið“

FÉLAGSMÁL Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ), gagnrýnir tillögu fjárlaganefndar Alþingis um að hækka almannatryggingabætur um þrjú prósent en ekki 3,5 líkt og til stóð. Þriðja umræða um málið fer fram á Alþingi í dag, á alþjóðlegum degi fatlaðs fólks.

„Okkur finnst að þessi tillaga hljóti að lýsa viðhorfi ríkisstjórnarinnar til fólks með skerta starfsgetu,“ segir Ellen. „Mér finnst þetta vera svona „prinsippmál,“ að láta sér detta í hug að hækka minna en til stóð.“

Grunnbætur almannatrygginga eru í dag 188 þúsund krónur á mánuði fyrir skatt. Ellen segir ÖBÍ vilja hækkun sem nemur um 25 þúsund krónum á mánuði hið minnsta en fyrirhuguð hækkun stjórnvalda á grunnbótum næmi tæplega sex þúsund krónum á mánuði.

„Þetta eru svo fáar krónur á mánuði,“ segir Ellen. „Þetta breytir ekki lífi fólks. En 3,5 er auðvitað skárna en þrjú prósent en það verður erfitt að hrópa brávó fyrir hækkun sem er bara dropi í hafið.“



ELLEN CALMON
Formaður ÖBÍ segir „kaldhæðnislegt“ að umræður fari fram um málið á degi fatlaðs fólks.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



PÓSTURINN Póstbíll tekur við af pósthúsinu í Sandgerði. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Póstþjónusta í Sandgerði hætt

SANDGERÐI Póst- og fjarskiptastofnun hefur samþykkt beiðni Íslandspósts um heimild til að loka pósthúsinu í Sandgerði frá og með næstu áramótum. Þess í stað mun pósthúsið sjá um að þjónusta íbúa bæjarfélagsins.

Allar sendingar munu fara frá pósthúsinu í Keflavík og er áætlað að fá fyrirtæki í bænum til að selja frímerki. Svipað fyrirkomulag sé á póstdreifingu á Flúðum, Stokkseyri, Hellissandi og Flateyri. Íbúar Sandgerðis eru tæplega 1.600 og 14 fyrirtæki eru á staðnum.

Arftaki ráðherra fundinn:

Carter tekur við af Hagel

WASHINGTON Ashton Carter er líklegur til að taka við af Chuck Hagel sem varnarmálaráðgjafi Bandaríkjanna en Hagel sagði af sér fyrir rúmri viku. Skipunin hefur þó enn ekki verið staðfest.



ASHTON CARTER

Carter, sem er menntaður í eðlisfræði og miðaldasögu, var nærstráðandi í Pentagon frá október 2011 til síðustu áramóta. Hann er ótull fræðimaður. Eftir hann liggja 11 bækur og yfir 100 greinar um eðlisfræði, tækni, þjóðaröryggi og stjórnun.

Frjáls félagasamtök eru á móti náttúrupassaleiðinni

Landvernd og 4x4 gagnrýna hugmyndir um náttúrupassa. Telja félögin að lög um frjálsa för ferðamanna um landið eigi að virða. „Að okkar mati kemur þetta ekki til greina,“ segir Sveinbjörn Halldórsson, formaður 4x4.

FERÐAÞJÓNUSTA Ferðaklúbburinn 4x4 og Landvernd mótmæla harðlega fyrirhuguðum áformum Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, að gefa út náttúrupassa í þeim tilgangi að auka tekjur af ferðaþjónustu á Íslandi. Telja bæði Landvernd og Ferðaklúbburinn passann vera aðför að ferðafrelsi á Íslandi.

Frumvarpið hefur verið kynnt í ríkisstjórn og mun koma til umfjöllunar Alþingis á vorþingi. Um er að ræða heildstætt kerfi sem hefur það að markmiði fyrst og síðast að vernda náttúruna, tryggja fjármögnun til verndunar og viðhalds og til öryggis ferðamanna.

Stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar hefur einnig gagnrýnt þá leið sem er farin í þessum efnum og telur aðrar leiðir heppilegri til að ná sama markmiði.

„Frá því lög voru sett í þessu landi hafa einstaklingar getað farið um íslenskt land og mönnum frjálst að ferðast um landið. Nú er því frelsi, og almannarétti landsmanna, stefnt í voða. Að okkar mati kemur þetta ekki til greina,“ segir Sveinbjörn Halldórsson, formaður ferðaklúbbsins 4x4.

Sveinbjörn telur einnig að þessi hugmynd um náttúrupassa sé illa ígrunduð og muni á endanum skaða íslenska ferðaþjónustu. „Við teljum að þetta muni skaða ferðaþjónustuna á endanum. Því er enn ósvarað hvernig þessu verður háttað og hvernig þetta verður útfært. Til að mynda byggði félagið skála uppi



FRÁ REYKJAHLIÐ
Enn verður hægt að rukka inn á lönd í einkaeygu, samhliða lögum um náttúrupassa.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

í Setbergi og við munum þurfa að borga náttúrupassa til að fá að fara í skálann okkar.“

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar, telur einnig að hugmyndin um náttúrupassa sé neikvæð fyrir ferðaþjónustu í landinu og minnir á almannarétt landsmanna. „Það eru aðrar færari leiðir í þessum málum. Við erum sammála um að það þurfi að byggja upp fjölsóttu ferðamannastaði og til þess þurfi fjármagn. Hins vegar höfum við bent á að gjald á gistinætur sé heppilegri kostur fyrir ferðaþjónustuna í landinu. Það er kerfi



„Það eru aðrar færari leiðir í þessum málum. Við erum sammála um að það þurfi að byggja upp fjölsóttu ferðamannastaði og til þess þurfi fjármagn. Hins vegar höfum við bent á að gjald á gistinætur er heppilegri kostur fyrir ferðaþjónustuna í landinu.“

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar.

sem er nú þegar til og auðvelt að hrinda í framkvæmd. Þessi leið sem er boðuð núna gæti reynst kostnaðarsöm. Við teljum þetta skaða ímynd ferðaþjónustunnar. Ef hugsunin er sú að vera með

gæslu og kanna hvort ferðamenn hafi keypt passann getur það haft áhrif á upplifun ferðamanna af landinu. Einnig verður að virða almannarétt íbúa landsins.“

sveinn@frettabladid.is

Jeppadekk

Jeppinn stendur ekki undir nafni nema hann sé vel dekkjaður. Ef þú vilt nýta til fullnustu orku, aksturseiginleika og öryggi jeppans, skiptir sköpum að velja dekk við hæfi.

driven to perform

TAKE CONTROL

Sérfræðingar í bilum

Bilabúð Benna dekkþjónusta

Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045
Þjónustuborð: 590 2000

Reykjavík
Reykjanesbæ

Þjónustusími: 561 4200

Reykjavík • Fiskilóð 30
Reykjavík • Grjótháls 10
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9

KitchenAid HRÆRIVÉL + BÖKUNARSETT KitchenAid



LITUD
Fjöldi lita
Settið inniheldur
5 vönduð og
viðloðunarfrí
KitchenAid
bökunarform.



FULLT VERD ... 107.980
(Hrærivél 87.990 + bökunarsett 19.990)
TILBODSVERD .. 87.990



FULLT VERD 104.980
(Hrærivél 84.990 + bökunarsett 19.990)
TILBODSVERD ... 84.990



VERD 9.995

**GRUNWERG
HNÍFAPARASETT**



VERD 9.995

PRESSUKANNA



8 BOLLA
KRÓM

VERD 6.995

HAMBORGARAPRESSA

EINNIG
FYRIR FYLLTA
HAMBORGARA



VERD ÁÐUR..... 2.495
JÓLATILBOD 1.995

JÓLABÚÐIN ÞÍN


byggto og búið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS



BABYLISS
HÁRBLÁSARI
2000W

VERD ÁÐUR... 10.995
JÓLATILBOD 7.995



ÍSLENSKA
PÖNNNUKÖKU
PANNAN

VERD 9.995

KAI PURE KOMACHI 2

Hágæða hnífalína frá
KAI í Japan. KAI hefur
framleitt hnífa í yfir
100 ár. Pure Komachi
2 hnífarnir eru með
litaðri „non-stick“ húð.



VERD FRÁ 2.995 TIL 4.499

**FISSLER PARIS
POTTASETT**



Fissler gæði

VERD ... 24.995

**GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD**

ALDREI
VERIÐ LÉTTARA
AÐ SLÉTTA ÚR
FLÍKUM

VERD ÁÐUR.... 9.995
JÓLATILBOD ... 7.995

FRANCIS FRANCIS X7 ESPRESSO KAFFIVÉL



20%

VERD ÁÐUR... 36.900
TILBOD 29.900

**KAUPAUKI
FYLGIR**



**SCHOU
GRÆN
METIS
SKERI**



SPIROMAT

VERD 6.995



**TRISTAR
VÖFFLUJÁRN**

EKTA
BELGÍSKAR

VERD ÁÐUR.... 9.995
JÓLATILBOD ... 5.995

KENWOOD

**MAT
VINNSLU
VÉL**

Sú vinsælasta



VERD... 19.995

**ARIETE
PIZZAOFN**

Ekta pizza
á örfáum
mínútum!



VERD... 14.995

**DELONGHI
MÍNÚTUGRILL**



VERD... 14.995

**EXIDO
BLANDARI
700W**

ÖFLUGUR
MYLUR KLAKA



VERD ÁÐUR... 9.995
JÓLATILBOD .. 7.995



HÖFUM OPNAÐ NÝJA GJAFAVÖRUEILD



eva solo

KitchenAid



byggto og búið

Kaup á Grímsstöðum: Óljós tilgangur og engin rök

STJÓRN MÁL „Bæjarráð telur engin rök liggja til þess að íslenska ríkið kaupi upp jarðir í óljósum tilgangi,“ segir bæjarráð Fljótsdalshéraðs í umsögn þingsályktunartillögu Vinstri grænna um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum.

Eins og kunnugt er hefur kínverski auðmaðurinn Huang Nubo áformað að kaupa eða leigja Grímsstaði og byggja þar ferðamannastað.

-gar

Ný skýrsla sýnir að nothæfisstuðull Reykjavíkurflugvallar væri 97% þótt flugbraut 06/24 væri lokað: Stæðist áfram kröfur án neyðarbrautar

SKIPULAGSMÁL Nothæfisstuðull Reykjavíkurflugvallar án flugbrautar 06/24, sem oft er kölluð „neyðarbrautin“, væri 97,0 prósent samkvæmt annarri tveggja skýrslu sem Verkfræðistofan EFLA vann fyrir Isavia. Þetta er hærra hlutfall en áður var talið.

Mikið hefur verið deilt um gildi neyðarbrautarinnar að undanfögnu vegna byggingaráforma Reykjavíkurborgar á Hlíðarendasvæðinu, sem gætu haft í för með sér að loka þyrfti brautinni. Ött-

ast sumir að öryggi sjúkraflugs til vallarins yrði skert, væri brautinni lokað.

Í nýju skýrslunum, sem Isavia óskaði eftir í kjölfar athugasemda Samgöngustofu við áhættumat Isavia, kemur hins vegar fram að nothæfisstuðull Reykjavíkurflugvallar stenst áfram alþjóðlegar kröfur án neyðarbrautarinnar. Nothæfisstuðull vallarins er nú 99,4 prósent en Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) miðar við að

nothæfisstuðull flugvallar fari ekki undir 95 prósent.

Fréttablaðið greindi frá því í síðasta mánuði að lendingar á neyðarbrautinni síðastliðin sjö ár næmu aðeins 0,62 prósentum allra lendinga á Reykjavíkurflugvelli.

Í tilkynningu frá Isavia eru nýju skýrslurnar sagðar þær umfangsmestu sem gerðar hafa verið um notkun Reykjavíkurflugvallar. Notuð hafi verið umfangsmeiri og nákvæmari gögn en í fyrri skýrslum.

-há



REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR Mikið hefur verið deilt um gildi neyðarbrautarinnar svokölluðu að undanfögnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki úr þróunarfjárframlagi til hrossaræktar.

Markmið styrkveitinganna er að efla markaðssókn og ræktun íslenska hestsins og fylgja þannig eftir árangri þeim er náðst hefur í aukinni fagmennsku í hrossarækt og þjálfun íslenska hestsins.

Styrkhæf eru hvers konar verkefni er lúta að:

- Kynbótum hrossa, föðrun þeirra eða meðferð.
- Tamningum og þjálfun hrossa sem stuðla að auknum árangri og ávinningi.
- Markaðs-, kynningar- og nýsköpunarstarfi.

Lögð er megin áhersla á að styrkja átaks- og nýsköpunarverkefni sem geta orðið sjálfbær eftir að þróunartímabili þeirra lýkur, útgáfu- og kynningarstarfsemi og hagnýtar rannsóknir. Sjóðurinn hefur til ráðstöfunar 5,7 milljónir króna.

Umsóknir skulu berast ráðuneytinu eigi síðar en **17. desember 2014**. Í umsóknum skal gerð skýr grein fyrir verkefninu sem í hlut á, markmiði þess, framkvæmdaáætlun og ávinningi. Hverri umsókn skal fylgja greinargóð kostnaðaráætlun.

Póstfang:

Þróunarfjárnafnd hrossaræktarinnar
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu
Skúlagötu 4, 150 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir:

Torfi Jóhannesson í síma 545 9700,
netfang: torfi.johannesson@anr.is

Flytja lögheimili og greiða lægri skatta

Skorradalshreppur leggur á lögsta útsvar á landinu. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að einstaklingar séu með lögheimili í hreppnum en búi á höfuðborgarsvæðinu og njóti þannig lægri skatta. Oddviti hreppsins segir muna um þetta ef launin eru há.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Skorradalshreppur leggur á lögsta útsvarið á landinu og sækja einstaklingar í að færa lögheimili sitt í hreppinn þó þeir búi ekki þar að staðaldri. Skráðir íbúar eru 58 talsins og að mati oddvita hreppsins yrði það akkur fyrir hreppinn ef hægt væri að flytja lögheimili í frístundahús í hreppnum.

Útsvarshlutfallið sem Skorradalshreppur leggur á íbúa sína er 12,44 prósent. Flest sveitarfélög leggja á hámarksútsvar sem er 14,52 prósent. Þetta misræmi getur þar af leiðandi búið til hvata fyrir einstaklinga til að færa lögheimili sitt í sveitarfélagið og fá þar af leiðandi hærri laun á mánuði. Undir þetta tekur oddviti Skorradalshrepps, Árni Hjörleifsson.

Fréttablaðið hefur fyrir því heimildir að hluti þeirra, sem eru með lögheimili í Skorradalshreppi, sé ekki með búsetu á svæðinu heldur nýti sér lágt útsvar hreppsins. Fréttablaðið sagði í gær frá gagnrýni á frumvarp um að afnema lágmarksútsvar sveitarfélaga og bent væri á að það gæti ýtt undir þá þróun að skattaparadísir verði til á landinu.

„Hér í Skorradalshreppi eru um 60 skráðir íbúar, það er svo sem teygjanlegt hvar fólk nákvæmlega sefur,“ segir Árni Hjörleifsson.

„Fólk hefur verið að fá að breyta sumarbústöðum í heilsársbústað til að fá að vera með lögheimili í hreppnum, síðan á það lítið afdrep í bænum. Þetta er að verða svölitið ríkjandi. Við þurfum hins vegar að breyta deiliskipulagi til þess að þetta geti orðið að veruleika.“



FRÁ SKORRADAL Skorradalshreppur leggur á það lágt útsvar að einstaklingar vilja nýta sér það til að njóta lægri skatta en gengur og gerist annars staðar. FRÉTTABLAÐIÐ/JS

Útsvarið hjá okkur er það lögsta á landinu,“ segir Árni.

Þegar Árni er spurður að því hvort það sé þá akkur fyrir einstaklinga að færa lögheimili til að njóta þessara skatta segir hann svo vera. „Ég held að það hljóti að vigta eitthvað. Maður heyrir það á höfuðborgarsvæðinu að það sé betra að búa hér en annars staðar. Fyrir suma skiptir þetta litlu máli en fyrir aðra sem eru með einhverjar tekjur að ráði þá vigtar þetta, annars er þetta ekki stórt mál fyrir aðra.“

Um 700 frístundahús eru í hreppnum en lögbýlin eru mun færri.

„Sumir bústaðirnir í hreppnum eru hátt í 200 fermetra hús sem eru eins og burðugustu hús í borginni. Einnig er svo lítið mál að skjótast

“Fyrir suma skiptir þetta litlu máli en fyrir aðra sem eru með einhverjar tekjur að ráði þá vigtar þetta, annars er þetta ekki stórt mál fyrir aðra.“

Árni Hjörleifsson,
oddviti Skorradalshrepps.

hingað eftir að Hvalfjarðargöng voru opnuð. Fólk vill náttúrulega vera með sína búsetu hér og smá aðstöðu í bænum. Ég reikna með að hreppsnefndin muni taka þetta alvarlega til skoðunar, að breyta skipulagi hreppsins til að gera fólki kleift að vera með heilsársbúsetu hér í hreppnum.“
sveinn@frettabladid.is



Bosch heimilistæki, stór og smá.

Úrval af falletgri gjafavöru. Nú á jólaverði.






BOSCH

- BÚÐIN -

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Jólatilboð!

Sturtuklefar



Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

Samtök kvenna af erlendum uppruna segja mikilvægt að horfa á menntun innflytjenda sem auðlind sem þurfi að nýta: Skýra þarf reglur og skilyrði vegna mats á námi

SAMFÉLAGSMÁL „Okkur finnst skrítið hversu erfitt er að fá menntunina metna en það eru margir sem lenda í vandræðum með þetta,“ segir Angelique Kelley sem situr í stjórn Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Fjallað hefur verið um málið í blaðinu síðustu daga.

Samtökin hafa meðal annars beitt sér fyrir því að hjálpa konum af erlendum uppruna að fá menntun sína viðurkennda. „Þetta er oft erfitt og getur tekið mjög langan tíma. Okkur finnst þetta skrítið af því Ísland er að missa af tækifæri til þess að nota menntun og þekkingu þessa fólks. Við myndum

vilja að þetta yrði skoðað betur og reynt að einfalda þetta. Það væri gott að fá svör við því af hverju þetta er svona. Það myndi hjálpa mörgum,“ segir Angelique. Sjálf nam hún snyrtifræði í Bandaríkjunum en getur ekki starfað sem slíkur hér nema bæta við menntun sína.

Samtökin hafa bent á að skýrari reglur vanti um það hvernig menntun sé metin og hvaða skilyrði umsækjendur þurfi að uppfylla. Fólk fái oft ekki útskýringu á því af hverju menntun þess sé ekki metin og gefist þá upp og fari að vinna við annað en það sem það er menntað til. „Viðhorfið þarf að breyt-

ast, líka meðal stofnana og atvinnuveitenda og það þarf að byrja að horfa á menntun innflytjenda, sem og á menntun almennt, sem auðlind og allar auðlindir þarf að nýta skynsamlega,“ segir Anna Katarzyna Wozniczka, formaður samtakanna. „Það mætti líka endurskoða íslenskukennslu, og þá sérstaklega kennslu á háskólastigi og tengja hana frekar við mismunandi deildir, hafa hana hagnýta til dæmis. Ef það eina sem vantar hjá erlendum læknum er tungumálið, þá ætti að bjóða upp á íslenskunámskeið við lækna-deild. Þetta er fjárfesting sem myndi nýttast öllum,“ segir Anna.



ANNA OG ANGELIQUE Samtök kvenna af erlendum uppruna telja að margt þurfi að bæta.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HEAD

Brettapakkar verð frá kr. 59.995,-

EVEREST

FERDA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁÐGJAF



HÆTTU VIÐ FRAMKVÆMDIR Framkvæmdir við lagningu gasleiðslunnar voru kynntar með táknrænni viðhöfn fyrir rúmu ári.

NORDICPHOTOS/AFF

Rússland stefnir í efnahagskreppu

Rússar hafa blásið af framkvæmdir við nýja gasleiðslu suður fyrir Úkraínu, til að veita gasi frá Rússlandi til Evrópu. Gengi rúblunnar hefur sigið um 40 prósent frá áramótum, en olíuverð í heiminum hefur lækkað um fjórðung síðan í sumar.

RÚSSLAND Rússar hafa ákveðið að hætta við lagningu gasleiðslu frá Rússlandi til Evrópu, suður fyrir Úkraínu. Bæði illvíg efnahagsvand-ræði og refsiaðgerðir Evrópusambandsins eiga sinn þátt í því.

Vladímír Pútín forseti skýrði frá því á mánudagskvöld að líklega yrði hætt við þessi áform. Hann hafði varla sleppt orðinu þegar Alexej Miller, forstjóri rússneska orkufyrirtækisins Gasprom, sagði að þau hefðu nú verið blásin af.

Rússar eru farnir að finna töluvert fyrir efnahagsferfiðleikum, sem að stórum hluta virðist mega rekja annars vegar til almennrar verðlækkunar á olíu í heiminum, hins vegar til Úkraínustríðsins og refsiaðgerða Vesturlanda.

Gengi rússnesku rúblunnar hefur lækkað um rúmlega 40 prósent síðan í janúar, og féll síðan hratt á mánudaginn. Olíuverð hefur lækkað um 25 prósent síðan í sumar, en útflutningur á olíu er meginuppi-

staðan í efnahagslífi Rússlands. Rússar sjálfir reikna með efnahagskreppu á næsta ári.

Reyndar kemur gengisfall rúblunnar sér ekki að öllu leyti illa fyrir ríkissjóð Rússlands, því það mildar áhrifin af verðlækkun olíunnar. Rússar fá að vísu færri dali fyrir olíutunnuna, en í staðinn fá þeir fyrir hvern dal fleiri rúblur í ríkiskassann, og eiga þar með auðveldara með að standa undir reglulegum ríkisútgjöldum en annars hefði orðið.

Þetta hefur þýska tímaritið Der Spiegel eftir Chris Wafer, sem er sérfræðingur í rússneskum efnahagsmálum.

Framkvæmdum við olíuleiðsluna suður fyrir Úkraínu átti að ljúka árið 2016. Áformin voru kynnt árið 2012 og framkvæmdir hófust nú í sumar, en nú er ljóst að ekkert verður af þeim – í bili að minnsta kosti.

Leiðslan átti að verða nærri 2.400 kílómetra löng, kosta 16 milljarða

16 milljörðum evra, tæplega 2.500 milljörðum króna, átti að verja til lagningar gasleiðslu suður fyrir Úkraínu.

evra og flytja nægilegt gas handa 38 milljónum heimila í Evrópulöndum. Tilgangurinn var meðal annars sá að losna við Úkraínu sem milli-lið, vegna langvarandi ágreinings stjórnvalda þar við Rússa.

Talið er að Rússar hafi þegar lagt jafnvirði nærri fjögurra milljarða evra í fjárfestinguna. Auk þess hafa fyrirtæki í löndunum, sem leiðslan átti að liggja um, þegar lagt í töluverða fjárfestingu í samvinnu við Gasprom.

Gasleiðslan átti að liggja frá austurströnd Svartahafs og þaðan yfir hafið til Búlgaríu, áfram í gegnum Ungverjaland og Slóveníu allt til landamæraborgarinnar Tarviso á Ítalíu.

gudsteinn@frettabladid.is



Lifð heil

www.lyfja.is

Gleðilegar gjafir í alla pakka

Lyfja hefur að bjóða gjafavöru í úrvali fyrir alla fjölskylduna.

Hjá okkur færðu fallegar gjafir sem koma sér ávallt vel.

Hver sem árstíðin er þá höfum við alltaf sama takmark:

Við stefnum að vellíðan.



Mundu eftir jólahandbók Lyfju



Lágmúla
Laugavegi
Nýbýlavegi

Smáralind
Smáratorgi
Borgarnesi

Grundarfirði
Stykkishólmi
Búardal

Patreksfirði
Ísafirði
Blönduósi

Hvammstanga
Skagaströnd
Sauðárkróki

Húsavík
Pórhöfn
Egilsstöðum

Seyðisfirði
Neskaupstað
Eskifirði

Reyðarfirði
Höfn
Laugarási

Selfossi
Grindavík
Keflavík



Takk fyrir okkur

Íslandsbanki valinn banki ársins

The Banker, eitt víðlesnasta fjármálatímarit í heimi, hefur valið Íslandsbanka sem **banka ársins á Íslandi 2014**. Starfsfólkið er stolt af þessari mikilvægu viðurkenningu.

Stefna bankans er að þróa þjónustuna enn frekar, einfalda starfsemina í þágu viðskiptavinnanna og stunda ábyrga bankastarfsemi sem byggir á heilbrigðum viðskiptaháttum og traustum rekstri.

Auk þessarar viðurkenningar frá **The Banker** og viðurkenninga frá **Euromoney** fyrr á þessu ári eru viðskiptavinir Íslandsbanka þeir ánægðustu í bankakerfinu samkvæmt **Ánægjuvuginni**. Þessar viðurkenningar hvetja okkur til að halda áfram á sömu braut. Takk fyrir okkur!

JARÐEYÐING: HIÐ GLEYMDA UMHVERFISVERNDARMÁL



ROFABARÐ Myndin er tekin í austurafretti í Mývatnssveit, en það er Andrés Arnalds, fagmálstjóri Landgræðslunnar, sem hér rennir sér fót-skríðu niður barðið sem er skólabókardæmi um stöðuna víða um land.

Sól

sumar & skíði

Flugsæti

Aðra leið m/sköttum á primeraair.com

Alicante

Frá kr. 14.990

Barcelona

Frá kr. 14.900

Bodrum

Frá kr. 29.990

Bologna

Frá kr. 19.990

Krít

Frá kr. 29.990

Las Palmas

Frá kr. 24.900

Malaga

Frá kr. 19.900

Mallorca

Frá kr. 24.990

Salzburg

Frá kr. 14.990

Tenerife

Frá kr. 19.990



Græða þyrfti upp meira en milljón hektara landsvæði

Hagstætt veðurfar undanfarinna ára ræður því að jarðvegseyðingu er haldið í skefjum. Vinna við endurheimt gróðurlendis er hins vegar í mýflugumynd. Yfir milljón hektara lands utan hálandisins þarf að klæða að nýju.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



„Umræðan um að stöðva jarðvegs-eyðinguna og að græða upp örfoka land hvarf í virkjanadeilunna, sem yfirskyggðu þetta dapra ástand landsins. Það er reyndar staðan enn í dag,“ segir Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, spurður hverju það sæti að eitt stærsta umhverfismál þjóðarinnar hefur nær alveg fallið út úr þjóðfélags-umræðunni. Hann staðfestir að á síðasta áratug hafi tekist að halda í horfinu – en það sé frekar hagstæðum veðurskilyrðum að þakka en mannanna verkum. „Landsmenn skulda íslenski náttúru að stöðva jarðvegseyðinguna og endurheimta horfna landkosti. Við höfum líka undirritað ótal alþjóðlega samninga á þessu sviði og verðum að standa við þá.“

Milljón hektarar

Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðgjafi, hefur ákveðið að hefja vinnu við frumvarp að nýjum lögum um landgræðslu. Núgildandi lög voru staðfest í apríl 1965, og því löngu tímabært að endurskoða þau. Miðað er við að frumvarp til nýrra laga verði lagt fyrir næsta haustþing. Eins og landgræðslustjóri bendir á er það löngu tímabært.

Sveinn segir, þrátt fyrir að gróðurfar á láglandi hafi styrkst með betri tíð, að ekki verði litið framhjá því að heildarúttekt Landgræðslunnar á gróðurfari landsins, svokallaðar héraðsáætlanir, sýni að græða þyrfti upp rúma milljón hektara lands [10.000 ferkílómetra] neðan 500 metra hæðarlínunnar, en almennt er ekki hugsað um landgræðslu ofan þeirrar línu.

„Af þessari milljón er mjög brýnt að ráðast í að græða 500.000 hektara, en árlega höfum við Íslendingar verið að vinna í landgræðslu á um 12.500 hekturum lands, og er þá allt talið. Þetta er grófa staðan í dag, og hvort það er jöfnuður í því sem grætt er upp og eyðist árlega vitum við hreinlega ekki. En við höfum sagt að í þessu góða tíðar-

fari þá séum við með vinninginn á móti eyðingaröflunum. Það þarf hins vegar ekki að kólna mikið aftur til þess að sú staða snúist við, og því verðum við að vinna hraðar og vinna okkur í haginn,“ segir Sveinn og bætir við að ef aðstæður eins og voru á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar endurtaki sig þá „færum við verulega hallloka í þeirri baráttu. Við verðum því að leggjast mun þyngra á árárnar ef við eigum að vinna upp það sem glatast hefur á síðustu öldum.“

Niðurskurður og markmið

Sveinn bindur miklar vonir við yfirlýst áform ráðherra, sem í frumvarpi til fjárlaga fékk fjármagn til að hefja aðgerðir í loftslagsmálum; draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og binda kolefni með landgræðslu og skógrækt. Þetta er í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem segir að Ísland hafi sérstöðu í umhverfismálum í krafti ósnortinnar náttúru og sjálfbærrar nýtingar endurnýjanlegra auðlinda. Sú ímynd sé auðlind í sjálfri sér og „unnið verður að því að styrkja þá ímynd og grundvöll hennar, að vernda íslenska náttúru og efla landgræðslu og skógrækt þar sem það á við.“ Sveinn segir að sterkt sé til orða tekið í stjórnarsáttmálanum og hann verði var við að ráðherra vilji standa við þau orð, og hafi hljómgrunn til þess.


Engu að síður, og þvert á þetta yfirlýsta markmið, er það staðreynd að framlög til Landgræðslunnar eru skert í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisfjármálum.



„Af þessari milljón er mjög brýnt að ráðast í að græða 500.000 hektara, en árlega höfum við Íslendingar verið að vinna í landgræðslu á um 12.500 hekturum lands, og er þá allt talið.“

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri.

JARÐVEGSROF ER STAÐREYND Á 40% LANDS



→ Þriðjungur landsins er fokin á haf út

Frumvarpsvinnan sem framundan er byggist m.a. á vinnu nefndar sem starfaði á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og skilaði greinargerð í júní 2012; Tillögur að inntaki nýrra laga um landgræðslu.

- Í greinargerðinni er m.a. lagt til að tilgangur laganna skuli vera „að vernda, endurheimta og auka þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í jarðvegi og gróðri landsins og stuðla að sjálfbærri vernd og nýtingu þeirra. Jafnframt að vistkerfi landsins geti veitt samfélaginu fjölbreytta þjónustu.“
- Við lestur greinargerðarinnar kemur í ljós hversu risavaxið verkefnið er. Þar er vitnað til heildarúttektar á jarðvegsrofi á Íslandi sem lauk árið 1997. Niðurstöður hennar sýndu umtalsvert eða alvarlegt jarðvegsrof á 40% landsins, eða 52% landsins þegar hæstu fjöll, jöklar, ár og vötn eru undanskilin.
- Sveinn segir að þessi staða sé óbreytt frá þeim tíma, en í greinargerðinni segir einnig að líklegt sé að um helmingur þeirrar gróðurhulu sem hér var um landnám hafi glatast. „Samsetning þess gróðurs sem eftir stendur einkennist mjög af landhnignun, með mikilli útbreiðslu tegunda sem verjast vel búfjárbætt eða einkenna röskuð svæði,“ segir þar.
- Samkvæmt gögnum Nyttjaland, gagnagrunns Landbúnaðarháskóla Íslands, má áætla að umfang þessarar landhnignunar gæti verið meira en 30.000 ferkílómetrar, sem þýðir að um 30% landsins eru fokin á haf út.
- Allt frá landnámi hefur búfjárbætt, í samspili við veðurfarssveiflur og tíð eldgos, verið megináhrifavaldur um ástand vistkerfa hér á landi. Beitin hefur m.a. haft mikil áhrif á tegundasamsetningu gróðurs, viðnám gegn áföllum og getu vistkerfa til að endurnýja sig eftir náttúruleg áföll. Búfjárbætt telst sjálfbær ef hvorki er gengið á gróður né jarðveg, heldur sé vistkerfið í jafnvægi eða framför.

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TILBOÐ

TOPTUL®



16.900 m/vsk

3.900 m/vsk

2.900 m/vsk

14.900 m/vsk

4.900 m/vsk

8.900 m/vsk

TOPPLYKLASETT 20 STK

1/2" toppar
Skrall 36 tanna
Stærðir 8 - 32mm
Flott sem áfylling í sett



6.900 m/vsk

Okkar besta verð



TOPPLYKLASETT 22 STK

3/8" 6 - 22mm
Skrall
Framlengingar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2202

6.900 m/vsk

Fullt verð 9.600



TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

14.900 m/vsk

Fullt verð 25.231



VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lykjar, skruvírn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska



21.900 m/vsk

Fullt verð 37.200



VERKFÆRASETT 106 STK

Toppar 1/4 - 1/2" 4 - 32 mm
Fastir lykjar 6 - 22mm
Kertatoppar, bitasett og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI106B

18.900 m/vsk

Fullt verð 28.396



7 SKÜFFUR

SÁ VINSÆLI


283 verkfæri 179.900 m/vsk



7 SKÜFFUR

PRO PLUS SERIA

282 verkfæri 199.900 m/vsk



8 SKÜFFUR

SÁ RISASTÓRI

360 verkfæri 289.900 m/vsk



www.sindri.is / sími 575 0000

Víðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

KENNSLA FANGA



43%

fanga eru í námi

180 manns afplána dóma í fangelsum ríkisins. Hluti þeirra fanga sem stunda nám hefur ekki aðgang að námsráðgjöf.

7

fangar eru í háskólanámi

Þrátt fyrir að staða íslenskra fanga einkennist af lélegum grunni þá fara hlutfallslega flestir fanga á Íslandi í háskólanám miðað við Norðurlönd.

77

fangar eru innritaðir í nám

Námsráðgjafi metur þarfir fanga. Nám er öflug betrun eins og rannsóknir hafa leitt í ljós. Fjárskortur hefur hamlað föngum í námi.

10%

aukin aðsókn á milli ára

Íslenskir fangar skera sig úr á Norðurlöndum og hafa meiri áhuga á námi. Inga Guðrún Kristjánsdóttir telur tækifæri í viðhorfi fanga.

64

eru skráðir í nám á vegum FSU

Ingi Ingason er kennslustjóri á Litla-Hrauni og á Sogni og hefur náð góðum árangri. Nám í FSU er vinsælt meðal fanga sem óska þó eftir meiri áherslu á verknám.

9

nemendur stunduðu fjarnám frá Akureyri

Guðmundur Ingi Þóróddsson er í afpláun í fangelsinu á Akureyri og stundar fjarnám við Verslunarskóla Íslands. Hann segir fanga þurfa að kaupa eigin skólabækur sem sé í trássi við lög.

Mismunað í námi vegna fjárskorts

Föngum er mismunað hvað varðar lögbundinn rétt þeirra til náms eftir því hvar þeir afplána og niðurskurður í námsráðgjöf hefur slæm áhrif á árangur þeirra í námi. Þá er mörgum fanga meinað um verknám sem þykir gefa þeim greiða leið aftur í samfélagið.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir

kristjanabjorg@frettabladid.is



„Við stöndumst ekki þær kröfur alþjóðasamfélagsins sem við höfum skuldbundið okkur til,“ segir Inga Guðrún Kristjánsdóttir, aðferðafræðikennari við Háskóla Íslands, um lögbundinn rétt fanga til náms.

Fjárskortur hefur valdið því að staða námsráðgjafa við Fjölbautaskóla Suðurlands er ekki fullmönnuð sem hefur mikil áhrif á nám fanganna að sögn Ingu Guðrúnar. Máli hennar til stuðnings má benda á að í skýrslu Ríkisendurskoðunar 2008 kom fram að námsárangur fanga hafði batnað töluvert á milli ára og var það rakið til starfs námsráðgjafa sem þá starfaði í fullri stöðu. Mælti Ríkisendurskoðun með því að hlúa að því fyrirkomulagi til frambúðar.

Dregur úr afbrotatíðni

Inga Guðrún fylgdi eftir átta föngum í námi á Litla-Hrauni í rannsókn sinni á vægi menntunar og fræðslustarfs í fangelsum. Á rannsókn sinni byggði hún meistararitgerðina „Nám er besta betrunin“ í uppeldis- og menntunarfræði árið 2010 sem er fyrsta eiginlega langtímarannsóknin á þessu sviði.

„Rannsóknir sýna fram á að þeir fangar sem leggja stund á nám eru ólíklegri en aðrir fangar til að lenda aftur í afpláun. Menntun er mikilvægur liður í



SKORTUR Á ÚRRÆÐUM
Mikill skortur er á verknámi sem gagnast föngum vel þegar komið er út í samfélagið eftir afpláun.

því að draga úr ítrekunartíðni afbrota,“ segir hún og vísar meðal annars í rannsókn Helga Gunnlaugssonar frá árinu 2007. Menntunarstaða íslenskra fanga er verri en annars staðar á Norðurlöndum og stærri hluti hefur átt erfitt uppdráttar í grunnskóla. Hins vegar er áhugi á menntun meðal fanga meiri hér en á Norðurlöndunum og í því felast tækifæri. Þá er einnig merkilegt að á Íslandi eru fleiri fangar hlutfallslega í háskólanámi. Það eru ýmsar ástæður fyrir því að námsráðgjafi er mikilvægur í námi fanga. Brotinn námsferill þeirra krefst greiningar og þarf að leita stuðnings fyrir þá fanga sem hafa ekki nauðsynlegar undirstöður úr grunnskóla.

Vantar námsskrá

Fyrir utan skerta námsráðgjöf nefnir Inga Guðrún að fangar sækist eftir að fá að fara í verknám, en fá almennt ekki. Námið

þyki of dýrt, þá sé aðgengi að námi ekki auðvelt í öllum fangelsum. Aðgengi að námi sé gott á Litla-Hrauni en verra í öðrum. Þá þurfi menntamálayfirvöld að semja námsskrá fyrir fanga. Námsskrá fyrir almenna nemendur henti ekki þessum hópi. Það eru önnur og fleiri markmið með námi fanga en almennra nemenda. Þessi hópur hefur orðið útundan,“ segir Inga Guðrún.

„Verknámið er það fyrsta sem var skorið niður eftir hrun. Því má ekki gleyma, að nám er lykill aftur út í samfélagið. Það veitir tækifæri sem dregur úr neikvæðum áhrifum þess að hafa verið fangi og að vera fyrrverandi fangi. Prófgráða er vegnasti og verknámið veitir fleiri og skilvirkari tækifæri fyrir fanga. Það opnar skýrari leiðir út í samfélagið.“

Föngum er lögbundinn réttur til náms (Lög um fullnustu refsinga nr.49/2005), sem þýðir að



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verknámið er það fyrsta sem var skorið niður eftir hrun. Því má ekki gleyma, að nám er lykill aftur út í samfélagið. Það veitir tækifæri sem dregur úr neikvæðum áhrifum þess að hafa verið fangi.

Inga Guðrún Kristjánsdóttir, aðferðafræðikennari við Háskóla Íslands

námsframboð skuli alltaf standa til boða. „Það er afar misjafnt á milli fangelsa hvernig staðið er að þessum rétti og hvernig aðgengi að námi birtist. Það þarf að bjóða

föngum sambærileg tækifæri til náms óháð því hvar þeir afplána. Þess vegna er mikilvægt að semja námsskrá þar sem skilgreint er að hverju skal stefnt.“

Segir fanga þurfa að kaupa skólabækur



GUÐMUNDUR INGI ÞÓRÓDDSSON, formaður Félags fanga

að nám sé betrun og gangi gegn gildandi lögum.

„Fangaverðirnir keyptu fyrir okkur skólabækurnar. Það varð allt brjálað í Fangelsismálastofnun og vörðunum var gert að draga kostnaðinn frá dagpeningum okkar,“ segir Guðmundur Ingi.

„Föngum er bæði mismunað eftir landshlutum og eftir kynferði. Konur í Kvinnafangelsinu í Kópavogi fá

til dæmis aðeins kennara til sín einu sinni í viku og geta ekki stundað fullt nám heldur kannski aðeins í einu fagi. Við fáum ekki kennslu hingað til okkar á Akureyri en hér er herbergi með tölvum og þannig getum við stundað fjarnám. Við erum þrír sem erum í fjarnámi hér á Akureyri og við þurfum að greiða allt sem viðkemur náminu. Á Litla-Hrauni fá fangar námsbækur og námsaðstoð.“

Guðmundur Ingi flosnaði upp úr framhaldsskóla, „Ég hef ekki verið í skóla í 20 ár fyrr en nú. Ég hef setið inni áður, með stóran dóm á bakinu. Þá var ég ekki í námi. Nú er ég í námi og með ákveðna framtíðarsýn, í framhaldinu langar mig að taka BA-próf í spænsku og seinna réttindi í löggiltri skjalapýðingu. Fangar geta ekki greitt fyrir fjarnám. Til þess hafa þeir ekki tekjur. Ég gæti ekki gert það með peningum úr fangelsinu. Ef ég hefði ekki fengið peninga utan að, þá hefði ég ekki átt kost á því að stunda nám. Ég hef ekki rétt á því að fara í háskóla fyrr en ég er búinn að sitja inni í fimm ár. Ég myndi hins vegar vilja nýta tímann betur. Best væri að ég gæti útskrifast í fangelsinu svo ég hafi veginasti þegar ég losna. Það hætta flestir sem ég þekki og hafa hug á háskólanámi, þeir hafa ekki efni á því.“

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka parið tíma

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

Rakarastofan Klapparstíg

S: 551 3010

Falleg jólatré

Gæðajólatré - sem endist ár eftir ár!

Þessi jólatré eru í hæsta gæðaflokki auk þess að vera mjög falleg og líkjast þannig raunverulegum trjám. Einföld samsetning.

- Ekkert barr að ryksuga
- Eldtraust
- EKKI ofnæmisvaldandi
- Engin vökvun
- 12 stærðir (60-500 cm)
- 10 ára ábyrgð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stálfótur fylgir

Fæst einnig í Hagkaupi Smáralind, Skeifunni og Garðabæ.

Skátarnir

Hraunbær 123 | s. 550 9800 | skatar.is

Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 09-18
Laugardagar kl. 11-18
Sunnudagar kl. 12-18

Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?

Algalif vinnur sterkt andoxunarefni úr örþörungum, svokallað astaxanthin, sem notað er í fæðubótaefni og vítamínblöndur. Mikill og vaxandi markaður er fyrir efnið og annar heimsframleiðslan hvergi nærri eftirspurn. Framleiðsla hófst í upphafi árs 2014 en fullum afköstum verður náð árið 2016.




hátekni- Hér verða störfín til

Líftæknifyrirtækið **Algalif** reisir nú 7.500 fermetra örþörungaverksmiðju á Ásbrú og bætist þar með í hóp fjölda framsækinna nýsköpunarfyrirtækja sem hafa komið sér fyrir á vaxtarsvæðinu við Keflavíkurlugvöll.

Það er ekki tilviljun að Algalif velur sér stað á Ásbrú. Tækifærin eru í pípunum í þessu stærsta tækniþorpi Íslands sem hefur byggst upp á skömmum tíma fyrir tilstilli öflugrar menntastofnunar, mikillar tækniþekkingar, blómstrandi mannlífs og nálægðar við ört stækkandi alþjóðaflugvöll.

Kadeco Próunarfélag Keflavíkurlugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is


ÁSBRÚ



Átökin um náttúrupassann eru rétt að hefjast:

Fólki verði frjálst að fara í berjamó

Það er ekki verið að banna fólki að fara í berjamó, eins og kom fram í grein í Fréttablaðinu í gær. Það verður á ákveðnum skilgreindum stöðum þar sem menn þurfa að gera skil á því hvort þeir séu með þennan náttúrupassa. Annars staðar er för frjáls. Á þeim stöðum þar sem krafist verður náttúrupassa er uppbygging fyrir hendi. Þar er fólk að ganga á göngustígum, njóta náttúrunnar í öryggi vegna þess að þar hafa verið framkvæmdir, það er með þeim rökum. –



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Þannig mælti Ragnheiður Elín Árnadóttir ferðamálaráðherra á Alþingi í gær, þegar hún og Árni Páll Arnason tókust á um fyrirhugaðan náttúrupassa.

Ráðherrans biður mikið verk. Stór hluti þess fólks sem starfar í ferðaþjónustunni er á móti passanum og stjórnarandstaðan er á móti og það sem meira er, ráðherrann upplýsti á þingi í gær að náttúrupassafrumvarpið stendur í Framsóknarflokki, eða það er þar enn til skoðunar. „Það er ánægjulegt að heyrna hér að þetta mál sé fast í þingflokki Framsóknarflokksins. Við skulum vona að það verði fast þar áfram og að framsóknarmenn standi vörð um rétt Íslendinga til frjálsrar umgengni um náttúruauðindir sem verið hefur í lögum frá því í Grágás. Nú treysti ég á þjóðmenningararf Framsóknarflokksins,“ sagði Árni Páll Arnason af þessu tilefni.

Umræðan um náttúrupassann hefur staðið lengi og á þeim tíma hefur stuðningur við þá leið farið minnkandi, fólk hefur stökkið af vagninum. Meðal fólks er mikil andstaða og margir Íslendingar geta ekki hugsað sér að þurfa að borga fyrir að skoða landið. Engum dylst að ástæða gjaldtökkunnar er aukin aðsókn erlendra ferðamanna til landsins. Af þeim sökum er mikið álag á landið og því þarf að gripa til kostnaðarsamra aðgerða.

Misjafnt er hvernig hver og einn sér framkvæmdina fyrir sér, en augljóst er að það þarf að vera eftirlit með hvaða ferðafólk hefur keypt náttúrupassa, keypt aðgang að náttúru Íslands og hverjir ekki. „... hvernig í ósköpunum getur þá ráðherrann komist að þeirri niðurstöðu að búa til nýja umgjörð lögregluríkis í kringum íslenskar náttúruperlur með tilheyrandi gaddavír og opinberu eftirliti?“ spurði Árni Páll á Alþingi.

Ragnheiður Elín sagðist ekki eiga hugmyndina um náttúrupassann. „Þetta er ekki hugmynd sem féll af himnum ofan heldur eru þetta hugmyndir sem menn hafa verið að ræða hér um alllangt skeið.“

Orðaskiptin á Alþingi í gær um náttúrupassann eru örugglega forsmekkurinn að því sem koma skal. Í samfélaginu eru mjög skiptar skoðanir um náttúrupassann og ekki síst á Alþingi. Fyrir stjórnarandstöðuna hentar málið einstaklega vel. Það er umdeilt, trúlega er þorri almennings á móti því og svo virðist sem sannfæring ráðherra fyrir málinu sé ekki svo mikil. Þrátt fyrir frumvarp um náttúrupassa er enn spurt hvort aðrar aðferðir hefðu ekki hentað betur, verið heppilegri.

„Með þessu er verið að leggja upp með það að réttur Íslendinga og annarra ferðamanna sem hingað koma verði sem ótakmarkaðastur og verði bundinn þannig að ekki sé verið að setja upp hlið og girðingar út um allar jarðir,“ sagði ráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efn blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

GEORG JENSEN
Jólaörinn 2014
Jólin 2014 Jólin 2014 Jólin 2014 Jólin 2014
KÚNIGÚND
Laugavegi | Kringlunni

FRÁ DEGI TIL DAGS

Strumur í áburðarverksmiðjuna

Hin óvænta afstaða meirihluta atvinnuveganefndar, um að færa marga virkjunarkosti úr biðflokki í nýtingarflokk, kom flestum á óvart og ekki síst umhverfisráðherranum, eins og kunnugt er af fréttum. Hann vissi lítið eða ekkert um áformin fyrr en hann las fréttir um þau. Framsóknarmennirnir þrír, sem skipa meirihluta nefndarinnar með sjálfstæðismönnum, höfðu ekki gert ráðherra eða þingflokki grein fyrir breytingunum. Einn þeirra er Þorsteinn Sæmundsson, sá sem leiðir hóp þingmanna sem vilja reisa áburðarverksmiðju í Þorlákshöfn. Kannski hefur Þorsteinn, með samþykki sínu í atvinnuveganefnd, verið að tryggja rafmagnsstraum í verksmiðjuna, þá sem á að kveikja vonir í hugum ungra Íslendinga.

Landamæri við Hvalfjarðargöng?

Bent er á að hugsanlega skorti ráðherra lagaheimild til að flytja Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar. Vitnað er í dóm Hæstaréttar um ólögmati flutnings Landmælinga til Akranes um árið. Nú er spurt hvort heimilt hafi verið að flytja Fiskistofu frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, eins og gert var fyrir ekki svo mörgum árum. Má flytja stofnanir frá Reykjavík en ekki frá öðrum byggðakjörnum?

Huginn Freyr Þorsteinnsson veltir þessu fyrir sér og segir: „Má flytja stofnun úr Reykjavík án lagabreytingar? Eða eru landamærin við Hvalfjarðargöng? Spyr sá sem ekki veit,“ spyr Huginn Freyr Þorsteinnsson á Facebook.



Bjarni Ben og útvarpsgjaldið

Ekki á að koma á óvart að útvarpsgjaldið verði lækkað og það renni síðan allt til RÚV. Fyrir því hefur Bjarni Benediktsson talað. Sumu fólk veitir ekki af minni lögum. „Útvarpsgjald mun lækka í tveimur skrefum með 250 milljóna króna tekjulækkun hvort ár 2015 og 2016, þ.e. samtals um 15%. Þetta er 15% lækkun á því gjaldi sem einstaklingar og lögaðilar greiða í útvarps-“

gjald. Þetta er bein skattalækkun,“ sagði Bjarni Benediktsson á Alþingi þegar hann talaði fyrir fjárlagafrumvarpi sínu 11. september síðastliðinn. sme@frettabladid.is



HALLDÓR



Heilbrigðiskerfið í forgang

HEILBRIGÐISMÁL



Karl Garðarsson þingmaður Framsóknarflokksins

Heilbrigðiskerfið okkar er ein mikilvægasta grunnstöð samfélagsins. Við erum öll sammála um það að niðurskurður síðari ára var alltof mikill og gekk nánast af heilbrigðiskerfinu dauðu. Grunnþjónustan skertist til muna og biðlistar lengdust. Laun lækna hafa nánast staðið í stað frá árinu 2008.

Hér þurfti að snúa við blaðinu.

Fjárlög þessa árs bera vitni um áherslubreytingar til batnaðar. Ríkisstjórnin setur heilbrigðiskerfið í forgang og hefur okkur sannarlega tekist að snúa við blaðinu. Fjárlög sýna það svart á hvítu. Kostnaðarhlutdeild sjúklunga, sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda, lækkar og þátttaka einstaklinga í lyfjakostnaði minnkar um 5%, með 150 milljóna króna aukinni greiðsluþátttöku ríkisins. Lyfjakostnaður sjúklunga lækkar jafnframt með lækkun efra þreps VSK úr 25,5% í 24%. Framlög til Landspítalans hafa aldrei verið hærri en á fjárlögum nú – frá stofnun spítalans – eða 49,4 milljarðar króna. Framlag vegna hönnunar nýs Landspítala hefur verið stórukið um sem nemur 875 milljónum króna.

Sérstök framlög til rekstrar og stofnkostnaðar heilbrigðisstofnana aukast um rúman 2,1 milljarð króna. Rekstrarfram-

lög til heilbrigðismála almennt eru aukin, tækjakaup á landsbyggðinni um 100 milljónir króna, styrking á rekstrargrunni heilbrigðisstofnana og heilsugæslustöðva um 100 milljónir króna og FSA um 50 milljónir króna.

Læknar eru í verkfalli, já. Það er skilningur fyrir því eftir langt fjársveldi. Samningaviðræður eru í gangi milli lækna og stjórnvalda. Vildum við að búið væri að semja? Já, auðvitað. Gætu viðræður gengið hraðar fyrir sig? Mögulega. En ferlið er flókið og að mörgu þarf að huga. Samningsniðurstæða er vissulega aðkallandi en mikilvægt er að sem flestir geti unað við hana og að almenn sátt ríki um niðurstöðuna.

Það er þreytandi að hlusta á endalaus neikvæðni ákveðinna aðila innan stjórnarandstöðunnar þegar kemur að jákvæðum hlutum, eins og stórukrum framlögum til Landspítalans. Hér ættu allir að vera sammála. Vissulega þarf að gera meira fyrir Landspítalann til að vinna upp uppsafnaðan vanda eftir gríðarlegan niðurskurð á síðasta kjörtímabili. Því neitar enginn. Enda er það stefna þessarar ríkisstjórnar að koma heilbrigðiskerfinu í það stand sem við viljum að það sé í. Slikur viðsúningur á sér ekki stað á einni nóttu. Það er langhlaup.

Vinátta er forvörn gegn einelti

Einelti eða samskiptamynstur sem getur leitt til eineltis eða útilokunar á gjarnan rætur sínar að rekja allt niður í leikskóla og birtist í setningum eins og „ég vil ekki leiða þig“ eða „þú mátt ekki vera með í leiknum“. Fá einelti að þrífast hefur það ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þá sem fyrir verða. Einelti þrífst gjarnan í umhverfi þar sem skortur er á samkennd, umhyggju, umburðarlyndi og velvilðan. Því er mikilvægt að fyrirbyggja einelti og skapa umhverfi, þar sem ekki er jarðvegur fyrir einelti. Á þessu byggir Vinátta-verkefni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, sem er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla og byggir á nýjustu rannsóknum á einelti. Verkefnið er danskt að uppruna og heitir Fri for mobberi á dönsku.

SAMFÉLAG



Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi



Margrét Júlía Rafnsdóttir verkefnastjóri Vinátta-verkefnisins hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi

→ Í Vinátta er unnið að því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum ...

fyrir hvert barn leikskólans.

Árangur mjög góður
Samkvæmt niðurstöðum rannsókna í Danmörku er mikil ánægja með efnið hjá starfsfólki og foreldrum og árangur af notkun verkefnisins mjög góður. Efnið hafi góð áhrif á börnin, þau öðlist meiri hæfni til að mynda tengsl og til að eiga samskipti við önnur börn og fulloröna, þau verði hjálpsamari og umhyggjusamari.

Börn úr leikskólum sem unnið hafa með verkefnið fá umsögn um hlýju, samkennd og góða framkomu.

Foreldrar barnanna úr leikskólunum þrýsta gjarnan á grunnskólann sem börnin fara í til að taka upp verkefnið þar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa nú gefið út efnið og hófst tilraunavinna með verkefnið í samstarfi við sex leikskóla í nú í haust. Vonandi mun öllum leikskólum á Íslandi verða boðin Vináttautaska innan tíðar með hjálp fjárfundunarverkefnis Barnaheilla, Jólapeysunnar.

Söfnunarfé Jólapeysunnar 2014 rennur til Vinátta-verkefnisins og stuðlar þannig að því að sem flest leikskólabörn á Íslandi fái tækifæri til að kynna Blæ og hjálparböngusnum og þar með vinna með Vinátta og koma í veg fyrir einelti.

Verklaus bæjarstjórn

Á valdastóli í Kópavogi sitja tveir flokkar, Sjálfstæðisflokkurinn sem hefur langa reynslu af því að vera í meirihluta og Björt framtíð sem er ný á þessum vettvangi. Búast mætti við að í meirihluta með nýjum aðila myndu birtast nýjungar og mál á dagskrá bæjarstjórnar sem hið nýja afl vildi halda á lofti.

STJÓRN MÁL



Pétur Hrafn Sigurðsson bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi

→ Á þessum tíma hefur meirihlutinn ekki komið fram með eitt einasta mál á dagskrá bæjarstjórnar fyrir utan málefnaþingning og breytta bæjarmálasamþykkt ...

En Björt framtíð og Sjálfstæðisflokkur hafa setið í 154 daga. Á þessum tíma hefur meirihlutinn ekki komið fram með eitt einasta mál á dagskrá bæjarstjórnar fyrir utan málefnaþingning og breytta bæjarmálasamþykkt á fyrstu tveim fundunum og svo lögbundna fjárhagsáætlun.

Ekkert mál frá flokkunum sem stjórna Kópavogi, ekkert frumkvæði, engar nýjar hugmyndir.

Dagskrármálin sem komið hafa inn eru skipulag höfuðborgarsvæðisins frá SSH, Vatnsvernd frá stýrihópi og tillaga frá Samfylkingunni um skólamálið.

Er meirihlutinn ekki með eitt einasta mál sem er þess virði að leggja fram í bæjarstjórn sem dagskrármál og ræða þar á opnum vettvangi þar sem bæjarbúar geta fylgst með?

Mér, sem nýjum bæjarfulltrúa, finnst þetta einkennilegt verklag hjá fulltrúum Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks.

Launadeila lækna – samnings-tilboðin tala sínu máli

Það fer væntanlega fram hjá fáum að nú ríkir kreppa í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Læknaskortur er orðinn alvarlegur á bæði sjúkrahúsum og heilsgæslu. Þá er húsakostur, ýmis tækjakostur og aðstaða miðstöðvar lækninga á landinu, Landspítalans, löngu úr sér gengin. Læknar hafa dregist aftur úr launabróun háskólamenntaðra á Íslandi undanfarinn áratug. Sértaflega ber að nefna þar kjör almennra lækna sem eru um 100 þúsund krónum lægri en þeirra háskólastétta sem best fá launin eftir útskrift. Samt eru læknakandidatar með lengsta háskólanámið og mestu ábyrgðina í starfi.

HEILBRIGÐIS-MÁL



Svanur Sigurbjörnsson læknir

Þetta hefur verið svartur blettur á íslensku launakerfi um langan aldur og er ein stærsta ástæða þess að unglæknar flytjast af landi brott eins fljótt og þeir geta eftir útskrift. Ástandið er ekki boðlegt. Þeir fá hærri laun t.d. í Danmörku en sérfræðingar eftir 13 ára starf fá hærrendis. Í Noregi er þeim boðið að auki að fá námslánin sín niðurgreidd. Fjölskylda og vinatengsl toga unglækna heim en stór skuldastaða eftir 6-8 ára nám, engar eignir og annars flokks vinnuástanda eru ófrýnilegir valkostir miðað við það sem býðst í nágrannaríkjunum. Kjaramismunurinn er

einfaldlega allt of mikill á öllum stigum læknisfræðinnar til að fara heim. Eftir þau 10-14 ár sem það svo tekur að greiða niður námslánin og eignast eitthvað sem þjóðandi er fjölskyldunni er ræturnar orðnar það sterkar erlendis að Ísland telst ekki lengur „heima“. Þannig höfum við nú þegar misst af 1-2 kynslóðum lækna sem við sjáum ekki aftur. Alþjóðavæðingin hefur gjörbreytt samkeppnisstöðu heilbrigðiskerfisins. Vinnuafli flæðir þangað sem kjörin eru best og vinnu er að fá. Ísland þarf að vera samkeppnisfært.

Fjársveltistefna víki

Nú er að duga eða drepast. Sú fjársveltistefna sem einkennt hefur heilbrigðispolitík íslenskra stjórnvaldanna undanfarin tveir áratugi þarf að víkja. Góðærið kom aldrei í heilbrigðiskerfið og því varð engin uppbygging þar líkt og í svo mörgu öðru í þjóðfélaginu sem á enn stóðir í húsnæði og framþróun þrátt fyrir hrúnið. Í miðju góðærinu var Landspítalinn skuldum vafinn vegna vanskila við birgja. Fjárhagsleg óráðsía og pólitísk vanræksla einkenndi málaflökkin og við súpum áfram seyðið af því.

Læknafélagið hefur beðið ríkisstjórnina um kauphækkun til handa læknum sem eitt-

→ Þegar ríkisstjórnin svarar því ítrekað með 3% tilboðum er hún einfaldlega að sýna læknum og heilbrigðiskerfi þjóðarinnar fingurinn. Það er í takt við gamalkunnuga vanrækslu. Það eru skilaboð um að hér verði áfram B-gæði og raunverulegur áhugi fyrir framförum sé ekki til staðar.

hvað munar um. Eitthvað sem sýnir hið minnsta að Ísland hafi áhuga á því að reyna að snúa við þróun landflotta íslensku læknastéttarinnar. Þegar ríkisstjórnin svarar því ítrekað með 3% tilboðum er hún einfaldlega að sýna læknum og heilbrigðiskerfi þjóðarinnar fingurinn. Það er í takt við gamalkunnuga vanrækslu. Það eru skilaboð um að hér verði áfram B-gæði og raunverulegur áhugi fyrir framförum sé ekki til staðar. Verði læknar þess ekki áskynja með viðbrögðum og samningstilboðum ríkisstjórnarinnar að það eigi að taka fyrstu skrefin í átt til uppbyggingar verður stéttin fyrir ákveðnu áfalli. Læknar munu í auknum mæli hverfa á braut utan eða hverfa frá erfiðri og álagmikilli spítalavinnu í áhættuminni störf. Þjónustan á landsbyggðinni gæti hrúnið. Fyrr en varir verðum við í C-flokki.

Árangur og framtíð framhaldsfræðslu

Ársfundur FA

Fimmtudaginn 4. desember 2014, Icelandair Reykjavík Hótel Natura

Dagskrá:

13:15	Skráning og kaffi
13:30	Ávarp Halldór Grönvold, formaður stjórnar FA
13:40	„Learning in school and/or learning at work – what are the impacts on skills?“ Erik Mellander, aðstoðarframkvæmdastjóri IFAU (The Institute for Evaluation of Labour Market and Education Policy)
14:30	Breytt staða á vinnumarkaði Reynslusögur námsmanna
14:45	Fyrirmyndir í námi fullorðinna Verðlaunahafar tilkynntir og afhending verðlauna
15:00	Hlé – Kaffi
15:20	Kynningar á vefjum: NÆSTA SKREF, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, HÍ, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, FA, EPALÉ, Margrét Sverrisdóttir, Rannís og FRÆ, Friðrik Hjörleifsson, FA
15:50	Pallborðsumræður: Hvað höfum við lært til að efla framhaldsfræðsluna? Hver eru næstu skref? Geirlaug Jóhannsdóttir Háskólinn á Bifröst, Guðrún Sighvatsdóttir, FISK Seafood, Halldór Grönvold, ASÍ, Karl Sigurðsson, Vinnuálagstofnun, Óskar Dýrmundur Ólafsson, Reykjavíkurborg, Erla Björg Guðmundsdóttir, SÍMEY stýrir umræðum
16:30	Slit Fundarstjóri Sólveig B. Gunnarsdóttir, varaformaður stjórnar FA



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI



Nordiskt nätverk för vuxnas lärande



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

SIGURÐUR HALLMARSSON
frá Húsavík,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun
Þingeyinga, sunnudaginn 23. nóvember,
verður jarðsönginn frá Húsavíkirkirkju,
laugardaginn 6. desember klukkan 13.00.



Fyrir hönd afkomenda,

Hallmar Sigurðsson
Katrín Sigurðardóttir
Aðalbjörg Sigurðardóttir

Sigríður Sigþórsdóttir
Stefán Guðmundsson
Ragnar Emilsson



Móðir mín, tengdamóðir og amma,
JÓRUNN ÁSTA HANNESDÓTTIR
frá Eyrarbakka,

lést miðvikudaginn 26. nóvember. Hún
verður jarðsöngin frá Hjallakirkju í Kópavogi
föstudaginn 5. desember kl. 13.00.



Hanna Stefánsdóttir
Einar Andri Vilhjálmsson
Ingunn H. Albertsdóttir
Albert Ó. Þorleifsson
Sigríður H. Þorsteinsdóttir

Vilhjálmur Helgason
Þorsteinn Sigurðsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, eskulegur afi og langafi,

EINAR ÓLAFSSON
fyrirverandi skipstjóri og útgerðarmaður,
Smáragötu 9, Vestmannaeyjum,

andaðist á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi þann 30. nóvember. Jarðarförin
verður auglýst síðar.



Viktória Ágústa Ágústsdóttir
Ólafur Ágúst Einarsson
Agnes Einarssdóttir
Viðar Einarsson
Hjalti Einarsson
afa- og langafabörn.

Halla Svavarsdóttir
Kári Þorleifsson
Dóra Björk Gunnarsdóttir
Dagmar Skúladóttir



Eskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

KJARTAN ÓLAFSSON
fv. deildarstjóri í búvörudeild
Sambandsins,
Ársölum 3, Kópavogi,
áður Hlíðarhvammi 10, Kópavogi,

lést mánudaginn 1. desember
á hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin verður auglýst síðar.



Jóhanna Bjarnadóttir
Margrét I. Kjartansdóttir
Ólafur Kjartansson
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigmundur Einarsson
Nanna Bergþórsdóttir



Okkar ástkæra,

PÓRUNN ANNA SIGURÐARDÓTTIR
Hjarðarhaga 42,
Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi 20. nóvember sl. Jarðarförin hefur
farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeir
sem vildu minnast hennar eru vinsamlegast
beðnir að láta krabbameinsdeild Landspítalans njóta þess.



Stefán Þór Ragnarsson
Sigríður Sigurðardóttir
Ingibjörg Sigurðardóttir
Elísabet Karlsdóttir
Anna Andrésdóttir

Guðmundur Kristjánsson
Benedikt Þórðarson

Vopnaðist GPS-tæki, stöng og bóndanum

Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur ræðir um staðhátalýsingar í fornsögum í fyrirlestraröð Miðaldastofu Háskóla Íslands um Landnám Íslands á morgun.

Ég tek fyrir tvær frásagnir, önnur er í Landnámu og hin í Gíslasögu Súrssonar," segir Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur, sem á morgun ræðir um staðhátalýsingar í fornsögum í fyrirlestri í Odda. „Fyrst mun ég ræða söguna af því þegar Hrafna-Flóki gekk á fjall eitt hátt og sá norður yfir fjörðinn fullan af ísum og gaf landinu nafn eftir því. Þessi frásögn hefur verið dregin í efa. Bæði hafa menn nú efast um að Hrafna-Flóki hafi verið til og eins að það sé hægt að sjá nokkurn fjörð fullan af ísum af neinu fjalli á sunnanverðum Vestfjörðum nema þá Ísafjarðardjúp. Þessar vangaveltur ákvað ég að leiða til lykta með vettvangskönnun síðastliðið sumar. Hin frásögnin er sagan af því í Gíslasögu Súrssonar þegar Vésteinn fer á mis við menn Gísla í Bjarnardal í Önundarfirði og ríður í framhaldi af því upp á Gemlufallsheiði og mælir svo þegar þeir finna hann: „Nú falla öll vötn til Dýrafjarðar“ og finnst of seint að snúa við. Þetta voru örlagaríkar misfarir en Önfirðingar hafa löngum sagt að í Önundarfirði væri hvergi hægt að farast á mis.“

Ólína vopnaðist GPS-tæki, stöng og bónda sínum sem tók þátt í rannsókninni með henni, eins og hún tekur til orða. „Við fórum þær leiðir sem sagan segir að mennirnir hafi ríðið til þess að komast að því hvort hægt sé að farast á mis í Önundarfirði,“ útskýrir hún en gerist véfréttarleg þegar spurt er um niðurstöður rannsókna. „Þær verða kynntar í fyrirlestrinum á morgun,“ segir hún. „Þá mun ég greina frá hinum vísindalegu niðurstöðum.“

En hvað með fjöllin og Flóka? „Þar kemur fleira en eitt til, eins og reyndar í tilfalli Vésteins,“ segir hún en neitar að segja fleira nema að augljóst sé að sagnaritararnir þekki býsna vel til staðhátta á Vestfjörðum. „Ég get þó staðfest að það er hvorki búið að afsanna frásögn Landnámu né Gíslasögu en hvort mér tekst að sanna þær kemur í ljós á morgun.“

Fyrirlestur Ólínu hefst á morgun klukkan 16.30 í stofu 101 í Odda og er þáttur í fyrirlestraröð Miðaldastofu Háskóla Íslands um Landnám Íslands.



ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR „Ég get þó staðfest að það er hvorki búið að afsanna frásögn Landnámu né Gíslasögu.“

Að honum loknum mun Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, ræða um munnlegar og skrifðar frásagnir og hin flóknu tengsl þeirra við veruleikann.

fridrikab@frettabladid.is

Þessar vangaveltur ákvað ég að leiða til lykta með vettvangskönnun síðastliðið sumar.



Eskulegur móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

GUÐBJÖRG SIGURPÁLSDÓTTIR
Gvendargeisla 20,
áður Heiðargerði 11,

lést mánudaginn 1. desember á Landspítalanum. Jarðsöngið verður frá Guðríðarkirkju föstudaginn 5. desember kl. 13.00.

Jón G. Sigtryggsson
Rósa Sigtryggsdóttir
Sigrún Sigtryggsdóttir
Vilberg Sigtryggsson
Hreinn Ómar Sigtryggsson
Svana Sigtryggsdóttir
Runólfr Sigtryggsson
Svala Sigtryggsdóttir
börn, barnabörn og barnabarnabarn.

Karl M. Karlsson
Emil Karlsson
Kolbrún Þórisdóttir
Halldóra Bachmann



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,
GUÐMUNDUR ÓLI GUÐMUNDSSON
lögfræðingur,

lést á heimili sínu í Herlev, Danmörku,
föstudaginn 14. nóvember sl. Útför fer fram
frá Bústaðakirkju föstudaginn 5. desember
kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst
hans er bent á styrktarrekning Hjartaverndar.

Guðbjörg Antonsdóttir
Erna Guðmundsdóttir
Tómas Búi Kemp
Úlfhildur E. Þ. Bjarnasen
Matthildur Sunna Þorláksdóttir
Gunnhildur Geira Þorláksdóttir
Þórey Rut Jóhannesdóttir
og barnabörn.

Ingólfur Már Grímsson
Óskar H. Bjarnasen



Ástkær eiginkona mín, systir og mágkona,
EYGLÓ EBBA HREINSDÓTTIR
Hátúni 10, Reykjavík,

andaðist á Vífilsstöðum 26. nóvember.
Útför hennar verður gerð frá Laugarneskirkju
miðvikudaginn 10. desember kl. 13.00.
Hjartans þakkir til allra þeirra sem önnuðust
hana af virðingu og hlýju í veikindum hennar.

Sigurjón Grétarsson
Hrafnhildur Hreinsdóttir
Ingvar Hreinnson
Þorvaldur Hreinnson
Jóhanna Hrun Hreinsdóttir
Sigríður G. Kærnestad
Erna Grétarsdóttir

Laufey Jóhannsdóttir
Oddný Vala Kjartansdóttir
Gunnar Árni Þorkelsson



Eskulegur eiginmaður minn,
bróðir okkar og mágur,
DANÍEL GUNNAR SIGURÐSSON
leigubíreiðastjóri,
Nýbýlavegi 104, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund
þriðjudaginn 25. nóvember. Útför hans
fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn
8. desember kl. 15.00.

Elsa Gísladóttir
Sigurrós Sigurðardóttir
Lilja Sigurðardóttir
aðrir aðstandendur.

Sigurður Jónsson



LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik

Stofnað 1952

Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



OYSTER PERPETUAL
YACHT-MASTER II



ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMIDIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 3. desember 2014 | 34. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

FYRSTA
FLOKKS
ÞJÓNUSTA



GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



DEILT UM ÖLL STÓRU VERKEFNI LANDSNETS

- Fyrirtækið áætlar að tafir á framkvæmdum við raforkuflutningakerfið geti kostað þjóðarþúið um sex milljarða króna á ári.
- Sprengisandslínan er eitt þeirra fimm stóru verkefna sem Landsnet undirbýr nú.
- Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri fyrirtækisins, undirritar í dag samning um kaup á 200 milljóna króna jarðstreng sem verður lagður út í Helgavík.

2.500 milljóna velta Sagafilm

Velta kvikmyndaframleiðslufyrirtækisins Sagafilm jókst úr 1.077 milljónum króna árið 2012 í 2.485 milljónir króna árið 2013.

Guðný Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri félagsins, segir að veltuaukningin stafi af því að verkefni fyrir erlenda framleiðendur hafi verið mörg á árinu 2013, en verkefnastaðan sé ólík á milli ára. Þessi gríðarlega veltuaukning skilaði þó ekki auknum hagnaði fyrirtækisins. Hagnaðurinn var 66 milljónir króna árið 2013 en 96 milljónir árið á undan. → **SÍÐA 2**

Tryggja hreint vatn í Teheran

Útbúnaður og mælitæki Stjórnu-Odda eru notuð til þess að hafa eftirlit með drykkjarvatni í Teheran í Íran. Framleiðsla þessa nýsköpunarfyrirtækis er mikilvægur liður í að tryggja íbúum Teheran, sem eru um 15 milljónir talsins, hreint drykkjarvatn. Forsvarsmenn fyrirtækisins eru mjög stoltir af samvinnunni. → **SÍÐA 4**



Reynslubolti í nýsköpun

Benedikt Skúlason, stofnandi og framkvæmdastjóri Lauf Forks, hefur unnið víða við nýsköpun, meðal annars hjá Össuri og Marorku.

„Ég fór til Össurar af því að ég hafði brennandi áhuga á að hanna áþreifanlegur vörur úr koltrefjum og ég vann á koltrefjadeild fyrirtækisins í um það bil ár. Síðar stofnaði ég Lauf,“ segir Benedikt. → **SÍÐA 8**

STJÓRNAR-
MADURINN

@stjornarmadur

Stjórnarmanninum þykir sem málaferli Vincents Tchenguiz gegn Kaupþingi og Grant Thornton hafi ekki vakið mikla athygli. → **SÍÐA 12**

Sjónmælingar í Optical Studio

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifsstöð, 4250500

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

Sérstakt sukk

Skjóðan

SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI hefur allt frá hruni haft her manna í fullu starfi við rannsókn og saksókn hrunmála og að auki hafa menn í fullu starfi annars staðar verið í umfangsmikilli verk-takavinnu fyrir sérstakan og þegið milljónir og jafnvel milljónatugi ofan á dagvinnulaunin sín.

SÉRSTAKA ATHYGLI VEKUR að verk-takagreiðslur til Jóns H.B. Snorrasonar, aðstoðarlögrelustjórans á höfuðborgarsvæðinu, hafa numið rúmlega 18 milljónum frá árinu 2010. Sigurður Tómas Magnússon lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík, fær nokkru hærri greiðslur en aðstoðarlögrelustjórinn, eða ríflega 51 milljón frá árinu 2009. Telst það kannski ekki fullt starf að vera aðstoðarlögrelustjóri á höfuð-

borgarsvæðinu eða lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík? Er svo lítið að gera í vinnunni að menn geti varið tugum stunda í mánuði hverjum í vinnu annars staðar?

RÖK ÓLAFS ÞÓRS HAUSSONAR, sérstaks saksóknara, fyrir þessum verkkaupum eru þau að viðkomandi lögfræðingar búi yfir dýrmætri reynslu af undirbúningi umfangsmikilla sakamála. Sérstakur saksóknari á væntanlega við að hann treysti því að þessir tveir lögfræðingar hafi lært af mistökum vegna þess að árangur af saksóknarastörfum þeirra fram til þessa hefur í besta falli verið hóflegur.

JÓN H.B. SNORRASON var yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögrelustjóra. Á ferli hans þar ber hæst stóra málverkamálið, sem eyðilagðist vegna

klúðurs af hálfu deildarinnar. Baugsmálið klúðraðist nær fullkomlega í höndum efnahagsbrotadeildar Jóns H.B. og var flestum ákæruatriðum vísað frá dómi vegna þess hve óskýr og illa framsett ákæran var.

SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON tók við saksókn Baugsmálsins eftir klúðrið og endurákærði. Lítil frægðarför varð úr þeirri saksókn og niðurstaða Baugsmálsins fyrir Hæstarétti varð sú að nær ekkert stóð eftir af upphaflegum ákæruafgreiðingum og kærandi málsins hlaut dóm til jafns á við upphaflegan höfuðsakborning og dómurinn felldi nær allan málskostnað á ríkið.

PETTA ERU SÉRFRÆÐINGARNIR sem Sérstakur saksóknari greiðir milljónatugi fyrir sérfræðiaðstoð og kann það að skýra ýmsan máltilbúnað

af hálfu embættisins. Sakamál eru byggð á kærnum sem embættinu berast en lítt rannsókuð sjálfstætt. Sérstakur saksóknari virðist hafa tekið að sér að vera refsivöndur í þágu hins nýja íslenska fjármálakerfis gegn einstaklingum og lögaðilum, sem stunduðu viðskipti á Íslandi fyrir hrun en eru ekki í hópi vildarvina fjármálakerfisins eftir hrun.

PETTA HLÝTUR að teljast alveg sérstakt sukk og vandséð að til hagsbóta sé fyrir endurreisn íslensks atvinnu- og viðskiptalífs eftir hrun. En sérstakur er náttúrulega með reynslubolta í vinnu við þetta á verk-takagreiðslum.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.



Gengi félaga í Kauphöll Íslands

9
Á UPPLÉIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

4
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

1
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
ÖSSUR
62,0% frá áramótum

NI
15,5% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
BANK NORDIC
-18,5% frá áramótum

NÝHERJI
-1,7% í síðustu viku

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	106,0	-18,5%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	231,50	-11,6%	2,4%
Fjarskipti (Vodafone)	36,90	35,4%	-1,2%
Hagar	42,25	10,0%	-1,3%
HB Grandi*	35,80	29,2%	15,3%
Icelandair Group	19,80	8,8%	4,5%
Marel	132,50	-0,4%	1,1%
NI	23,45	24,1%	15,5%
Nýherji	5,65	54,8%	-1,7%
Reginn	14,10	-9,3%	-1,5%
Sjóvá*	11,97	-11,3%	0,2%
Tryggingamiðstöðin	26,55	-17,2%	2,3%
Vátryggingafélag Íslands	8,89	-17,6%	0,7%
Össur	371,00	62,0%	1,6%
Úrvalsvísitalan OMX18	1.282,02	1,8%	2,9%
First North Iceland			
Century Aluminum	3.500,00	204,3%	0,0%
Hampiðjan	20,70	56,2%	-1,4%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	51,6%	0,0%

*upphafsverð m.v. útboð í apríl

Velta Sagafilm jókst um tæp 150 prósent

Velta kvikmyndaframleiðslufyrirtækisins Sagafilm fór úr tæpum 1.100 milljónum króna árið 2012 í tæpar 2.500 milljónir árið eftir. Veltuaukningin skýrist fyrst og fremst af stórum erlendum verkefnum.

AFPREYING
Jón Hákon Halldórsson | jonhakon@frettabladid.is

Velta kvikmyndaframleiðslufyrirtækisins Sagafilm jókst úr 1.077 milljónum króna árið 2012 í 2.485 milljónir króna árið 2013, samkvæmt ársreikningi félagsins. Þetta er aukning um næstum 150 prósent á milli ára.

Guðný Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri félagsins, segir að veltuaukningin stafi af því að verkefni fyrir erlenda framleiðendur hafi verið mörg á árinu 2013, en verkefnastaðan sé ólík á milli ára. Þessi gríðarlega veltuaukning skilaði þó ekki auknum hagnaði fyrirtækisins. Hagnaðurinn var 66 milljónir króna árið 2013 en 96 milljónir árið á undan. „Þetta er rosalega misjafnt eftir ári, bara eftir því hvaða verkefni eru í gangi. En við vorum með stórt bandarískt verkefni sem heitir Interstellar og er núna í bióhúsunum. Við vorum að þjónusta það á Íslandi. Svo vorum við með stórt verkefni sem heitir Dead-snow sem var fyrir norskt framleiðslufyrirtæki. Það er mynd sem var sýnd hér á landi fyrr á árinu. Síðan vorum við með kanadískt verkefni sem hét Pawn Sacrifice



MATTHEW MCCONAUGHEY Leikstjórinn Christopher Nolan ákvað að taka upp myndina Interstellar hér á landi. Sagafilm aðstoðaði við tökurnar.

og fjallaði um Bobby Fischer. Við vorum líka með rússneskt verkefni sem hét Calculator og er að fara að koma í kvikmyndahús í Rússlandi núna á næstu mánuðum,“ segir Guðný. Tekjur fyrirtækisins vegna Interstellar námu um 700 milljónum og tekjur af Dead-snow voru 600 milljónir. „Þannig að veltan samanstendur rosalega mikið af þessum erlendum verkefnum,“ segir Guðný. Hún segir að minna hafi verið um erlend verkefni í ár, en

íslensku verkefni hafi verið þeim mun fleiri. Guðný bendir á að Ísland hafi verið mjög vinsælt að undanförunu þegar kemur að þjónustu við erlenda kvikmyndagerðarmenn. Þetta megi sjá á veltutölum við iðnaðinn í heild. „En það sorglega í þessu er að á meðan erlendu verkefni eru að vaxa svona mikið er niðurskurður í Kvikmyndasjóði. Sem þýðir að það er ekki jafn mikil framleiðsla á íslensku efni,“ segir hún.

Dagatal viðskiptalífsins

- MIÐVIKUDAGUR 3. DESEMBER**
Þjóðskrá - Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
- FÖSTUDAGUR 5. DESEMBER**
Seðlabanki Íslands - Helstu liðir í efnahagsreikningi og gjaldeyrisforði
Hagstofan - Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2014
Hagstofan - Gistinætur á hótelum í október 2014
- ÞRIÐJUDAGUR 9. DESEMBER**
Þjóðskrá - Fjöldi þinglýstra leigu-

- samninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum
Hagstofan - Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2014
- MIÐVIKUDAGUR 10. DESEMBER**
Seðlabanki Íslands - Vaxtaákvörðunardagur
Hagstofan - Efnahagslegar skammtátölur í desember 2014
- FÖSTUDAGUR 12. DESEMBER**
Hagstofan - Vísitala launa á 3. ársfjórðungi 2014

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Keyrðu upp afköstin með frábærum vinnufélögum

P2314H OPTIPLEX 3020SF#05

The power to do more

Tölva: 104.990 kr.
Skjár: 32.990 kr.

advania.is/vinnufelagar

Hafðu samband í síma **440 9010** eða í tölvupósti á sala@advania.is

*Sérverð, gildir meðan birgðir endast.

advania
Welcome to IT



Þjónusta við fyrirtæki

Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnið í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga reynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávallt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þá bankaþjónustu sem hún þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Hallgrímur Magnús Sigurjónsson hefur yfir 30 ára reynslu af sjávarútvegi og fjármögnun fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi.

Hallgrímur Magnús er útibússtjóri hjá Íslandsbanka á Ísafirði.

Vatnsforði íbúa í Teheran vaktaður með hugviti frá íslensku fyrirtæki

Fyrirtækið Stjörnu-Oddi hefur gert samning við Írana um að mælitæki fyrirtækisins sé notað til að vakta vatnsforða íbúa Teheran. Um 15 milljónir búa á svæðinu. Mikil viðurkenning að mati forsvarsmanna fyrirtækisins.

NÝSKÖPUN


Sveinn Arnarsson | sveinn@frettabladid.is

Útbúnaður og mælitæki Stjörnu-Odda eru notuð til að hafa eftirlit með drykkjarvatni í Teheran í Íran. Framleiðsla þessa nýsköpunarfyrirtækis er mikilvægur liður í að tryggja íbúum Teheran, sem eru um 15 milljónir talsins, hreint drykkjarvatn. Forsvarsmenn fyrirtækisins eru mjög stoltir af þessari samvinnu og hún gefur fyrirtækinu mikla möguleika hvað varðar áframhaldandi vöruþróun.

„Þetta er mjög skemmtilegt verkefni sem felst í því að okkar mælitæki eru fengin til að vakta vatnsforða fyrir svona margt fólk. Það búa um 15 milljónir manna á svæðinu sem er um fimmtugfaldur fjöldi Íslendinga. Þarna erum við liður í því að sinna ákveðinni grunnþörf fólks, sem er að hafa aðgang að hreinu vatni, allt frá börnum og unglíngum til vinnandi fólks og gamalmenna, af þessu erum við mjög stoltir,“ segir Sigmar Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri Stjörnu-Odda.

Fyrirtækið hefur verið að þróa mælitæki í rannsóknunum á lífríki í sjó, vötnum og á landi og er þetta því kærkomin nýjung í flóru fyrirtækisins. Snorri Guðmundsson, sölu- og markaðsstjóri Stjörnu-Odda, segir að megináhersla fyrirtækisins sé í þróun búnaðar fyrir rannsóknarstörf ýmiskonar. „Í raun og veru erum við að hanna og þróa mælitæki fyrir rannsóknariðnað, sem aðallega eru notuð af alþjóðlegum rannsóknarstofnunum, háskólum og vísindamönnum vítt og breitt um heiminn. Tækin okkar eru notuð til að safna gögnum í ferskvatni og sjó og einnig höfum við verið að þróa búnað í rannsóknum á lyfjum og hvaða áhrif ný lyf hafa á dýr,“ segir Snorri. „Til að mynda kemur útbúnaður okkar mikið við sögu þegar nýtt bóluþefni kemur á markað og var mikið notaður í tengslum við þróun lyfja við fuglflensu þegar hún geisaði.“

Snorri segir það hafa tekið nokkurn tíma að koma á þessum samningi við Íran. Meðganga samnings-



VIÐ RANNSÓKNIR Megináherslan í störfum Stjörnu-Odda er í framleiðslu búnaðar fyrir rannsóknir. FRETTLABLADID/GVA

ins hafi tekið um nýu mánuði. Ferlið hafi tekið langan tíma vegna mikillar pappírsvinnu. „Eins og menn vita þá eru takmarkanir á sölu á afurðum til Írans. Við förum allar réttar boðleiðir í sölnunni, sendum upplýsingar í gegnum hið opinbera. Þau höft sem eru á innflutningi til Írans eru að einhverju leyti með manneskjulegt andlit. Þarna erum við að hjálpa til þess að hinn almenni borgari fái hreint vatn og við erum afar stoltir af þessu. Vegna þessa þá hafa höftin ekki áhrif á okkur en búa til nokkra pappírsvinnu.“

Að mati Snorra er þessi samningur ákveðin viðurkenning á starfi fyrirtækisins og eykur tiltrú á önnur verkefni. „Þessi samningur

snýst um annað en miklar upphæðir, upphæð samningsins er hófleg að því leyti til. Hins vegar mun hann vera til hagsbóta fyrir okkur á þá vegu að hann eykur tiltrú á okkur og viðurkenningu, að hægt sé að nýta okkar búnað með mismunandi hætti. Við vonum að með þessu og kynningu á mælitækjum okkar geti fleiri bitað á agnið og viljað samstarf við okkur.“

Snorri telur að það umhverfi sem fyrirtæki búi við á Íslandi sé alls ekki til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf. Fyrirtæki séu seld erlendis og flutt eða þá að eignarhaldið færast til útlanda með tilheyrandi tekjutapi ef arður verður greiddur af fyrirtækjum. Sú

umgjörð sem sé nú við lýði sé mikið áhyggjuefni.

„Við erum nýsköpunarfyrirtæki og stór hluti af okkar veltu fer í rannsóknir og þróunarstarf. Það er ekkert launungarmál að við hefðum það örugglega mun betra ef við værum annars staðar en á Íslandi. Hins vegar erum við allir Íslendingar og viljum vera hér. En vissulega eru ákveðin áhyggjuefni í loftinu almennt í íslensku atvinnulífi. Við erum að þróa búnað til að rannsaka lífríki sjávar og því miður eru rannsóknir þar skornar niður í ekki neitt hér á landi. Það gerir okkur erfitt fyrir í þróun þar sem enginn er í návígi við okkur að nota búnað okkar til að þróa með okkur tækin.“

“ Við erum nýsköpunarfyrirtæki og stór hluti af okkar veltu fer í rannsóknir og þróunarstarf. Það er ekkert launungarmál að við hefðum það örugglega mun betra ef við værum annars staðar.

Galli í Toyota-bílum hér á landi:

Hundruð bíla innkölluð

Toyota á Íslandi innkallar 613 bíla af gerðunum Auris, Corolla, Urban Cruiser og Yaris. Þeir bílar sem eru innkallaðir eru af árgreiðunni 2008-2014. Innköllunin hefur verið tilkynnt til Neytendastofu.

Ástæða innköllunarinnar er að olíusori úr túrbínu sem á að fara inn á vélina gegnum sogkerfið og brenna þar með eldsneytinu getur safnast saman í eftirkæli.

Ef þessi uppsafnaði olíusori losnar skyndilega getur það leitt til þess að brunahólf fyllist. Ef brunahólf fyllist stoppar vélin og brotnar sem getur leitt til hættu í akstri. Til að koma í veg fyrir þetta þarf að breyta eftirkæli í sumum af þessum bílum og uppfæra tölvuforrit í öðrum.

Eigendur Toyota-bíla sem framleiddir eru á þessum árum munu á næstunni fá sent bréf vegna þessarar innköllunar.

-jhh

KPMG

cutting through complexity

FRÓDLEIKSFUNDUR

Ferðapjónustan ER að fara í vaskinn

4. des. | kl. 8:30 | Borgartúni 27

KPMG í samstarfi við SAF stendur fyrir morgunverðarfundi um nýframkomnar breytingatillögur á lögum um virðisaukaskatt sem fela í sér grundvallarbreytingar á virðisaukaskattsumhverfi ferðapjónustunnar.

Skráning á kpmg.is



MARKHÓPADREIFÐUR FJÖLPÓSTUR

HVAÐ ER ÞAÐ? *Fyrir jólin!*

Brúar bilið á milli fjölpósts og markpósts og sameinar því kosti beggja leiða sem ódýr og markviss leið til að ná í rétta hópinn.

- Nýtir dreifingargrunn Póstdreifingar til að flokka hverfi niður eftir hinum ýmsu breytum.
- Gefur möguleika á að ná til rétta hópsins samkvæmt staðfestri tölfræði varðandi búsetuform og mögulegri kaupgetu.

- Til dæmis er Ingimundur forstjóri líklegri til þess að kaupa demantsskreytta velúrinniskó en Jobbi á verkstæðinu... ekki satt?

Versta auglýsta
vöru úr fjölpósti *



* Samkvæmt Kenni Gallup lesa 61% fjölpóst af þeim kaupum 22% auglýsta hlut/pjónusta.

Í fyrsta sinn er í boði þjónusta sem sameinar kosti bæði fjölpósts og markpósts þar sem hnitmiðað skilaboð og hagkvæmt verð er lykillinn að árangri! 😊

61%
Skoða fjölpóst

29%
Skoða sjaldan fjölpóst

10%
Skoða aldrei fjölpóst

Þantið tímanlega dreifingu fyrir jólin?

Póst dreifing



STJÓRNSTÖÐ LANDSNETS Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets, segist vona að framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 geti hafist á næstu mánuðum.

FRÉTTBLAÐIÐ/GVA

Landsnet áætlað að tafirnar geti kostað um sex milljarða á ári

Aðstoðarforstjóri Landsnets segir deilt um öll stærri verkefni fyrirtækisins. Af þeim sökum gangi illa að efla flutningskerfi raforku hér á landi. Undirritar í dag 200 milljóna samning um kaup á raflínunum fyrir kísilver United Silicon.

ORKUMÁL

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettbladid.is



Við höfum ekki getað farið í nauðsynlegar framkvæmdir vegna þess að það eru deilur um öll stærri verkefni okkar sem eiga að efla flutningskerfið hér á landi. Þessi verkefni hafa því tafist og það má áætla að kostnaður þjóðarbúsins vegna þess muni nema að meðaltali um sex milljörðum króna á ári næstu árin ef ekkert verður að gert," segir Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets.

Fyrirtækið undirbýr nú fimm stór verkefni sem eiga að bæta flutningskerfi raforku og tryggja að íbúar og fyrirtæki á landsbyggðinni geti búið við sömu kjör og suðvesturhornið þar sem kerfið er sterka.

Eitt verkefnanna snýr að áformum Landsnets og Vegagerðarinnar um að hefja umhverfismat á háspennulínu um Sprengisand og framkvæmdum við nýjan Sprengisandsveg. Verkefnið hefur verið harðlega gagnrýnt að undanförunu en fyrirtækinu bærust samtals 33 athugasemdir, þar sem áformin eru ýmist gagnrýnd eða studd, um drög að tillögu að matsáætlun vegna lagningar háspennulínuna og náttúruverndarsamtök Íslands og Landvernd hafa, ásamt öðrum, krafist þess að fyrirtækin falli frá áformunum og sagt þau fela í sér óafturkræf áhrif sem eigi eftir að kljúfa hálendið í tvennt.

Þyrfti að tvöfalda byggðalínuna

„Sprengisandslínunni hefur þann kost að hún er stýsta leiðin milli Norðurlands og Suðurlands og langhagkvæmasti

kosturinn því þetta er einungis 220 kílómetra leið. Það er ýmislegt sem bendir til þess, ef maður horfir til varanlegra umhverfisáhrifa, að hún sé álitlegur kostur út frá umhverfismælikvörðum. Umræðan um hálendið er þó svolítið sérstök og meira tilfinningaleg og ímyndarlegs eðlis og að einhverju leyti byggð á hagsmunum þeirra sem vilja vera þarna og njóta náttúrunnar og öll þessi sjónarmið eru skiljanleg," segir Guðmundur.

Landsnet vill fara í framkvæmdir við Sprengisandslínuna vegna þess að byggðalínunni, sem var tekin í notkun árið 1984, ber ekki lengur alla þá raforku sem flytja þarf á milli landshluta. Fari svo að línun um Sprengisand, sem á að kosta um 12 milljarða króna, verði ekki að veruleika, og þær tengingar við þá línu sem þyrfti að fara í á Norðurland og Austurlandi, þá þyrfti að sögn Guðmundar að tvöfalda byggðalínuna.

„Þetta eru valkostir sem við erum að undirbúa og gera umhverfismat á ákveðnum þáttum til þess að menn geti rætt þetta á yfirvegaðri hátt en nú er. Það er ekki búið að taka nein- ar ákvarðanir í raun og veru um hvaða framkvæmdir verður ráðist í. Áður en það verður gert þarf að veita og meta valkostina og ná viðtækri sátt.“

Hin fjögur verkefni sem einnig er deilt um tengjast áformum Landsnets um nýja háspennulínu frá Hafnarfirði og út á Reykjanes, svokallaða Suðurnesjalínu 2, og einnig Blöndulínu 3, Kröfúlínu 3 og háspennulínu sem á að ná frá Kröflu til Akureyrar. Framkvæmdir við Suðurnesjalínuna hafa tafist og þá meðal annars vegna þess að ekki hefur fengist leyfi fyrir fram-



RAFLÍNUR Það tæki um þrjú ár að reisa háspennulínuna um Sprengisand. Reisa þyrfti vinnubúðir á hálendinu og verkið í heild myndi kostað um 12 milljarða króna.

FRÉTTBLAÐIÐ/VILHELM

kvæmdinni hjá öllum þeim sveitarfélögum sem línun á að liggja um.

„Við vonumst eftir því að geta farið fjótlega að vinna á Suðurnesjunum en hin málin eru komin styttra og ég á ekki von á að það komi verulegur skriður á þau fyrr en raforkulögin og þingsályktunartillagan um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína fara í gegn.“

Helmingur raflína í jörðu 2020

Frumvarp um breytingar á raforkulögum, sem Guðmundur nefnir, var ásamt þingsályktunartillögunni lagt fram á Alþingi í haust af Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Í frumvarpinu er kveðið á um hvernig standa eigi að gerð kerfisáætlunar um uppbyggingu flutningskerfisins. Samkvæmt tillögunni verður stefnt að því að samanlagt heildarhlutfall jarðstrengja í landshluta- og meginflutningskerfinu verði orðið að minnsta kosti helmingur af lengd allra raflína árið 2020. Hlutfallið á að vera komið upp í 80 prósent árið 2035.

Guðmundur fór í gær á fund atvinnuveganefndar Alþingis til að gera grein fyrir athugasemdum Landsnets varðandi frumvarpið og þingsályktunartillöguna.

„Frumvarpið er niðurstaða úr málaþögn á milli okkar og sjónarmiða sveitarfélaga og við styðjum það óbreytt. Grunnurinn á bak við þessi lög er að menn ætla í upphafi að vanda mjög vel til verka, þetta er þung og mikil áætlanagerð, og felur í sér mun vandaðri vinnubrögð en áður og samráð við alla hagsmunaaðila á fyrstu stigum málsins. Að okkar mati er mjög mikilvægt að öll þessi vinna fái einhverja niðurstöðu áður en lengra er haldið og við munum leggja áherslu á það,“ segir Guðmundur.

Hann segist einnig vera ánægður með þingsályktunartillöguna og að hún innihaldi margar jákvæðar breytingar. Hann bendir á hversu stórt skref það sé að setja 80 prósent af öllum raflínunum í jörðu en telur markmiðið raunhæft.

„Það byggist á því að það er verið

að horfa á raforkukerfið í heild og það er gríðarleg þróun í raflínunum, bæði í dreifi- og flutningskerfinu, og það er jafnvel orðið hagkvæmara að setja línurnar í jörðu. Að öðru leyti höfum við ekki skoðun á því hversu langt menn eigi að ganga í því að veita aukið fjármagn í jarðstrengi því á hæstu spennu er það mun dýrara en á lægstu. Við höfum ekki skoðun á því hversu langt skal ganga, það er Alþingis að ákveða,“ segir Guðmundur og heldur áfram: „En nái þessi mál í gegn verður það að okkar mati farsæll endir þar sem sátt ríkir um að gefið verði eftir í sambandi við umhverfið og að menn sætti sig þá við herra flutningsverð.“

Lögin og þingsályktunartillagan hafa verið gagnrýnd fyrir að ganga ekki nógu langt í að tryggja innleiðingu jarðstrengja og að skerða þau skipulagsvöld sem sveitarfélög hafa þegar kemur að lagningu raflína.

„Að okkar mati er það ekki rétt. Þarna er verið að auka mjög samráð við sveitarfélögin og alla hagsmunaa-

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



ÍSLAND - ALLT ÁRIÐ

Ríkisstjórn Íslands veitir á næstu tveim árum allt að 200 milljónir króna á ári til markaðsverkefnisins Ísland - allt árið. Verkefnið er markaðs- og kynningarverkefni fyrir Ísland og íslenska ferðþjónustu á erlendum mörkuðum. Þeir sem vilja taka þátt í verkefninu geta sent póst á islandalltarid@islandsstofa.is fyrir 15. desember.



VINSÆLAR GJAFIR Kristján Þór Karlsson sölumaður með böntöskur og tvö af mörgum góðum Meguiar's hreinsiefnum sem fylla töskurnar.

MYNDIR/GVA



UNDRAEFNI Meguiar's pakkarnir innihalda undraefni sem geta t.d. látið felgurnar líta út sem nýjar eða afmáð erfiðustu óhreiningindin.

MEGUIAR'S BÓNTASKA Í JÓLAPAKKANN

MÁLNINGARVÖRUR KYNNA Meguiar's-bón og -bílahreinsivörur í veglegum töskum og pökkum eru skemmtilegar jólagjafir fyrir bílaáhugamenn.

Pakkar og töskur með Meguiar's-bóni og hreinsivörum frá Málningarvörum eru vinsælar jólagjafir til bíleigenda sem vilja sjá bílinn sinn skínandi finna. Kristján Þór Karlsson, sölumaður hjá Málningarvörum, segir marga koma til þeirra fyrir hver jól og kaupa pakka enda er um sérlega heppilegar og gagnlegar gjafir að ræða. „Við höfum selt sérstaklega mikið af stóru og veglegu töskunum okkar en þær innihalda flest þessi helstu efni sem bílaáhugamenn þurfa að eiga. Í töskunni eru sápa, bón, felguhreinsir, mælaborðshreinsir, dekkjagljái, þvottahansi og örtrefjagljútur. Öll efni koma saman í handhægri tösku á frábæru jólatilboði.“

Böntaskan veglega kostar aðeins 16.900 krónur en auk þess bjóða Málningarvörur líka margvíslegar smærri lausnir. Þá geta viðskiptavinir að sjálfsögðu búið til sinn eigin pakka að vild að sögn Kristjáns.

„Þar er svo sannarlega stórmarkaður bílaáhugamanna með allar

helstu hreinsivörur fyrir bíla, bæði að innan sem utan. Viðskiptavinir njóta líka góðs af því að ræða við fagmenn sem hafa svör við öllum spurningum um hreinsun og viðhald bílsins. Hjá Málningarvörum vinnur hópur reyndra manna sem hafa starfað lengi í þessum bransa og viðskiptavinir okkar eru í góðum höndum.“

Málningarvörur eru í Lágmúla 9 í Reykjavík sem er bakhúsið hjá Nova. Verslunin er opin virka daga milli kl. 8 og 18 en til kl. 17 á föstudögum. Lokað er um helgar.

Nánari upplýsingar má finna á www.malningarvorur.is.



SNEISAFULL TASKA Meguiar's böntaskan er sneisafull af bón- og hreinsiefnum og fæst nú á 16.900 krónur.

Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara.

Þú hitar bílinn með fjarstýringu og þannig getur þú notið þæginda og öryggis.



T91



HTM100



Thermo call með App

BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16
110 Reykjavík
sími 567 2330
bilasmidurinn@bilasmidurinn.is
www.bilasmidurinn.is



Feel the Drive

Vertu laus við LIÐVERKINA

„Ég mæli hiklaust með Nutrilenk Gold fyrir þá sem vilja fara golfhringinn verkjalausir.“

Guðmundur Einarsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbs Sandgerðis

„Ég var með stöðuga verki vegna grindargliðnunarum árábil. Eftir aðeins 6 daga notkun á Nutrilenk Gold fór ég að finna fyrir bata.“

Nancy Georgsdóttir, þriggja barna móðir



NUTRILENK™ GOLD

Eitt mest selda bætiefnið fyrir liðina á Íslandi!



Útsölastaðir: flest apótek, heilsuþúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

www.gengurvel.is

OptiBac
probiotics

„For Women“
gegn sveppasýkingu, bakteríusýkingu og þvagfærasýkingu



Fast í apótekum og heilsubúðum

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
barn eiga
rétt á
vernd gegn
einfelti.



HRÆÐA ÁLFA Grýla og Leppalúði láta gjarnan ófriðlega. Hér eru gömlu hjónin að hrella gaulálfa.

VETUR ER KOMINN!

Supersport 8.5
Stærðir: 38-48
Þolir niður í -40°C
Verð kr. 24.900,-

Supersport 12.5
Stærðir: 38-48
Þolir niður í -60°C
Verð kr. 25.900,-

Frostline
Stærðir: 37-48
Þolir niður í -10°C
Verð kr. 17.900,-

FJALLI.IS
Smíðabúð 6 210 Garðabæ
Sími 564-5040 www.fjalli.is

GRÝLA VILL FÁ KRAKKA Í POKANN

GRÝLUGLEÐI Á Klausturhæð í Fljótsdal búa sagnaálfar og gaulálfar. Þeir vöknudu til lífsins fyrsta sunnudag í aðventu og skemmtu íbúum með söng og sögum um Grýlu, Leppalúða og hyski þeirra. Leikar æstust þegar Grýla og maður hennar mættu í hús og reyndu að hremma óþekka krakka í poka sína.

Sagnaálfar og gaulálfar vöknudu til lífsins á fyrsta sunnudegi í aðventu þegar þeir röltu úr Klausturhæð í Fljótsdal inn í Gunnarshús á Skriðuklaustri þar sem þeir sögðu heimamönnum frá og sungu um Grýlu og hyski hennar. Álfarnir hafa haft þennan háttinn á í fimmtán ár og eiga þannig góða dagsstund með fjölskyldum og börnum á þessum slóðum. Gleðin breyttist þó þegar Grýla sjálf og Leppalúði maður hennar birtust óvænt, létu ófriðlega og reyndu að hremma óþekka krakka ofan í poka sína. Enn hefur það ekki tekist þótt þau nái stundum einum og einum álfi að sögn Skúla Björns Gunnarssonar, forstöðumanns Gunnarsstofnunar, sem fylgst hefur með þessum skrautlegu verum undanfarin ár. „Þetta hefur verið árviss viðburður hjá okkur síðustu 15 ár og markar að vissu leyti upphaf aðventunnar hér á þessum slóðum. Þegar Grýla og Leppalúði höfðu loks yfirgefið húsakynnin var slegið upp jólakökulaðborði hér á Klausturkaffi.“

Í Grýlukvæði Stefáns Ólafssonar frá 17. öld staðsetur hann Grýlu og Leppalúða í Fljótsdalnum og segir frá því að þau eigi sér bústað í Brandsöxl og Urðarhrauni sem eru efst á hálsinum sem rís handan við Fljótsdalinn frá Skriðuklaustri. „Við vitum svo sem ekkert meira um þessa bústaði þeirra nema að þar búa þau með hyski sínu enn þann dag í dag og koma síðan til byggða þegar líður að jólum. Og líkt og á 17. öldinni reikar Grýla um sveitina í leit að matarbita.“

Sagnaálfarnir og gaulálfarnir eru álíka gamlir og Grýla þó að ekki hafi Stefán ort um þá. „En þeir búa hérna í Klausturhæðinni og muna það þegar munkar sungu messur í klaustrinu sem stóð hér á 16. öld. Þeir kunna því frá ýmsu að segja um Grýlu og það lið allt. Síðan kunna gaulálfarnir sérstaklega mikið af söngvum um þennan óþjóðaljóð.“

Skúli segir dagskrá þessa dags nokkuð hefðbundna, þó með þeirri undantekningu að aldrei er vitað nákvæmlega hverjir af álfunum skila sér né hvort gömlu hjónin koma. „Heimamenn hafa alltaf fjölmennt á þessum degi. Stund-



LIFANDI LEIKUR Sagnaálfurinn Dvalinn lýsir hér Grýlu fyrir spenntum áhorfendum í Gunnarshúsi á Skriðuklaustri.



SUNGID OG TRALLAD Sagnaálfar og gaulálfar syngja lög um Grýlu.

HYSKI TIL BYGGÐA

„Við vitum svo sem ekkert meira um þessa bústaði þeirra nema að þar búa þau með hyski sínu enn þann dag í dag og koma síðan til byggða þegar líður að jólum. Og líkt og á 17. öldinni reikar Grýla um sveitina í leit að matarbita.“

um troðfyllist húsið og þá verður nú oft mikill hávaði og læti þegar Grýla og Leppalúði birtast og leita að óþekktum börnum í hópnum. Þrátt fyrir það er þetta orðinn fastur liður í jólahaldinu hjá mörgum fjölskyldum á Austurlandi.“



SKÚLI BJÖRN GUNNARSSON Forstöðumaður Gunnarsstofnunar.

LÉTT BYLGJAN
967
- JÓLASTÖÐIN ÞÍN!



Létt Bylgjan er í Útvappinu
Útvappið má nálgast á Google Play eða App Store undir leitarorðinu "Bylgjan"

Google play App Store

Fallegar Jólagjafir



Rains Regnkápur frá
15.500,-



Úrval af bókum



Viðarúr frá
25.900,-



Marshall hátalari
99.900,-



Lesgleraugu
7.500,-



Plötuspilari
39.900,-



Úrval af hnöttum



Rúmföt
14.900,-



Loðkragar frá
10.900,-



Mikið úrval af
skartgripum



Marshall Headphone
24.900,-



Fallegir loftbelgir



Púði 60x60
19.900,-



Teppi
14.900,-



Rains Töskur frá
12.900,-



Glerbox frá
4.900

MYCONCEPTSTORE

Verslun: Laugavegur 45 / Sími: 519 66 99 / Vefverslun: www.myconceptstore.is

JÓLAANNIR Í LAUFÁSI

JÓLASTEMMING Heimilislífið í gamla bænum í Laufási lifnar við um helgina þegar Laufáshópurinn sýnir hvernig undirbúningi jólanna var háttað um 1900.

Við köllum þetta jóla-annir. Laufáshópurinn svokallaði bregður sér í hlutverk fjölskyldu sem undirbýr komu jólanna, eins og gert var í kringum árið 1900,“ segir segir Valdís Viðarsdóttir, umsjónarkona og leiðsögumaður í Laufási í Eyjafirði, en næstkomandi sunnudag lifnar gamli bærinn við.

Hægt verður að fylgjast með „heimilisfólkinu“ klippa út og búa til jólaskraut eins og gert var í gamla daga, skera út laufabrauð og fá að bragða á hangikjöti í hlóðældhúsinu. Þá verða bakaðar smákökur en smákökubakstur ruddi sér til rúms hér á landi snemma á 20. öld þegar bakarofnar komu inn á íslensk heimili.

„Í Laufási eru tvö eldhús. Gamla hlóðældhúsið fékk annað hlutverk þegar nýtt eldhús var byggt árið 1866 og ný baðstofa. Í hlóðældhúsinu verður reykt kjötið en kjötið var hengt upp í rjáfur og reykt meðan eldað var. Í nýja eldhúsinu verða bakaðar smákökur og brenndar kaffibaunir en þær komu hráar í sekkjum og þurfti fólk sjálft að brenna þær og mala. Í baðstofunni mun heimilisfólkið sitja á rúmum og skera út laufabrauðið. Hver fékk kannski bara eina köku á jölunum og því var vandað til verka. Þá bregður sr. Bolli Pétur Bollason sér í gamla prestshlutverkið og



GAMLI BÆRINN Dagskráin hefst klukkan 13.30 á sunnudaginn með hugvekju í kirkjunni.

sest á skrifstofuna við skriftir, þjófótti jólasveinninn Mókollur verður á ferðinni og stelar fyrir framán heimilisfólkið, bæði handa sér og handa krökkunum, spilað verður púkk og hægt að fá heitt súkkulaði og smákökur í prestssetrinu. Við búumst við notalegri stemmingu,“ segir Valdís en dagskráin hefst á hugvekju í Laufáskirkju klukkan 13.30 á sunnudaginn.

■ heida@365.is



JÓLAMATUR Hangikjötið var hengt upp í rjáfur í hlóðældhúsinu.



LAUFABRAUÐ Laufabrauðið verður fagurlega útskorið á sunnudaginn og hægt verður að gæða sér á smákökum og hangikjöti.

MYNDIR/LAUFÁS



TÓLGARKERTI Kertasteypa var eitt af þeim verkum sem unnin voru á aðventunni.



VETRARDAGAR
20% afsláttur af öllum fatnaði

Erum búin að kveikja á jólaljósunum og erum með heitt á könnunni.

Parísartízkann býður upp á vandaðan tísku- og skófatnað frá Þýskalandi og Ítalíu í stærðum 36-50. Áhersla er lögð á gæði og góða persónulega þjónustu.



Parísartízkann
vertu vinur okkar á facebook



BASLER *Parisartízkann*
TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND

www.smartboutique.is

Laugavegur 55, sími 551 1040

mánudag - föstudag 10 – 18

laugardaga 10 – 17

sunnudaga 12 – 16



Laugavegur 55 • www.smartboutique.is

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND

www.smartboutique.is

120 litir og 150 tegundir af leðurhönskum enginn er með meira úrval en við.



Refaskott og hanskar að eigin vali

Tilboð. **12.490 kr.**

Stutt skott og hanskar Tilboð. **9.900 kr.**

Margir nýir litir í boði.



5.950 kr.

Herratrefill og leðurhanskar hlý og góð gjöf sem klikkar aldrei Tilboð. **4.950 kr.**

Margir litir í boði.



Fallegur gervifeldskragi frá Hauer og leðurhanskar. Tilboð. **7.490 kr.**

Margir litir í boði.



Pasminur og hanskar í stíl margir litir í boði

Tilboð. **4.950 kr.** fyrir settið.



Fallegir og mjúkir herratreflar aðeins **2.500 kr.**



Herra leðurhanskar nýir litir frá **3.890 kr.**

Yfir 100 tegundir af leður seðlaveskjum verð frá **3.900 kr.**



Leður og sauðskinnis lúffur.

Barna frá **1.990 kr.**

Dömu /herra frá **3.900 kr.**



BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Toyota Rav4 5/2013 ek.34þús. Sjálfskiptur. Diesel. Ásett verð 5.990.000.- Rnr.104661



Ford Transit 125 T300 Diesel 6/2012 ek.33þús. Beinskj. Heithúðun á gólfi. Ný ryðvarinn. TILBOÐSVERÐ 3.180.000.- + vsk. Rnr.104722



Kia Sorento Diesel 2/2007 ek.134þús. Sjálfskiptur. Ný ryðvarinn. Ný túrbína. Nýjar bremsur. Ásett verð 2.690.000.- Rnr.104663

www.bilarydvarn.is
S. 587 1390

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

bilfang.is
S. 567 2000



TÆKIFÆRI!
M-Benz CLK 200 Kompressor Avantgarde (Metan/bensin) 11/2003 mód 2004 ek 178 þ.km Leður, vetrardekk ofl Frábært verð 1390 þús !!!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
<http://www.vakahf.is>



2014 NÝIR JEEP GRAND CHEROKEE OVERLAND 4X4

Sá flottasti, V6 290hó, eyðsla í blönduðum akstri 10.4L, 8 girja sjálfskiptur, Hlaðinn lúxus búnaði, Pennan verður þú að skoða, ATH 1 eftir, Tilboðsverð aðeins 10.990þkr, eru í salnum,

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opíð virka daga 10-18.00 og lau 11-15
<http://www.isband.is>

TOYOTA

Toyota Kletthálsi

Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Yaris hybrid. Árgærd 2012, ekinn 23 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.750.000. Rnr.142485.

Toyota Kletthálsi
Kléttháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 570 5220
Opíð virka daga 9-18, lau 12-16.
www.toyotakletthalsi.is

STÓRA BÍLASALAN



Toyota Yaris Hybrid - Nýir bílar Árgærdir 2014. Sjálfsk. Eigum til á bíla til á lager. Verð 2.990.000kr. Raðnúmer 156735. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Klétthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
<http://www.stora.is>

BÍLA GALLERÍ



HYUNDAI I20 Classic. Nýskr 9.2013, Ek: 39 þ.km, 5 girjar. Verð 1.990þ. Vantar bíla á skrá - Hagstæð söluauka - Ókeypis innskráning !

Bílagallerí bílasala
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 554 6700
Opíð mán-föst 10-18, lokað lau í des.
www.bilagalleri.is

ASKJA

NOTAÐIR BÍLAR



NISSAN Qashqai se. Árgærd 2013, ekinn 41 P.KM, dísel, 6 girjar. Verð 3.990.000. Rnr.240448.



MERCEDES-BENZ E 220 bluetec. Árgærd 2014, ekinn 3 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.990.000. Rnr.990994.



Kia Sorento EX Luxury. Árgærd 2012, ekinn 76 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.450.000. Rnr.990709. 5 ár eftir af verksmiðjuabýrgð.



HONDA Accord. Árgærd 2013, ekinn 32 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.991037.



BMW 320d f30 sportline. Árgærd 2014, ekinn 9 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.590.000. Rnr.990959.

ASKJA notaðir bílar
Klétthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

KRÓKUR



Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
<http://www.krokur.net>

LITLA

www.litla.is 587 7777



Diesel KIA Rio diesel. Árgærd 2014, ekinn 32 P.KM, dísel, 6 girjar. Verð 2.390.000. Rnr.114712.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

J.R.BÍLASALAN

BÍLDHÖFÐA 5, 110 REYKJAVÍK
Sími: 567-0333 www.jrbilar.is

FORD Transit 125 t300 dísel. Árgærd 2012, ekinn 33 P.KM, dísel, 6 girjar. Tilboðsverð kr. 3.180.000.- + VSK, heiluhúðun á gólf og ný ryðvarinn Rnr.106554.



MERCEDES-BENZ Atego 818l 4x2. Árgærd 2005, ekinn 230 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.900.000 + vsk Allt nýtt í bremsum, nýjir lofþúðar að aftan, topp eintak. Rnr.156864.



CITROEN Berlingo sendibíll. Árgærd 2005, ekinn 146 P.KM, bensín, 5 girjar. Tilboðsverð 590.000.000. Rnr.106552.

JR Bílasala
Bíldshöfði 3, 110 Rvk
Sími: 567 0333
Okkur vantar bíla á skrá og í stæði
www.jrbilar.is

SÍMI 567 2277 NÝJA [WWW.NYJA.IS](http://www.nyja.is)
BÍLAHÖLLIN
BÍLAHALLAN VÍÐI AUSTURRÚÐI TÚRSTUÐUNAR



MERCEDES-BENZ Gik 220 cdi 4matic. Árgærd 2012, ekinn 32 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.960. Eigum líka 2014 árg. Rnr.219710.



TOYOTA Land cruiser 90 vx. Árgærd 2001, ekinn 284 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.580. Mjög gott viðhald og vel með farinn Rnr.210216.



VW Transporter. Árgærd 2012, ekinn 73 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.450. Gullmoli Rnr.312666.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

100 bílur.is



VW Passat Comfortline TDI 4/2013 ek 43þkm, sjsk, dísel, ásett verð er 3990 þús, er á staðnum.



TOYOTA Land Cruiser 100VX 38" Árg 1/2002, ek 195 P.KM, dísel, sjálfsk, Leður, Lúga, 38" breyttur, Topp eintak, vel búinn og lítur mjög vel út, Ásett verð 4.490.000. Rnr.118932. Er á staðnum,



VW Polo Trendline TDI 4/2013 ek 46þkm, beinsk, dísel, tilboð 1750 þús, er á staðnum.



Kia Ceed EX new, 12/2012 ek 53þkm, sjsk, dísel ásett verð er 3390 þús, er á staðnum.



Toyota Yaris Terra 5/2014 ek 23þkm beinsk, dísel ásett verð er 2890 þús



Kia Picanto 4/2013 ek 51þkm beinsk, bensín tilboð 1490 þús, er á staðnum.



VW Golf Trendline TDI 4/2013 ek 60þkm, beinsk, dísel, ásett verð er 2990 þús, er á staðnum.

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00, Lau 11-15
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Seldur.is

KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKVERÐ

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar

568 5000
NÝJA SENDIBÍLASTUÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hjólbarðar

VAKA



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

Partalistinn.is

SMÁPARTAR.IS
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

Viðgerðir

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

atvinna

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARAR OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

FAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

SENDIBILL.IS

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsviðhald



Við hreinsum allar gerðir loftfrestikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

TRÉSMÍÐI
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐA-VINNA INNAN SEM UTAN. 20 ÁRA REYNsla. TILBOÐ/TÍMAVINNA. UPPL. HIÁ GUDMUNDI Í S. 895 6820. ALPARSLF@HOTMAIL.COM

Nudd
Nudd tilboð. Nuddstofan, opið frá 10-20. S. 5616254.

Spádómar
661 3839 - SÍMASPÁ
Opið frá kl. 14 alla daga.
SPÁSÍMINN 908 5666
Stjórnuspa. Tarot. Ársspa. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Til sölu
BÚÐU TIL ÞITT MYNDA-ALBUM
Auðvelt, þægilegt, flott, Ódyrt!!!...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

BÚÐU TIL ÞÍN JÓLAKORT
Auðvelt, þægilegt, flott, Ódyrt!!!...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

BÚÐU TIL ÞITT DAGATAL
Auðvelt, þægilegt, flott, Ódyrt!!!...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Til sölu er bor/fræsivél. Borð 130x300mm, borgeita í stál; 16mm. Fræs max 30mm. Stiglaus hraðastýring. Fylgihlutir; endafraesasett, festingasett, skrufstykki, borpatróna ofl. Áhugasamir sendi tölvupóst á: togt@simnet.is eða hringið í s. 843 7790

Skönnun og ljósritun
Samskipti sér um skönnun verkefninga, ljósmynda, stóra veggspjalda, og OCR skönnun. S: 5807820 eða sendu okkur fyrirspurn á sala@samskipti.is

Raspberry Pi
Raspberry Pi fæst hjá miðbajar. Sími: 552-8636 www.mbr.is

Óskast keypt
KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jöngoskar.is s. 552-4910.

Vélar og verkfæri
Til sölu er bor/fræsivél. Borð 130x300mm, borgeita í stál; 16mm. Fræs max 30mm. Stiglaus hraðastýring. Fylgihlutir; endafraesasett, festingasett, skrufstykki, borpatróna ofl. Áhugasamir sendi tölvupóst á: togt@simnet.is eða hringið í s. 843 7790

BERNHARD REYKJANESBÆ

BÍLL DAGSINS
Peugeot 1007 Trend
Nýskráður 11/2006, ekinn 70 þús.km., bensín, 5 girar. Verð kr. 890.000

Tilboð dagsins kr. **690.000**

TOYOTA
Land Cruiser 120GX
Nýskráður 1/2006, ekinn 174 þús.km., dísil, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.350.000

HONDA
Accord Executive
Nýskráður 3/2009, ekinn 72 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 2.890.000

CHEVROLET
Chevy Van Express
Nýskráður 8/2005, ekinn 158 þús.mílur, bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.990.000

PEUGEOT
508SW Allure 2.OHDI
Nýskráður 7/2013, ekinn 14 þús.km., dísil, sjálfskiptur.
Verð kr. 4.990.000

TOYOTA
Corolla Verso
Nýskráður 5/2008, ekinn 120 þús.km., bensín, 5 girar.
Verð kr. 1.690.000

SUBARU
Legacy GL
Nýskráður 4/2004, ekinn 110 þús.km., bensín, 5 girar.
Verð kr. 1.190.000

MITSUBISHI
Pajero Instyle
Nýskráður 2/2007, ekinn 138 þús.km., dísil, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.990.000

TOYOTA
Rav4
Nýskráður 6/2006, ekinn 102 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.850.000

Opnunartími
Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00

Sími 421 7800

BERNHARD REYKJANESBÆ
Bernhard - Reykjanesbæ • Njarðvíkurbraut 15 • 260 Reykjanesbæ • notadir.bernhard.is

VERSLUNARTÆKNI

Handkørfur

Shop & Roll 100 LOOP. Handkarfa á hjólum, létt og mjög hentug. Handfang hringinn

Bunzl plasthandkørfur. Margir litir. - 27 lítra

RDC Handkørfur járn. VN WB230black - Stærð: B: 36cm - L:49cm - H:20cm. 23 lítra

Caddie Handkørfuvagn VN 77455203 - B: 420 - D:285 - H:200 mm - Innanmál 400x240 mm

Caddie innkaupavagn fyrir handkørfur. VN 76141003 - b/d/h. 602x406x970 - 4ra snún hjól - handfang fáanlegt með lógó

Caddie plastjólakørfur 52 L VN 7 746 52 / 53 - 52 lítra karfa - 2 snúningshjól og 2 föst - Handfang til að draga og annað til að halda á henni. L:640 - B:360 - H:440 mm

VERSLUNARTÆKNI
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Pöntunarsími: 535 1300


Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA.

SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS

Vatnslæðning, panill, palllaefni, parket, útihúrdir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarórla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.



BÁRUJÁRN RÝMINGARSALA
Ýmsar lengdir og litir af útlitsgölluðu afgangsbárujárn til sölu. Fyrstir koma fyrstir fá. Stjórnublíkk ehf Smíðjuveg 2, Kópavogi

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Flug



EINKAFLUGMANNNAÐ Í FLUGSKÓLA ÍSLANDS - HEFST 12. JANÚAR

Láttu drauminn rætast! Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflygmanni. Kvöldskóli - nám með vinnu. - Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgir fluginu. Skráðu þig núna! Skráning á www.flugskoli.is.

Húsnæði í boði

TRÖNUHRAUN 10, HFJ.

Fullbúin hótelherb. með baðherb., neti, aðgengi að sameiginlegu eldhúsi og þvottahúsi til leigu til 01. maí. Verð kr. 65-95þús per/mán. Uppl. í s. 899 7004.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislöð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLÖDAGEYMSLA.IS

Búslöðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLULOUSNIR.IS

Búslöðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m². Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

Atvinnuhúsnæði



Til leigu bílaverkstæði með 2 lyftum og loftkerfi er a mjög góðum stað. Hugmynd 200-250þ á mán. Uppl. í s. 616 6636.

Atvinna í boði

SMÍÐIR

Vantar smíði vana uppslætti. Næg vinna í boði. Áhugasamir hafi samband í s. 662 0400 & 898 9293

TILKYNNINGAR

Einkamáll

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt fritt í s. 555-4321
Karlar auglýsa fritt, 535-9922

Heitar kynlsögur

905-2002 • 535-9930

Símadómur • Live spjall

908-6000 • 535-9999

til sölu



FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS

S. 520 3500 • Ármúla 19 • 108 RVK • atv.is



Flott sérsverslun fyrir konur, til sölu. Þekkt verslun með fallegan kvenfatnað og meðgöngu-fatnað. Er í 155 fm björtu og góðu húsnæði.

Skemmtilegt tækifæri. Uppl. í síma 773-4700

ÓSKAR MIKAELSSON, LÖGGILTUR FASTEIGNA OG FYRIRTÆKJASALI S. 773-4700

fasteignir



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINGSGÖTU 4

SÍMI 570 4500,

ÓPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is

www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.

Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

ARATÚN 5 - GARÐABÆ



ÓPIÐ HÚS



LAUST STRAX

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45

Mjög gott um 212,2 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 36,9 fm. bílskúr. Bílskúr er innréttadur sem vinnustofa, en getur einnig nýst sem studíóíbúð. Rúmgóðar stofur með arni. Garðstofa með útgangi á verönd. Ópið eldhús með nýlegri háglansinnréttingu. Þrjú til fjögur herbergi. Ræktuð lóð með afgirtri viðarverönd. Verkfæraskúr er á lóð. Hellulögð innkeyrsla með hitalögn. **Eignin er laus til afhendingar strax. Verð 49,9 millj. Verið velkomin.**



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, ÓPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Grettisgata 52 – Mikið endurnýjuð 3ja herbergja íbúð

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45



ÓPIÐ HÚS

Mikið endurnýjuð 90,0 fm. íbúð á 1. hæð með stórum suðursvölum og sér bílastæði á lóð í litlu fjölbýlishúsi í miðborginni. Íbúðin hefur verið mjög mikið endurnýjuð á sl. mánuðum, m.a. eldhúsinréttingar og tæki, gólfefni o.fl. Nýtt tvöfalt gler, nýjrir gluggar og nýtt svalahandrið. Suðursvalir. Sér bílastæði á baklóð. **Verð 34,9 millj. Verið velkomin.**

tilkynningar

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum í samræmi við 1.mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

1. Urriðaholt-Norðurhluti 2.áfangi, tillaga að deiliskipulagi.

Tillagan gerir ráð fyrir 179-198 íbúðareiningum í blandaðri byggð. Þar af verða um 139-158 íbúðir í fjölbýli, 24 í raðhúsum, 12 í parhúsum og 4 í einbýlishúsum. Leitast er við að skapa fjölbreyttni í húsagerðum og lifandi tengsl bygginga og göturyma.

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á breytingum eftirfarandi deiliskipulagsáætlana í samræmi við 1.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Mosagata, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.

Svæðið sem breytingin nær til er 1426 m². Við breytinguna fjölga íbúðum um 22 úr 79 í 101. Þar af fjölga fjölbýlisíbúðum úr 72 í 89 en sérbylisíbúðum fjölga úr 7 í 12. Sérbylisíbúðir voru raðhús en verða parhús, þar af verða 8 neðan götu en 4 ofan götu. Bílastæðum fjölga úr 170 í 233. Lóðamörk ofan fjölbýlishúsa breytast lítillega og svæðið sem skipulagið nær til stækkar lítillega til norðurs og austurs.

3. Bæjargata 11-19, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.

Tillagan gerir ráð fyrir því að ákvæði um hæð raðhúsagerðar R3 á lóðinni breytist úr 3 hæðum í 2-3 hæðir.

4. Urriðaholtsstræti 6-8, tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts viðskiptastrætis.

Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðin minnki úr 5.261 m² í 3.899 m² eða um 1362 m². Mörk deiliskipulagsins breytast. Bílastæðum á lóðinni fækkar um 12.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 3.desember 2014 til og með 14.janúar 2015. Þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmunu að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 14.janúar 2015.

Skila skal athugasemdir á bæjarskrifstofum Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri Garðabæjar



GARÐABÆR www.gardabaer.is

Skipulagslýsing til kynningar fyrir breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022 er tekur til lands við Skiðaskálann í Hveradóllum.



Skipulagslýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu, sem er til kynningar, sýnir uppbyggingu á stækkaðri lóð við Skiðaskálann í Hveradóllum sem tekur yfir 46 ha eftir stækkunina. Skiðaskálann stendur á lóð sem er í Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022 sem V2, verslunar- og þjónustulóð.

Megin markmið breytingarinnar er að setja fram stefnumörkun um aukna uppbyggingu á starfseminni við Skiðaskálann í Hveradóllum.

Nánast öll uppbyggingin er á þegar röskuðu svæði sem hefur verið útivistarsvæði í áratugi. Reiknað er með að byggja um 100 herbergja hótél en Skiðaskálann verður áfram sjálfstæður veitingastaður í endurbætri mynd. Byggja á um 10.000 m² lón í botni Stóradals. Lónið og byggingar sem því fylgir á að vera nánast hulið frá þjóðveginum af lágreistum húsum sem falla vel að umhverfinu.

Svæðið á að vera áfram fyrir göngu- og hjólahópa. Parna verður lítil verslun og önnur þjónusta við útivistarfólk. Skiðaskálann er hugsaður sem bæktistöð fyrir náttúruvænndur og aðra sem vilja hreyfa sig og njóta útiverunnar. Setja á upp skiðalyftu á sama svæði og gamla lyftan var í Hveradóllum.

Skipulagslýsingin er á heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss, www.olfus.is undir flípanum Framkvæmdaleyfi, aðal- og deiliskipulag og einnig á heimasíðu Landmótunar, www.landmoton.is. Ábendingar skulu hafa borist til Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn eða á netfangið sigurdur@olfus.is fyrir 15. desember 2014.

F. h. Sveitarfélagsins Ölfuss.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

„Það er ekki búið að taka neinar ákvarðanir í raun og veru um hvaða framkvæmdir verður ráðist í. Áður en það verður gert þarf að veða og meta valkostina og ná víðtækri sátt.“

aðila og rannsóknir og þróunarvinnuna og verið er að færa samráðið framár í ferlið en hefur verið.“

Tjónið eykst og eykst

Guðmundur segir að fyrrnefndur kostnaður þjóðarbúsins vegna flutningskerfisins eigi eftir að aukast ár frá ári.

„Kostnaður vegna rekstrartruflana mun halda áfram að vaxa og einnig vegna yfirlestunar, það er að segja þegar við erum að takmarka flutninginn. Einnig hefur þetta í för með sér að virkjanirnar koma ekki orkunni til þeirra sem nota hana og orkan sem tapast í kerfinu mun aukast,“ segir Guðmundur. Hann bætir við að fyrirtæki og heimili mæti oft raforkuskorti með því að brenna olíu.

„Sem er stórt umhverfismál í sjálfu sér. Tjónið eykst og eykst ef ekkert verður að gert og það er ekki bara tjón Landsnets heldur einnig fyrirtækja, heimila og orkuframleiðenda sem verða fyrir truflunum.“

Einnig er mikilvægt, að sögn

Guðmundar, að koma á stöðugleika í fjármálaumhverfi Landsnets. Fyrirtækið er í einokunarstöðu og Orkustofnun setur því tekjuramma og Guðmundur segir gjaldskrá Landsnets endurspegla það.

„Það er sett þak á arðsemi okkar. Þessi mörk hafa ekki enn verið fest í sessi og við erum því ekki enn farin að sjá neinn stöðugleika í þessum ákvörðunum þrátt fyrir að fyrirtækið sé að verða níu ára gamalt. Það er mikilvægt fyrir okkur sem erum að stjórna fyrirtækinu að hafa fast land undir fótum svo að aðgerðir okkar verði markvissar. Arðsemin þarf að vera þess eðlis að við séum í stakk búin til að takast á við þau miklu verkefni sem fram undan eru.“

Eins og komið hefur fram tekur Guðmundur við starfi forstjóra Landsnets um næstu áramót af Þórði Guðmundssyni. Guðmundur hefur starfað hjá fyrirtækinu frá stofnun þess árið 2005 og vísar aðspurður í það að nýjum stjórnendum fylgi alltaf einhverjar breytingar.

„Ég er búinn að vera lengi í þessum bransa og gjörþekki hann. Ég er að taka við góðu búi, reksturinn hefur verið góður og hér er mikið af hæfu starfsfólki. Ég vonast til þess að með nýjum tækjum, tólum og reglum og áherslum náum við að halda áfram og byggja kerfið upp til framtíðar og tryggja þá þennan mikilvæga hlekk því flutningskerfið er miðjan í þessari orkukeðju okkar. Hér á Íslandi er algjörlega einstakt tækifæri í að byggja upp raforkukerfi sem er algjörlega endurnýjanlegt en þá þarf að efla flutningskerfið svo að keðjan gangi vel smurð.“



VIÐ STÓRF Guðmundur Ingi tekur við starfi forstjóra Landsnets um næstu áramót.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SAMIÐ UM JARÐSTRENG FYRIR KÍSILVER UNITED SILICON Í HELGUVÍK

Landsnet hefur samið við þýska fyrirtækið Nexans um kaup á níu kílómetra löngum jarðstreng sem á að tengja fyrirhugað kísilver United Silicon í Helguvík við raforkuflutningskerfið. Strengurinn verður lagður úr Fitjum við Njarðvík út í Helguvík en samkomulag

Landsnets og Nexans hljóðar upp á tæplega 1,3 milljónir evra, jafnvirði um 200 milljóna króna.

„Nú er unnið af kappi að undirbúa nýtt tengivirki í Helguvík sem ris við hlið kísilversins,“ segir Guðmundur en hann mun undirrita samninginn í dag.

Í HELGUVÍK Strengurinn getur flutt um 160 megavött og verður lagður næsta sumar.



FRÉTTABLAÐIÐ/EFJUR



SUBARU
Confidence in Motion

SUBARU OUTBACK FJÓRHJÓLADRIFINN – SJÁLFSKIPTUR



Subaru Outback 2.0i BOXER dísil, sjálfskiptur

Verð: 6.890.000 kr.

Ný LINEARTRONIC stíglaus sjálfskipting með þrepastillingum í stýri og leðurklædd rafdrifin sæti.

6,3 l / 100 km
í blönduðum akstri



10% NÝR LÁNAMÖGULEIKI
ÚTBORGUN / 689.000 KR.

SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

Rekstraröryggi og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og síteingt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GERÐU ÖRUGG BÍLKAUP – KAUPTU SUBARU!



BL ehf.
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

Vill framleiða 5.000 gaffla á næsta ári

Benedikt Skúlason, stofnandi og framkvæmdastjóri Lauf Forks, hefur í nógu að snúast við að koma hjólagöfllum fyrirtækisins á erlenda markaði. Lærði vélaverkfræði við Columbia-háskólann og frítíminn fer í hjóltreidar og skvass.

SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Þessa dagana erum við að vinna í að koma vörinni á erlenda markaði en það tekur ansi mikinn tíma að ná utan um þau mál,“ segir Benedikt Skúlason, stofnandi og framkvæmdastjóri nýsköpunarfyrirtækisins Lauf Forks.

Fyrirtækið hefur þróað og framleitt nýja gerð af hjólagöfllum sem eru smíðaðir úr koltrefjum. Eins og kom fram í Markaðinum í október síðastliðnum þá hefur Lauf samið við bandaríska fyrirtækið QBP um dreifingu á göfllum í Kanada, Mexíkó og Mið-Ameríku.

„QBP er stærsti dreifingar- aðili hjólavarnings í heiminum. Þessi samningur er eins og að fá útgáfusamning hjá plötuframtækni því varan er nú orðin aðgengileg en svo þarf að gera eitthvað svo hún hreyfist í hillum verslananna. Við erum nú að vinna í því og svo einnig að búa okkur undir vörusýningar í Kaliforníu og Þýskalandi, og úti um allar trissur, sem verða eftir áramót,“ segir Benedikt.

Hann stofnaði fyrirtækið árið 2011, ásamt Guðbergi Björnsyni, en fyrirtækið er nú með fimm starfsmenn í fullu starfi.

„Við erum núna í fyrsta skipti að fara inn í fulla framleiðslu en gafflarnir eru framleiddir í Kína. Við stefnum að því að framleiða fimm þúsund gaffla á næsta ári.“

Benedikt lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 2004 og námi í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands 2007.

„Á þeim tíma var lítið mál að fá vinnu og ég réð mig til Ísál í Straumsvík þar sem ég vann á

þróunarsviði fyrirtækisins í eitt ár. Síðan fór ég í mastersnám til Bandaríkjanna við Columbia-háskólann.“

Benedikt hóf störf hjá Marorku þegar hann kom aftur heim og var síðar ráðinn til stoðtækjaframleiðandans Össurar.

„Ég fór til Össurar af því að ég hafði brennandi áhuga á að hanna áþreifanlegar vörur úr koltrefjum og ég vann á koltrefjadelid fyrirtækisins í um það bil ár. Síðar stofnaði ég Lauf og var þá með mjög grófa frumgerð af göfllum í höndunum.“

Benedikt er í sambúð með Ragnheiði Jónsdóttur, ritara í forsætisráðuneytinu. Spurdur um áhugamál nefnir hann meðal annars hjóltreidar og skvass.

„Eins og gefur augaleið þá hef ég mikinn áhuga á hjóltreidum en ég er kannski ekki sá harðasti í nagladekkjunum og hjóla því ekki allt árið um kring. Á veturna er ég ýmist í skvassi eða að æfa hjá Bootcamp. Ég er mest í einhverju sporti þegar ég er ekki hér í vinnunni að reyna að koma þessum málum sem tengjast fyrirtækinu á koppinn.“



HJÓLANÖRD Benedikt hefur mikinn áhuga á hjóltreidum og hefur síðustu ár unnið að því að smíða léttustu hágæðahjólagaffla í heimi.

FRÉTTABLAÐID/GVA

GEKK UM SKÓG Í TAÍLANDI Í ÞRJA DAGA ÁN ÞESS AÐ SKIPTA UM FÖT



Framtíð Íslands er björt með slíka menn innanborðs.“

„Ég hef þekkt Benna í allmörg ár en ég og fjölskylda mín kynntust honum í Veggsporti, sem er samkomustaður þeirra sem iðka skvass á Íslandi. Benni er á líkum aldri og börnin mín og þau spila iðulega. Ég sá fljótt hversu mikill eðaldrengur hann Benni er og ekki hef ég enn séð hann missa sig í hita leiksins sem er þó býsna algengt meðal félaganna. Benni er fylginn sér í salnum og mér sýnist að það einkenni hann í því sem hann tekur sér fyrir hendur í lífinu. Þessi eiginleiki hans að hafa stjórn á sér í hita leiksins er svo sannarlega eitthvað sem nýtist honum á þeim vettvangi þar sem hann starfar.“

Brynja Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Norvikur



ekkert verkefni sé

„Benni er alltaf léttur í lundu og stutt í húmor og gleði hjá honum. Hann hefur skemmtilega nærveru og tekur sig ekki of hátíðlega. Hann er heldur ekki mikið að stressa sig á einhverjum smáhlutum. Mér er minnisstæð þriggja daga gönguferð sem við fórum saman í skógi í Taílandi og hann tók ekkert með sér nema fötin sem hann var í, stuttbuxur, bol og strigaskó. Í þrjá daga! Það sem er lýsandi fyrir Benna er þessi ástríða sem hann hefur í þeim verkefnum sem honum finnst áhugaverð. Hann hefur mjög skýra rökhugsun og mikla þrautseigju svo það virðist sem of stórt eða flókið fyrir hann.“

Árni Pétur Gunnsteinsson, verkfræðingur hjá Össuri ehf.

SIGURÐUR ERLINGSSON

Uppgreiðsluvandinn enn þá myllusteinn um háls ÍLS

Sigurður Erlingsson tók við starfi forstjóra Íbúðalánasjóðs í nóvember 2010 en hafði áður starfað hjá Landsbanka Íslands frá 2000-2008, fyrst sem sérfræðingur í greiningardeild og síðar sem forstöðumaður á alþjóðasviði bankans. Rætt er við Sigurð í nýjasta þætti Klínksins þar sem hann fer m.a. yfir svokallaðan uppgreiðsluvanda sem er helsta rót erfiðleika Íbúðalánasjóðs. Ríkissjóður hefur á síðustu árum þurft að leggja sjóðnum til rúmlega 50 milljarða króna til að halda eigin fé hans yfir lögbundnu lágmarki (4%) en það hefur samt ekki dugað til. Uppgreiðsluvandi Íbúðalánasjóðs birtist í því að viðskiptavinir sjóðsins, almennir lántakendur, geta greitt upp lán sín ef þeir vilja endurfjármagna þau. Sjóðurinn getur hins vegar ekki greitt upp eigin skuldabréf og því eiga fjárfestar alltaf von á öruggri ávöxtun á bréf sín. Þetta þýðir að sjóðurinn situr uppi með tugi milljarða króna vegna uppgreiðslu viðskiptavina sem hann getur ekki notað til að gera upp eigin skuldir.

klínkið

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@365.is



Viðtalið við Sigurð Erlingsson er hægt að sjá í þættinum **Klínkinu á www.visir.is.**



Á síðustu árum hefur ríkissjóður tvívegis lagt fram nýtt eigið fé til að rétta stöðu Íbúðalánasjóðs, samtals um 50 ma.kr. Þarf sjóðurinn á frekara framlagi að halda frá ríkinu?

„Það er enn þá uppi sú staða að við erum að færa töluverða virðisrýmun til hliðar og það eru enn þá uppi óvissuþættir í rekstrinum. Meðan það er taprekstur til staðar þarf að leggja sjóðnum til fé ef menn ætla að viðhalda eigin fé sjóðsins. Ef markmiðið er að viðhalda eiginfjárlutfallinu jákvæðu, eða nálægt lögmæltu marki sem er fjögur prósent, sem við erum reyndar undir í dag, þá þarf eiginfjárlagsframlag til að dekkja það.“

Þessi uppgreiðsluvandi, er hann ekki rótin að erfiðleikum sjóðsins?

„Eitt af allra stærstu vandamálum sjóðsins sem búið að vera lengi viðvarandi. Þetta er stórt mál og þetta er þannig vandamál að það getur leyst vel en það getur líka farið mjög illa. Þetta er stórt vandamál á íslenskan mælikvarða og þetta er stórt mál í öllu samhengi. Þarna sitjum við uppi með rúmlega 50 milljarða króna í lausu fé en erum að horfa upp á að sitja uppi með 70-100 milljarða í lausu fé og getum í raun ekki greitt upp skuldir með samsvarandi hætti. Vandinn birtist í því að í stað þess að vera að lána út á fjögur prósent vöxtum erum að ávaxta þetta fé á þrjú prósent vöxtum.“

Vitum við hvernig á að leysa þetta vandamál?

„Það þarf að vera einhvers konar samkomulag um breytingu á þessu fyrirkomulagi. Annar valkostur er að takast á við tjónið ef allt fer á versta veg. Nauðasamningar við eigendur skuldabréfanna hafa aldrei verið ræddir.“

Hvað finnst þér um þær hugmyndir að Íbúðalánasjóður verði hlutaður í sundur þannig að annar hlutinn muni taka við félagslegu hlutverki sjóðsins á meðan hinn annast umsjón með núverandi útlánasafni og skuldum sjóðsins þar til lánasafnið er runnið út eða það selt?

„Ég held að þessi tvö félög geti átt náið samstarf. Menn geti jafnvel notað það sem til er í sjóðnum til þess að reka kerfi og ferla fyrir nýja lánveitandann en það þarf að vera til staðar fjárhagslegur aðskilnaður. Það er ákveðin hagkvæmni í því að samnýta kerfi sem eru á báðum stöðum.“

Þú hefur sagt að ÍLS hafi ekki birt greiðsluáætlanir þar sem miðað var við 0% verðbólgu og því hafi ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins um að slíkt brjóti gegn tilskipun um neytendalán takmörkuð áhrif á sjóðinn, en hvað með lánasöfn annarra fjármála-fyrirtækja sem ÍLS hefur keypt?

„Það er ákveðin óvissa þar. Stutta svarið er að það er mismunandi og jafn ólíkt og aðilarnir eru margir. Það er mjög erfitt að segja hvaða áhrif þetta hefur á þessi lánasöfn. Hvað ÍLS varðar þá gáfum við ekki út greiðsluáætlanir og hvergi í okkar skjölum er gefið til kynna að það verði 0% verðbólga.“

SPENNANDI JÓLAGJAFIR!

ASUS

10" IPS HÁSKERPUSKJÁR

40.000 króna verðlækkun á þessari flottu spjaldtölvu frá Asus vegna hagstæðra innkaupa fyrir jólin. Skjárinn ber af með 1920x1200 upplausn í háskerpu og IPS skjátækni sem gerir alla liti mjög skýra og bjarta. Öflugur PowerVR SGX 544MP skjákjarni og tvíkjarna Intel Atom örgjörvi. 2GB í vinnsluminni og 32GB Flash minni sem hægt er að stækka um allt að 64GB með micro SD korti. Vegur aðeins 580gr.



49.990

FULLT VERÐ 89.990

ASU-ME302CIA027A

HVÍT MEÐ I5 OG SSD

TOSHIBA
TOS-L50BIT4

129.990

VINSÆLASTI SJÓNVARPSFLAKKARINN

A.C. Ryan
ACR-PV73500

19.990

FJÖGURRA KJARNA SKJÁTÖLVA

acer
ACE-DQSUREQ001

79.990

TRAUSTUR USB3 FLAKKARI

INTENSO
INT-MEMORYBOX3TB

16.990
FULLT VERÐ 19.990

8" SPJALDTÖLVA Á 14.990!

nextbook

14.990
NEX-NX008HD8G

LEIKJALYKLABORÐ MEÐ LED Í HVERJUM TAKKA

CORSAIR
COR-K70RGBMXBR

39.990

RAZER ABYSSUS LEIKJAMÚS

RAZER
RAZ-ABYSSUS2014

6.990

BORÐTÖLVA MEÐ QUAD CORE I5

ASUS

104.990
FULLT VERÐ 119.990
ASU-BP1AFI5444S080B



REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRÁUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
SÍMI 431 3333

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
Það verður spennandi að sjá hver tekur við lykklum að Sölvhóls-götu 7. Einar K. Guðfinnsson hefur þótt líklegur.

Verkefni innanríkisráðherra eru bæði mjög fjölbreytt og vandasöm:

Óþarfi að fást um kyn eða búsetu

Tólf dagar eru liðnir frá því að Hanna Birna Kristjánsdóttir sagði af sér embætti innanríkisráðherra. Nokkur eftirvænting ríkir um það hver tekur við stólnum, enda er staðreyndin sú að enginn einn augljós kostur er í stöðunni. Einar K. Guðfinnsson hefur helst verið nefndur. Hann hefur mikla reynslu úr stjórnvöldum, er sá þingmaður sem einna lengst hefur setið á Alþingi. Að auki hefur hann reynslu af setu í sjávarútvegsráðuneytinu, þótt nærri megi geta að það embætti sé í eðli sínu gerólikt embætti innanríkisráðherra.



Markaðshornið

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

Peir mála-flokkar sem Hanna Birna bar ábyrgð á eru gríðarlega fjölbreyttir.

annars vegar og samgönguráðuneytið hins vegar allt þar til í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar.

Verkefnum ráðuneytisins var síðan skipt á milli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og Hönnu Birnu eftir að þáverandi aðstoðarmaður Hönnu Birnu var ákærður fyrir trúnaðarbrot síðla sumars. Nú eftir að lausn hefur fengist í það mál fyrir héraðsdómi og Hanna Birna hefur axlað ábyrgð með því að víkja úr embættinu verður ekki síður spennandi að vita hvort til standi að fela einum ráðherra öll verkefni að nýju. Eða hvort ráðuneytinu verður skipt upp á nýjan leik.

Hvort sem málaflökkarnir verða í einu ráðuneyti eða tveimur, þá hlýtur að skipta máli hvernig tekst til með mannvál í ráðuneytinu. Raddir ýmissa hópa innan Sjálfstæðisflokksins eru sterkar. Sjálfstæðismenn í Vestmannaeyjum vilja að þingmaður Suðurlands gegni embættinu, að venju er rödd kvennahreyfingar flokksins um að kona gegni embættinu sterk. Sjálfum finnst mér réttast að taka undir með Heimdellingum, sem leggja áherslu á að velja hæfasta einstaklinginn í embætti innanríkisráðherra, óháð kyni eða búsetu.

SPÁNVERJAR MÓTMÆLA OLÍUBORUN Á KANARÍEYJUM



ÓSÁTTIR VIÐ OLÍUBORUN Spánverjar mótmæla harðlega olíuborun á Kanaríeyjum þessa dagana. Á meðal þess sem mótmælendur gerðu til þess að vekja athygli á sér var að birta ákall á hjálpu í sérstakri SOS-keðju. Strendur Kanaríeyja eru vinsæll ferðamanna-staður.

NORDICPHOTOS/AFP

Byggjum upp til framtíðar



Skoðun

Grímur Sæmundsen
formaður Samtaka ferða-
þjónustunnar (SAF)

Það er óhætt að segja að ferðaþjónusta á Íslandi standi nú á krossgötum og greinin horfi til móts við nýja tíma. Á síðasta ári varð ferðaþjónustan í fyrsta skiptið stærsta útflutningsatvinnugrein þjóðarinnar og var hlutfall hennar 26,8% af heildarútlutningstekjum. Sé horft til ársins í ár og tímabilið janúar-september skoðað var hlutfallið 28% og fer því enn vaxandi. Að mati Hagstofnunar hefði ekki mælst hagvöxtur í landinu á síðasta ári nema vegna vaxtar í ferðaþjónustu. Undanfarið ár hefur fjölgun erlendra ferðamanna sem sækja landið heim verið um 20% á ári og gera spár ráð fyrir um 15% aukningu á næsta ári. Þannig hefur ferðaþjónustan orðið að nýrri undirstöðuáttvinnugrein þjóðarinnar.

Þrátt fyrir að vel gangi er að mörgu að huga hvað þessa vaxandi atvinnugrein varðar. Það eru tækifæri við hvert fótmál til að gera betur, en áskoranirnar eru einnig fjölmargar. Ferðaþjónustan og stjórnvöld ásamt landsmönnum öllum þurfa að taka höndum saman og taka á þeim úrlausnarefnum sem við blasa. Það er hins vegar ánægjulegt að ferðaþjónustan hefur fengið meiri athygli stjórnvalda um leið og landsmenn gera sér í auknum mæli grein fyrir mikilvægi greinarinnar fyrir samfélagið og þjóðarbúið allt.

Stefnumótun ýtt úr vör

Í október sl. ákvað Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferðamála, að setja í gang vinnu við mótun stefnu og framtíðarsýnar fyrir ferðaþjónustu á Íslandi í samstarfi stjórnvalda og Samtaka ferðaþjónustunnar. Er lagt upp með að byggja öflugan grunn fyrir ferðaþjónustu á Íslandi og stuðla að samkeppnishæfni greinarinnar á alþjóðlegum vettvangi til lengri tíma. Fjölmargar skýrslur hafa verið teknar saman á undanföllum árum um ferðaþjónustu á Íslandi, en nú er unnið að heildstæðri langtímastefnumótun fyrir greinina og framkvæmdaáætlunum á grunni þessarar stefnumótunar. Á ráðherra ferðamála hrós skilið fyrir að stuðla að þessu brýna verkefni. Skipaður hefur verið stýrihópur um verkefnið undir forystu ráðherra ásamt undirrituðum, Helgu Árnadóttur, framkvæmdastjóra SAF, og Ólöfu Yri Atladóttur ferðamálastjóra. Þá sér verkefnahópur undir stjórn Guðfinnu Bjarnadóttur ráðgjafa um framkvæmd verkefnisins sem komið er í fullan gang. Segja má að starfinu hafi verið formlega ýtt úr vör í byrjun nóvember sl. á fjölmennum fundi ýmissa hagsmunaaðila, ekki bara úr greininni sjálfri heldur einnig úr öðrum áttum en eins og flestir vita er greinin afar víðfeðm og snertir marga þætti þjóðlífsins. Vinna við stefnumótunina mun standa yfir fram á vorið 2015 þegar niðurstöður munu liggja fyrir.

Ferðaþjónusta í fremstu röð

Miklar vonir eru bundnar við að niðurstöður stefnumótunarvinn-

“ Miklar vonir eru bundnar við að niðurstöður stefnumótunarvinnunnar verði leiðarljós fyrir íslenska ferðaþjónustu – þannig að Ísland skipi sér á bekk meðal þeirra þjóða sem eru í fremstu röð í heiminum í atvinnugreininni.

unnar verði leiðarljós fyrir íslenska ferðaþjónustu – þannig að Ísland skipi sér á bekk meðal þeirra þjóða sem eru í fremstu röð í heiminum í atvinnugreininni.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa lagt áherslu á að ferðaþjónustan búi við heilbrigða samkeppni og samkeppnishæf rekstrarskilyrði. Við teljum brýnt að nýsköpun og fagmennska treysti stöðir ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar og byggji á virðingu fyrir landi og þjóð. Þá þarf ferðaþjónustan að búa við innviði sem styðja framfarir hennar.

Fyrirtæki og vegvísar að sjálfbærni á 21. öldinni

Hin hliðin

Lára Jóhannsdóttir,
Lektor í umhverfis- og auðlindafraeðum við viðskiptafræðideild HÍ

Rekstrarskilyrði fyrirtækja á 21. öld fela í sér minni notkun jarðefnaeldsneytis og takmarkað framboð auðlinda.

Hugtakið sjálfbær þróun felur í sér að núverandi kynslóð geti mætt þörfum sínum án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að uppfylla sínar þarfir. Til þess að svo megi verða þarf að gæta jafnvægis á milli efnahagslegra,

samfélagslegra og umhverfislegra þátta. Hugtakið sjálfbærni er þrengra en hugtakið sjálfbær þróun, en þá eru áherslurnar þær sömu en fyrir smærri einingar svo sem iðngreinar eða fyrirtæki.

Vegvísir að sjálfbærni

Árið 2010 gaf CERES út vegvísi að sjálfbærni fyrir fyrirtæki 21. aldarinnar. Í skýrslunni er fjallað um væntingar sem gerðar verða til fyrirtækja á öldinni. Væntingarnar eru settar fram í 20 liðum sem skiptast á fjóra flokka. Fyrsti flokkurinn fjallar um stjórnarhætti fyrirtækja, en þeir eiga að taka mið af sjálfbærri þróun. Hvatt er til þess að fjölbreytni sé höfð að leiðarljósi þegar skipað er í stjórnir fyrirtækja, stjórnir búi yfir þekkingu og reynslu á sviði sjálfbærni og að umbun stjórnenda taki mið af markmiðum og frammistöðu fyrirtækja varðandi sjálfbærni. Annar flokkurinn fjallar um þá hagsmunaaðila sem tengjast viðkomandi fyrirtækjum.

Þar er gert ráð fyrir því að fyrirtækin opni dyr sínar fyrir þeim og virki þá til þátttöku eftir því sem við á. Meðal hagsmunaaðila sem fyrirtæki eru hvött til að virkja eru fjárfestar, frjáls félagasamtök og aðrir hópar sem hafa eitthvað til málanna að leggja varðandi sjálfbærnistefnur fyrirtækjanna. Þriðji flokkurinn fjallar um upplýsingagjöf fyrirtækja en þar er gert ráð fyrir að fyrirtæki miðli upplýsingum um frammistöðu sína varðandi umhverfis- og samfélagslega þætti rekstrarsins.

Áþreifanlegur árangur


Fjórir flokkurinn – og sá mikilvægasti – fjallar um frammistöðu fyrirtækja á sviði sjálfbærni. Gert er ráð fyrir því að árangur fyrirtækja

sé áþreifanlegur, þ.e. að fyrirtæki geti sýnt fram á að aðgerðir þeirra stuðli að sjálfbærri þróun. Loftslagsbreytingar eru teknar sem dæmi, en þar þurfa fyrirtæki að sýna fram á bættar orkunýtingu í eigin rekstri. Bætt mannréttindi eru einnig nefnd sem dæmi, auk þess sem hringrásarhugsun og byggja á virðingu fyrir landi og þjóð. Þá þarf ferðaþjónustan að búa við innviði sem styðja framfarir hennar.

Rekstrarskilyrði fyrirtækja á 21. öld fela í sér minni notkun jarðefnaeldsneytis og takmarkað framboð auðlinda. Þau fyrirtæki sem best geta aðlagð sig þeim skilyrðum verða þau sem best munu þrífast á 21. öldinni að mati CERES. Eru íslensk fyrirtæki í stakk búin til að starfa við slík rekstrarskilyrði?

HROSSA- HLÁTUR

Gamansögur af hestum og mönnum



Við fögnum
útgáfu bókarinnar
Hrossahlátur
í Eymundsson
skólavörðustíg.
klukkan 17:00 í dag.
Júlíus Brjánsson áritar
og lesið verður
úr bókinni.



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Kellavík - Sólvalldagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

444 ÞÚSUNDA TAP SÍS í mínus

Rekstur Sambands íslenskra samvinnufélaga (SÍS) skilaði 444 þúsunda króna tapi á síðasta ári. Samkvæmt efnahagsreikningi fyrirtækisins nema eignir þessa fyrrum rísa í íslensku atvinnulífi um 14 milljónum króna en skuldirnar 306 þúsundum króna. SÍS var rekið með um 1,3 milljóna tapi árið 2012.

1.12.2014 „Núna eru upplýsingar að leka út úr þessum skattaskjólum með ýmsum hætti og það er líka verið að gera samninga, alþjóðlega samninga um upplýsingaskipti við þessi skattaskjól, og þá myndast þessi hæfilegi ótti. Svona kerfi vantar hérna á Íslandi. Það vantar þessa hvata sem eru í öðrum ríkjum svo menn komi fram.“

Frosti Sigurjónsson þingmaður.



300 MILLJÓNA LÆKKUN

Markaðsverðmæti Olíufélagsins N1 nemur 16 milljörðum

300 milljóna króna lækkun hefur orðið á hlutafé N1. Í tilkynningu til Kauphallar Íslands í gær segir að lækkunin sé með vísan til tilkynningar sem félagið birti opinberlega þann 25. nóvember síðastliðinn. Frá og með 27. nóvember 2014 var skráð hlutafé N1 hf. í viðskiptakerfi NASDAQ OMX Iceland 700 milljónir íslenskra króna að nafnvirði. Miðað við það er markaðsvirði félagsins 16,3 milljarðar.



STJÓRNAR- MAÐURINN

Glögg er gestsaugað

Stjórnarmanninum þykir sem málaferli breska kaupþingsmánsins Vincent Tchenguiz gegn Kaupþingi og öðrum hafi ekki farið jafn hátt í fjölmiðlum hér á landi og efni standa til.

FRÉTTIR af málinu hafa einblínt á þær upphæðir sem deilt er um, en krafa Tchenguiz nemur ríflega 400 milljörðum íslenskra króna, eða sem samsvarar rúmlega helmingi uppgefna heildareigna Kaupþings. Minna hefur hins vegar farið fyrir því að skoða þær forsendur sem að baki liggja. Forsaga málsins er sú að snemma árs 2011 réðst breska efnahagsbrotadeildin SFO í húsleit hjá Tchenguiz bræðrum í London, og handtók þá í kjölfarið. Síðar kom á daginn að húsleitirnar og handtökurnar höfðu verið ólöglegar, og gekk þetta mál svo nærri SFO að rætt var um það af fullri alvöru í Bretlandi að leggja þyrfti stofnunina niður. Fór þó svo að lokum að SFO greiddi Vincent Tchenguiz þrjár milljónir punda í skaðabætur og birti opinberlega afsökunarbeiðni.

Í SKAÐABÓTAKRÖFU Tchenguiz gegn Kaupþingi kemur fram að aðgerðir SFO voru byggðar á gögnum frá endurskoðunarfyrrirtækinu Grant Thornton og slitastjórn Kaupþings. SFO taldi sig ekki hafa næg gögn til að rannsaka Tchenguiz, og fékk því Grant Thornton til að útbúa skýrslu þar sem fram komu ásakanir á hendur Tchenguiz um saknæmt athæfi. Þar með fékk SFO átyllu til að ráðast gegn Tchenguiz, en í þessu ferli öllu virðist sem slitastjórn Kaupþings og sérstakur saksóknari á Íslandi hafi verið með í ráðum. Órlog SFO eru dæmi um hverjar afleiðingar misbeitingar valds eru í síðuðum réttarríkjum. Það er nefnilega ekki þannig að tilgangurinn helgi alltaf meðalið.

GLÖGGT er gestsaugað og þessi áfellsdómur yfir vinnubrögðum SFO, Kaupþings og sérstaks saksóknara vekur okkur vonandi til umhugsunar um hvort rétt hafi verið haldið á spilunum við rannsóknir síðustu ára hér á landi.

Þrætuepli til sölu?

ÁKVÖRDUN atvinnuveganefndar að setja átta virkjanakosti í nýtingarflokk fór misvel í menn og talaði stjórnarandstaðan um fruntaskap ríkisstjórnarinnar. Það stóð ekki á svörum frá fulltrúum ríkisstjórnarinnar: „Þið byrjuðuð!“

ATKVÆÐAVEIÐAR og kjördæmapólitik hafa lengi ráðið ferðinni þegar kemur að ákvörðunartöku sem snýr að þessum málaflökki. Ljóst er að ef arðsemissjónarmið væru höfð að leiðarljósi væri öðruvísi haldið á spilunum. Tímabært er að skoða alvarlega þann möguleika að selja Landsvirkjun, í hluta eða heild, samhliða eflingu regluverksins. Langtímahagsmunum þjóðarinnar er alltént ekki þjónað í núverandi kerfi.

Hörðu pakkarnir

• frá Dualit •



Brauðrist

- 2 brauðsneiðar
- auðvelt að þrifa
- tímastillir

Kr. 32.944,-



Handþeytari

- kraftmikill 400W
- margir aukahlutir
- auðvelt að þrifa

Kr. 16.900,-



Töfrasproti

- kraftmikill 700W
- 6-blaða hnifur
- margir aukahlutir

Kr. 19.453,-



Hraðsuðuketill

- 1,7l
- snúrulaus ketill
- ryðfrítt stál

Kr. 20.331,-



Mjólurfreyðir

- köld og heit froða
- ryðfrítt stál
- auðvelt að þrifa

Kr. 18.198,-



Við undirbúning í eldhúsi og við matreiðslu er fátt betra en að vinna með vönduð og góð tæki. Dualit tækin eru ekki einungis vönduð og traust heldur eru þau líka fallega hönnuð sem eykur enn á ánægjuna við að vinna með þau. Kynntu þér breiða vörulínu Dualit í verslun Fastus í Síðumúla 16. Dualit vörurnar eru margverðlaunaðar og hafa fengið m.a. stimpilinn frá Good Housekeeping Institute.



Veit á vandaða lausn

BAKKAÐU UPP VEISLUNA EÐA NÆSTA FUND.

Jólabakki

12

BITAR

Hamborgarhryggur og kartöflusalat. Jólásildarsalat. Dönsk lífrakæfa, sveppir og beikon.



3.950 kr.

JÓLA!

Peking önd

30

BITAR

Steikt Peking önd með Peking sósu, gúrkum, blaðlauk og salatblöndu í mjúkri tortilla köku.



3.950 kr.

JÓLA!

Tortilla partýbakki

30

BITAR

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur og spínat. Fetaostur, rauðlaukur og spínat. Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat og lauksósa.



3.950 kr.

NÝTT

Gamli góði

20

BITAR

Hangikjöt, eggjasalat og fint brauð. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur og fint brauð. Rækjusalat og fint brauð.



3.550 kr.

Eðalbakki

20

BITAR

Hangikjöt, piparrótarsósa, salatmix og kornbrauð. Beikon, egg, steiktir, ferskir sveppir og fint brauð. Kjúklingur, rautt pesto, sýrður rjómi paprika, salatmix og kornbrauð.



3.550 kr.

Lúxusbakki

20

BITAR

Reyktur lax, jöklasalat, chantillysósa, fint brauð. Kjúklingur, egg, lauksósa og kornbrauð. Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa og kornbrauð.



3.550 kr.

Tortilla veislubakki

30

BITAR

Reykt skinka, egg og jöklasalat. Tikka masala kjúklingur og jöklasalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar og salatmix.



3.950 kr.

Tortilla heilsubakki

30

BITAR

Heilhveitortilla, hummus, paprika og salatmix. Heilhveitortilla, reyktur lax, salatmix og rjómaostur. Tómatortilla, spínat, fetaostur, rauðlaukur, og lauksósa.



3.950 kr.

Pítubakki

24

BITAR

Tikka masala kjúklingur og íssalat. Reykt skinka, eggja- og íssalat.



3.550 kr.

Ávaxtabakki

10

MANN

Vínber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.



2.690 kr.

Kökubakki

24

BITAR

Eplakaka, súkkulaðikaka, gulrótarkaka.



3.190 kr.

Ókeypis heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Munið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 daginn fyrir afhendingu.

Pantaðu í
síma 565 6000
eða á somi.is.



Ferskt á hverjum degi



F4 | KL. 20:40

The Dead Mothers Club

Áhugaverður heimildarþáttur um þrjár konur sem eiga það sameiginlegt að hafa misst móður sína á unglingsárunum. Hér er rætt við leikkonurnar, Jane Fonda, Rosie O'Donnel og Molly Shannon.

Frábært miðvikudagskvöld

F4 | KL. 18:10

Jóladagatal Skoppu og Skríttlu

Skoppa og Skríttla opna nýjan glugga á nýju jóladagatali á hverjum degi fram að jólum á Stöð 2.



F4 | KL. 20:15

Heimsókn

Sindri Sindrason heimsækir Eddu Björgvinsdóttur, leikkonu, á fallega jólaskreytt heimili hennar á Laufásveginum.



F4 | KL. 21:50

Bones

Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings



3 | KL. 22:00

Sherlock Holmes: A Game Of Shadows

Baráttan við glæpakónginn, Professor Moriarty berst um alla Evrópu í æsispennandi eltingaleik.



3 | KL. 20:35

The Gates

Spennandi þættir um mann sem tekur að sér stöðu lögreglustjóra í rölegum bæ en ekki er allt sem sýnist.



Krakka Stöðin | KL. 18:00

Dóra landkönnuður

Við fylgjumst með Dóru og apanum Klossa í ævintýrum þeirra yfir fjöll og firnindi.



SUDOKU

LÉTT				
8	3		1	5
		2	8	
5	9		4	
	4			9
6	7		5	2
1		8		
		6	5	9
3		6	9	2
	8			3

LÉTT

MIDLUNGS				
	6		1	5
		4	2	
		3	6	8
3			7	2
5	9			
				3
	7			3
		8	1	
6			4	

MIDLUNGS

PUNG				
9				
	3		6	
		8	3	9
4	5		6	8
			1	
		9	5	1
6	2	8		4
		3		
1	7		6	

PUNG

8	7	3	2	1	4	9	5	6
9	1	2	3	5	6	8	7	4
4	5	6	9	7	8	1	3	2
5	9	4	6	3	2	7	1	8
2	6	7	1	8	5	3	4	9
1	3	8	7	4	9	6	2	5
3	2	9	5	6	7	4	8	1
6	4	1	8	2	3	5	9	7
7	8	5	4	9	1	2	6	3
9	6	5	3	4	1	7	8	2
7	8	3	6	9	2	1	4	5
8	1	7	2	6	5	9	3	4
2	3	6	9	7	4	8	5	1
4	5	9	1	3	8	2	7	6
3	7	2	4	1	6	5	9	8
5	4	1	7	8	9	6	2	3
6	9	8	5	2	3	4	1	7
1	3	6	5	4	7	2	9	8
2	4	7	3	9	8	1	5	6
8	5	9	6	1	2	3	4	7
3	9	8	4	2	5	6	7	1
4	7	1	9	6	3	5	8	2
5	6	2	7	8	1	9	3	4
6	8	3	1	7	9	4	2	5
7	1	5	2	3	4	8	6	9
9	2	4	8	5	6	7	1	3

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Ef þú heldur andlitinu þínu í sólinni þá sérðu engan skugga.“

Helen Keller.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Hlíðar Þór Hreinsson (2.245), Skákfélaginu Hugin, hafði hvítt gegn Thomas Henrichs (2.476), Skákdeild Fjölnis, á Íslandsmóti skákkfélaga.

Hvítur á leik:



31. Bxh6! Hf8? (31.... Hd7 og 31.... Hxg2+ eru t.d. betri) 32. Bxg7! (hvítur fær nú bæði peðin á kóngsvængnum) 32.... Dxd7 33. Hg5+ H2f7 33. Hxg7+ Hxg7 34. Db3 og liðsyrfirburðir hvíts dugðu til sigurs í 59 leikjum.

www.skak.is Guðlaug skákmeistari Garðabæjar

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
14					15
16			17		
18		19			20
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. skák, 6. ólæti, 8. titill, 9. fugl, 11. ekki, 12. skemmtun, 14. dunkur, 16. skóli, 17. niður, 18. fugl, 20. ónefndur, 21. tangi.

LÓÐRÉTT

1. steintegund, 3. frá, 4. lausn, 5. slit, 7. segulband, 10. meiðsli, 13. sníkjudýr, 15. dugnaður, 16. skst., 19. tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 1. kalk, 2. tónband, 3. á, 4. frelsun, 5. líti, 6. olíu, 7. tónband, 8. titill, 9. fugl, 10. titill, 11. ekki, 12. skemmtun, 13. skóli, 14. dunkur, 15. sníkjudýr, 16. skst., 17. niður, 18. fugl, 19. tveir eins, 20. ónefndur, 21. tangi.

KRÓNAN

GJAFAKORT KRÓNUNNAR

Jólagjöfin sem nýtist öllum

GJAFAKORT

KRÓNAN



Gjafakort Krónunnar er tilvalin jólagjöf sem nýtist öllum heimilum, stórum jafnt sem smáum.

Þú þarft ekki að gera annað en velja upphæðina, að lágmarki 5.000 kr., og getur verið viss um að gjöfin þín hittir í mark.



**Pantaðu gjafakortið
á kronan.is**



Fyrsta plata AmabAdamA er komin út!

Fæst á geisladisk, vínýl og á tónlistarveitum

Inniheldur lagið „Hossa Hossa“!

Record Records

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



ÚR BÓKINNI
Býlin settu svip á umhverfið í Sogamýri. Þar voru Brekka, Réttarholt og Melbær.

MYND AF BLS. 69/LJÓSMYNDARI OPEKKTUR

Þótti sjálfsagt mál að vera með smábúskap

Ótrúlega stutt er síðan Reykvíkingar bjástruðu við búfé og kartöfluræktun. Það rennur upp fyrir þeim sem skoða bókina Sveitin í sálinni – búskapur í sveit og myndun borgar – eftir Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðing.

„Mér fannst sveitabúskapurinn í borginni spennandi viðfangs efni,“ segir Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur beðinn að lýsa því hvernig bókinn Sveitin í sálinni varð til. „Áhuginn kviknaði þegar ég var að vinna að Sögu Reykjavíkur fyrir allmörgum árum, þá skrifaði ég um tímabilið, 1940-1990 og fylltist löngun til að fylgja vissum efnum áfram ef tækifæri gæfist. Braggalífið var eitt af þeim og braggabókin kom út nokkuð fljótlega. Nú er það sveitin í Reykjavík sem er til umfjöllunar. Þegar ég var að vinna í Sögu Reykjavíkur fann ég hvað hún var fyrirferðarmikil í bæjarlandinu og hugsun fólksins. Það þótti sjálfsagt mál að vera með smábúskap, nokkrar kindur og kartöflugarða, jafnvel kýr. Kúm fór fækkandi upp úr miðjum 6. áratugnum en margir muna eftir kúm í Laugardalnum mun lengur.“

Bókin fjallar að mestu um tímabilið 1930-1970. Eggert segir hana búna að vera í huga hans býsna lengi. „Þegar vinnan fór í gang við hana af fullum krafti fyrir nokkrum árum sat ég mikið á Borgarskjalasafninu og svo er ég sagnfræðingur og legg mikið upp úr myndum því ég lít á myndir sem mjög mikilvægar heimildir. Oft er líka mun aðgengilegra fyrir lesandann að fá efni skýrt með myndum en löngum texta. Myndirnar í nýju bókinni kveikja margar minningar hjá fólki og yngra fólkið er hissa að sjá að Reykjavík skyldi vera með þessum hætti.“

Eggert Þór hefur sýnilega lagt mikla vinnu í myndaleit. Hann segir Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafninu hafa gefið mikið af sér. „Svo er líka ansi gott myndasafn frá stríðsárunum í Kvímyndasafni Íslands, ég nýtti mér það. Ég leitaði líka til afkomenda þeirra sem stunduðu búskap í borginni. Fjölskyldubúmin eru ansi drjúg og miklu drýgri en margir átta sig á. Margar myndir sýna börn og í baksýn getur verið allt að gerast sem sagnfræðingurinn hefur áhuga á. Svo lögðu áhugaljósmyndarar líka mikið til bókarinnar.“

Eggert Þór kveðst hafa alist upp í miðbæ Reykjavíkur til tíu ára aldurs svo sveituumhverfið hafi verið fjarri honum nema hvað hann hafi verið í skólagörðunum, Aldamóttagörðunum sunn-



SAGNFRÆÐINGURINN „Hugmyndafræðin bak við skólagarðana var sú að krakkar sem ekki kæmst í sveit þyrftu að komast í tengsl við landið og finna fyrir gróður-mætti moldarinnar,“ segir Eggert Þór.

FRETTABLAÐIÐ/VILHELM



Í MIÐBORGinni Á Grettisgötu 20a milli Klapparstígs og Frakkastígs var fjós fram á sjötta áratuginn. Þaðan voru kýrnar reknar á beit í Vatnsmýrina.

MYND/ÚR BÓKINNI SVEITIN Í SÁLinni. LJÓSMYNDARI/GUÐMUNDUR HJÖRLEIFSSON

an Hringbrautar sem voru þar sem BSI og Læknagarður eru nú. „Hugmyndafræðin bak við skólagarðana var sú að krakkar sem ekki kæmst í sveit þyrftu að komast í tengsl við landið og finna fyrir gróður-mætti moldarinnar. Auk þess fylgdi gördunum holl útivera,“ lýsir sagnfræðingurinn sem flutti í Árbæjarhverfið þegar það var í byggingu, sá þar oft kindur á beit og náði í skottið á gamla tímanum í Selásnum, þar sem fólk bjó á svokölluðum Selásblettum. „Skammt frá voru kartöflugarðarnir í Borgarmýrinni þar

sem Ölgerðin er nú. Ég fór stundum með ömmu þangað að taka upp. Garðlöndin voru víða enda voru Reykvíkingar með fjórðung allrar uppskeru í landinu sum árin. „Það er líka forvitnilegt að átta sig á hvernig byggðin þróaðist. Það var ekkert verið að ráðast vöðva mikið á þetta ræktarland, heldur farið með íbúðahverfi í hringi kringum þau vítt og breitt. Fólk fannst líka lengi vel óhugsandi að búa í fjölbýlishúsum. Þjóð sem hafði búið þúsund ár í sveit gat ekki hugsað sér að vera í fjölbýli.“

gun@frettabladid.is

ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN

Tilnefning

ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN

TILNEFNINGAR 2014

FAGURBÓKMENNTIR



Á einangraðan stað suður með sjó, þar sem aldrei gerist neitt, berast fregnir af átökum heimsstyrjaldarinnar. Fyrir en varir hefur atburðarásin teygt anga sína þangað og nútíminn heldur innreið sína með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

„Stórkostlegur evrópskur skáldsagnahöfundur.“

MILAN KUNDERA



★★★★★
„... bæði raunsæisleg og töfrum slungin ... nálgast fullkomin.“

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR / FRÉTTATÍMINN

„Ein af stórtíðindum bókavertíðarinnar ...“

EGILL HELGASON / KILJAN

★★★★★
„... djúp, myndin og skrifuð af mikilli ástúð og stílsnild.“

KRISTJÁN GUÐJÓNSSON / DV

„Verkið markar honum enda ótvírætt sess sem einum eftirtektarverðasta og frumlegasta höfundi sinnar kynslóðar.“

FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR / VÍÐSJÁ



Kristín er menntaður myndlistarmaður og hefur unnið ljóðin og myndirnar sem eina heild svo að úr verður óvenju heilsteypt og beinskeytt listaverk um samband og sambandsleysi, ást og andúð, þrá og skeytingarleysi.

„[Kok] er svo falleg og góð ... dásemd fyrir unnendur ljóða og fallegra gripa ... Verulega góð! Fögur.“

AUÐUR HARALDSDÓTTIR / VIRKIR MORGNAÐAR



FORLAGIÐ

www.forlagid.is

Poppuð danshátíð

DANS ★★★★★

Reykjavík dansfestival

RADIO DANCE OG ON AIR
Nadja Hjorton

ATLANTIC
Juli Reinartz

Það er ekki á hverjum degi sem maður sest í leikhús, kemur sér vel fyrir í sætinu og lokar svo augunum til þess að njóta þess að hlusta á dansverk. En þannig var það í verki Nadja Hjorton Radio Dance sem var á dagskrá Reykjavík dansfestival í Tjarnarbíói föstudagskvöldið 28. nóvember. Þetta var einlægt og hrífandi verk þar sem blandað var saman upplifuninni af því að hlusta á útvarp þar sem hver og einn skapar sinn eigin ævintýraheim og þess að horfa á dans. Því, jú, þegar líða tók á verkið varð að opna augun og sjá hvað var að gerast á sviðinu. Á laugardagskvöldinu endurtók Nadja leikinn í verkinu On Air nema þar hafði hún fengið í lið með sér þrjá aðra dansara í þátt í anda frjálsu útvarpsstöðvanna þar sem þáttastjórnendur sátu og spjölluðu um daginn og veginn á milli þess sem þeir spiluðu lög. Ólíkt hefðbundinni útvarpsútsendingu þá heyrðist ekki aðeins í flytjendum heldur sástu þeir á sviðinu staðsettir inni í stórrí plastkúlu íklæddir skrautlegum fötum, með litrík blóm og kaffikönnur og með skemmtilega lýsingunni í stúdíóinu hjá sér. Látbragð stjórnendanna á meðan lögin voru spiluð var ekki síður áhugavert en umræðuefni þeirra og hreyfingararnar sem boðið var upp á þegar dansararnir yfirgáfu plastkúluna



ON AIR „On Air var ekki eins heilsteypt og vel útfært eins og Radio Dance en engu að síður mjög áhugavert.“

og dönsuðu um sviðið voru ólíkar öllu því sem undirrituð hefur séð í dansverkum. On Air var ekki eins heilsteypt og vel útfært eins og Radio Dance en engu að síður mjög áhugavert. Það sem gerði það ekki síst þess virði að horfa á og hlusta var hinn sterki femíníski tónn sem einkenndi allt sem fram fór. Í fyrsta lagi voru allar raddir þáttarins kvenraddir eitthvað sem heyrir til undantekninga á íslenskum útvarpsstöðum. Í öðru lagi var umræðuefnið mjög kvenlægt eins og t.d. sjálfsfróun kvenna. Í þriðja lagi voru hreyfingar dansaranna á sviðinu tengdar líkamlegri virkni frekar en fegurð eins og hefðin hefur verið í dansheiminum og í fjórða lagi var kvenlíkaminn sýndur á sviðinu á afslappaðan og eðlilegan hátt, ekkert brasilískt þar.

Atlantic eftir Juli Reinartz vísaði í hlutverk aðalsöngvarans og tengsla hans við áhorfendur. Verkið var órætt og veikt en áhugavert að því leyti að það hafði þessa hversdagslegu framsetningu kvenlíkamans þó ekki væri hann nakin einn og í On Air.

Þema Reykjavík dansfestivalis að þessu sinni voru áhrif poppmennningar á dansinn. Þemað komst ágætlega til skila og þá ekki síst áhrif tónlistar á nútíma danssköpun. Í DEAD Beauty and the Beast, Fronting and Atlantic var hreinlega sótt í smíðju söngvara þungarokks og popphljómsveita um hreyfingar og í A lecture on Borderline Musicals sem var aftur á efniskrá hátíðarinnar er leikið með hugmyndirnar um þungarokksöngleiki. Solid Gold og Jolie sóttu aftur á mót hreyfiforða sinn í dansmenningu sem venjulega er flokkuð sem afþreyingariðnaður frekar en listdans og útvarpsdansverk Nadja Hjorton er bein eftiröpun á spjallþáttunum sem fylla allar útvarpsstöðvar í dag.

Sesselja G. Magnúsdóttir

NIÐURSTAÐA: Reykjavík dansfestival var vel heppnuð hátíð íslenskra og erlendra dansunnenda og ýtti enn og aftur við hugmyndum áhorfenda um eðli listdansins. Það verður spennandi að sjá hvað boðið verður upp á í febrúar.

Hin skarpa skálmöld

BÆKUR ★★★★★

Skálmöld

Einar Kárason

MÁL OG MENNING

Árið 2001 vaknaði Þórður kakali með einhverja rosalegustu timburmenn íslenskrar bókmenntasögu í skáldsögu Einars Kárasonar Óvinafagnaði. Ekki batnaði líðan Kakala þegar hann frétti af Örylgsstaðabardaga úti á Íslandi, faðir hans og bræður höfðu verið brytjaðir niður af Gissuri Þorvaldssyni, Kolbeini unga og mönnum þeirra. Í kjölfar Óvinafagnaðar fylgdu svo Ofsi og Skáld sem einnig lýstu atburðum og persónum úr Sturlungu og nú hefur Einar lokað hringnum með síðustu bókinni í flokknum, Skálmöld, sem lýsir aðdraganda Örylgsstaðabardaga, uppgangi Sturlu Sighvatssonar sem höfðingja og valdabrólti hans.

Frásagnaraðferð Skálmaldar er að mestu leyti sú sama og í fyrstu bókunum. Persónur sögunnar, Sturla Sighvatsson, Solveig Sæmundsdóttir eiginkona hans, Guðmundur góði, Gissur Þorvaldsson og fleiri stórmenni Sturlungaaldar, segja búta úr sögunni frá sínu sjónarhorni í fyrstu persónu. Persónur Sturlungu eru þó ekki einar á sviðinu. Þrisvar í sögunni tekur til máls persóna sem nefnir sig „EK, árið 2014“. Nafnið er auðvitað hvort tveggja í senn, upphafsstafrir höfundarins og orðaleikur með forna mynd persónufornafnsins „ég“. EK útskýrir í þessum innskotum stöðu sögunnar innan flokksins sem heildar og rabbar við lesandann um söguefnið og aðra sem hafa fengist við það, ekki síst Thor Vilhjálmsson og skáldsögu hans um Sturlu Sighvatsson, Morgunþulu í stráum.


Þessi innskot eru fróðleg en þau rjúfa líka frásögnina, rífa lesandann út úr sögunni og gera hlé á þeirri innlifun í örlög og tilfinningar persónanna sem gerir Sturlungubálk Einars annars að magnaðri lestrarreynslu. EK bendir raunar á að bækur fullar af slíkum innskotum séu „mjög í tísku þessi misserin“ (20), sem má til sanns vegar færa, en maður veltir því samt fyrir sér hvort þessi innskot hefðu átt betur heima sem eftirmáli höfundar en sem hluti af sögunni.

Frásagnarkafllarnir í Skálmöld standast fyllilega samanburð við fyrri bækur Einars. Myndin



AINAR KÁRASON „Fjórleikur Einars Kárasonar um Sturlungu sem heild er frábær skáldskapur sem varpar ljósi bæði á sögutímann og ritunartíma sinn“, segir Jón Yngvi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sem smám saman er dregin upp af Sturlu Sighvatssyni, bæði með þeim orðum sem lögð eru honum sjálfum í munn og því sem aðrir segja um hann og hugsa er mögnuð úttekt á ofdrambi og valdasýki sem leiðir tortímingu yfir hann sjálfan og þá sem standa honum næst.



Margir þeirra sem verða Sturlungu handgengnir eignast þar sína upphaldspersónu, höfðingja sem þeir standa með, og maður fær á tilfinninguna við lestur Skálmaldar að Gissur Þorvaldsson sé maður Einars. Andstæðingar hans, Sturlungar eru vandræðafólk í bókinni, flestir gæddir miklum mannkostum, en

stórlega gallaðir, ýmist of djarfir eða of tregir til að grípa í taumana eins og Sighvatur faðir Sturlu sem grunar hvert hofmóður sonarins mun leiða, en finnst of gaman að taka þátt í veislunni og uppganginu til að stöðva hann. Sem fyrr eru líka í sögunni eftirminnilegar persónur sem standa utan beinna átaka, ekki síst konurnar í lífi Sturlungu.

Skálmöld lýkur þar sem Óvinafagnaður hefst þannig að sem heild bitur bálkurinn rækilega í skottið á sér. Fjórleikur Einars Kárasonar um Sturlungu sem heild er frábær skáldskapur sem varpar ljósi bæði á sögutímann og ritunartíma sinn eins og þær sögulegu skáldsögur sem rísa hæst gera jafnan.

Jón Yngvi Jóhannsson

NIÐURSTAÐA: Lokahlutinn í mögnuðum bálki sögulegra skáldsagna sem hófst með Óvinafagnaði árið 2001. Frásagnarkafllarnir eru margir magnaðir en innskot sögmansnna orka tvímælis.

PAKKINN ÞINN er í traustum höndum

Komdu jólapökkunum til okkar og við komum þeim í réttar hendur hratt og örugglega.

www.postur.is



SCHOLA CANTORUM Fyrri aðventutónleikar Schola cantorum eru í hádeginu í dag. MYND: GUNNAR FREYR STEINSSON

Fögur kórtónlist tengd aðventu og jóluum

Fyrri aðventutónleikar Schola cantorum fara fram í hádeginu í dag í Hallgrímskirkju.

Kom þú, kom vor Immanuel er yfirskrift fyrri aðventutónleika Schola cantorum í desember, þar sem kórin býður upp á fagra kórtónlist tengda aðventu og jóluum. Tónleikarnir fara fram í Hallgrímskirkju í dag og hefjast klukkan 12 á hádegis.

Á efnisskránni er meðal annars Slá þú hjartans hörpustrengi eftir J.S. Bach, adventusálmar, jólasálmar eftir Hafliða Hallgrímsson og Ave María eftir Sigvalda Kaldalóns. Stjórnandi og orgelleikari er Hörður Áskelsson og einsöngvari er Hildigunnur Einarsdóttir.



ORGANISTINN Gunnar flytur eigin útsetningar með félögum sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Djasstríó flytur íslenska sálma

Gunnar Gunnarsson, píanóleikari og organisti, er með tónleika í Fríkirkjunni annað kvöld, 4. desember, klukkan 20 í tilefni af útkomu geislaþötunnar 525.

Þarna kemur Gunnar fram með djasstríóið sitt sem auk hans er skipað þeim Ásgeiri Ásgeirssyni á gítar og Þorgrími Jónssyni á kontrabassa.

Þeir félagar leika útsetningar Gunnars á íslenskrum sálmátónlist og ekki er ólíklegt að eldra efni fái að hljóma líka, því tvær fyrstu plötur Gunnars, Skálm og Stef, komu nýlega út í nýrri og breyttri útgáfu.

Tilbeiðsla og upphafning á ríki tilfinninganna


Sigrún Hrólfsdóttir myndlistarkona opnar sýningu á verkinu Kjarna í Listasafni Íslands á morgun.

„Ég fékk innblástur meðal annars frá hundrað ára gömlum málverkum Gabriele Munther.“

„Ég virkja tilfinningarnar efnislega með einföldum hætti í Kjarna. Hendur draga mislita taubúta úr höfði manneskju og á andliti hennar birtast litir og mismunandi samsetningar.“ Þannig lýsir Sigrún Hrólfsdóttir myndlistarkona því sem fyrir augu ber á sýningu sem hún opnar á morgun í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg.

Sigrún er ein af stofnendum Gjörningaklúbbsins sem hefur unnið listaverk í marga miðla en eiga öll rætur í gjörningalist. „Verk-

id Kjarna er barnslæg og einlæg tilbeiðsla og upphafning á ríki tilfinninganna. Ég fékk innblástur meðal annars frá hundrað ára gömlum málverkum Gabriele Munther og annarra þýskra expressjónista og líka myndefni úr heilaskanna,“ lýsir hún.



KJARNI Sigrún Hrólfsdóttir sýnir í Listasafni Íslands.



HALLGRÍMSKIRKJA Hugmynd Einarss Þorsteins arkitekts frá 1974 um að byggja íbúðir fyrir prestskandídata utan á kirkjunni.

Eitthvað fyrir Gluggagægi

Í anddyri Hönnunarsafns Íslands á Garðatorgi er glugga í anddyrinu breytt í jóladagatal. Þar er sýndur einn hlutur úr safninu á hverjum degi fram að jólam.

Leyndin ein ríkir jafnan fram að klukkan 12 á hádegi, þá kemur í ljós hvað verður fyrir valinu, fatnaður, grafísk hönnun, keramik eða húsgagn. Áhersla er lögð á að draga fram fjölbreytni safneignarinnar.

Þeir sem missa af því að skoða hlutinn í glugganum geta séð hann og upplýsingar um hann á heimasíðu safnsins eða á Facebook. Þar birtast þeir líka einn og einn fram að jólam.

- gun

Mannabörn á Björtuloftum

Síðustu tónleikar ársins með lögum af plötunni Mannabörn verða haldnir í Björtuloftum í Hörpu í kvöld klukkan 21. Það er Jazzklúbburinn Múlinn sem stendur að tónleikunum. Þar kemur fram kvartett skipaður bassaleikaranum og tónskáldinu Tómasi R. Einarssyni, söngkonunni Sigríði Thorlacius, píanistanum Gunnari Gunnarssyni og kongaleikaranum Sigtryggi Baldurssyni.

Upplifðu. Deildu.

Deildu þínum myndum á samfélagsmiðlunum með Lumia 830



Lumia 830

10MP Pure View myndavél

Nýjasti Windows 8.1 hugbúnaðurinn

Yfir 350.000 öpp, m.a. fyrir Instagram, Twitter, Vine og Snapchat

Práðlaus hleðsla

Gorilla glass III skjávörn

Kynntu þér úrval Lumia síma hjá söluaðilum um allt land. Opn kerfi er umboðs- og þjónustuaðili Lumia á Íslandi.



LUMIA 530 LUMIA 635 LUMIA 735 LUMIA 830

Dökka hliðin á jólamyndunum

Fréttablaðið tekur saman sex af skrítnustu, steiktustu og skemmtilegustu költjólamyndunum sem hafa komið út.

Á dögnum birti Fréttablaðið lista yfir helstu jólakvikmyndirnar, enda eru flestir farnir að telja niður dagana til jóla. Þó er til heill hellingur af lítt þekktari jólamyndum sem aðeins harðir

kvikmyndanörðar kannast við. Blaðið tók saman nokkrar af skrítnustu, brjáluðustu og hryllilegustu jólamyndunum, sumar við hæfi barna en aðrar ekki. - þj



Black Christmas (1974)

Black Christmas er kanadísk hryllingsmynd sem gerist í systrafélagi í háskóla. Raðmorðingi er í felum í húsinu og stútar dömumum hverri á fætur annarri. Black Christmas er oft talin vera fyrsta „slasher“ hryllingsmyndin en það eru myndir eins og Friday the 13th og Halloween þar sem geðsjúkir morðingar hrella fórnarlömb, oftast en ekki með einhvers konar eggvopnum.



The Junky's Christmas (1993)

Stuttmynd sem gerð var með claymation-tækninni upp úr samnefndri smásögu skáldsins William S. Burroughs, sem les inn á myndina og kemur einnig sjálfur fram. Myndin fjallar um ungan dópista sem eyðir jóluum sínum í að reyna að redda sér næsta skammti. Ásamt morfínskammtinum tekst honum að finna jólaandann. Francis Ford Coppola, leikstjóri the Godfather, framleiddi myndina.



Santa Clause Conquers the Martians (1964)

Gjörsamlega snargeðveik fjölskyldumynd sem lendir oft á listum yfir verstu myndir allra tíma en hún er ein af þeim myndum sem eru svo ofboðslega lélegar að þær fara allan hringinn og verða frábær skemmtun. Leiðtogar plánetunnar Mars ræna jólasveininum af jörðinni og fara með hann til Mars til að bjarga börnum plánetunnar, sem þarfnast meira frelsis og skemmtunar. Jólasveinninn byggir dótaverksmiðju á Mars og lendir í alls kyns ævintýrum.



Silent Night, Deadly Night (1984)

Silent Night, Deadly Night er mun þekktari „jóna-slasher“ heldur en Christmas Evil af einhverjum ástæðum, nema hvað að þessi er hlægilegri og ekki jafn alvarleg, þótt hún eigi kannski að vera það. Myndin byrjar á því að ungur drengur verður vitni að því að maður í jólasveinabúningi myrðir foreldra hans á hrottafenginn hátt. Drengurinn vex úr grasi á hræðilegu kaþólsku munaðarleysingjahæli og verður brátt

sjálfur raðmorðingi í jólasveinabúningi. Myndin vakti mikla hneykslun þegar hún kom út í Bandaríkjunum á sínum tíma. Nokkrar framhaldsmyndir voru gerðar en í mynd númer tvö er hið fræga „Garbage Day“-atriði sem menn ættu að fletta upp á netinu vilji þeir fá gott hláturskast.



Rare Exports: A Christmas Tale (2010)

Þetta er stórskemmtileg finnsk ævintýra- og spennumynd, sem er ásamt Santa Clause Conquers the Martians líklega eina fjölskylduvæna myndin á þessum lista. Rare Exports fjallar um Lappa í Finnlandi sem komast að hinu rétta um jólasveinin, sem reynist ekki vera neinn ljúfur Coca-Cola jólasveinn. Frábær mynd sem Íslendingar ættu að tengja við enda eru gömlu íslensku jólasveinarnir algjörir hrottar og djöflar, rétt eins og þeir á meginlandinu.



Christmas Evil (1980)

Christmas Evil var kölluð „besta jólamynd allra tíma“ af leikstjóranum geðþekka John Waters, en um er að ræða koldökka hryllingsmynd. Myndin fjallar um geðsjúkan mann sem klæðist jólasveinabúningi og fer (bókstaflega) að skera úr um hverjir hafa verið góðir og hverjir óþekkir.

Hátíðarkrafturinn kemur úr Knorr

Settu hátíðarkraft í sósuna með Knorr – kraftinum sem þú þekkir og treystir!



Knorr

...kemur með góða bragðið!



Á FRUMSÝNINGU Andy Serkis (í miðjunni) á frumsýningu nýjustu Hobbita-myndarinnar ásamt Ian McKellen og Orlando Bloom. NORDICPHOTOS/GETTY

Andy Serkis með tvö hlutverk í Star Wars

Mátturinn virðist vera í liði með breska leikaranum.

Orðrómur er uppi um að Andy Serkis fari með tvö hlutverk í Star Wars: The Force Awakens.

Samkvæmt vefsíðunni Jedi News leikur Serkis hefðbundna persónu og líka persónu sem hann talar fyrir. Hann er einmitt frægur fyrir að tala fyrir hinar ýmsu persónur, þar á meðal Gollum í Lord of the Rings og Hobbítanum, King Kong, aþann Caesar í Planet of the Apes og Kolbein kaptein í Tinna.

Í hlutverkinu sem hann er sagður tala fyrir í Star Wars verður Serkis leiðtogi „hóps ótrúlegra persóna með íþróttamannslega hæfileika“. Í þeim hópi eru einnig leikkonan Crystal Clarke og Pip Anderson, sem er sérfræðingur í

íþróttinni parkour. Hitt hlutverk Serkis verður smærra í sniðum en ku vera mikilvægt fyrir söguþráðinn.

Serkis staðfesti nýlega að hann hefði talað inn á fyrstu stikluna úr Star Wars: The Force Awakens sem kom út í síðustu viku. Netverjar töldu margir hverjir að leikarinn Benedict Cumberbatch hefði verið á bak við hljóðnemann en það reyndist ekki rétt. „Já, þetta er ég. Ég er viss um að Benedict þarf ekki á meiri athygli að halda í augnablikinu,“ sagði Serkis við Absolute Radio.

Star Wars-myndin er væntanleg í kvikmyndahúsi 18. desember á næsta ári í leikstjórn J.J. Abrams.

Notice

The Embassy of India will move its premises on Friday, the 5th December 2014. Kindly note that there will be no issuance of Visa or any other Consular Services on that day.

Normal services will be resumed at our new address at Túngata 7, 101 Reykjavík w.e.f Thursday the 9th of December 2014.

On Monday the 8th of December Visas for emergency purposes only will be issued.



FÍNT FYRIR JÓLIN

Jólatilboð frá 1.12 - 13.12



ALMAR Spring
Sturtuhaus 20 cm
Áður kr: 9.450,-
Tilboð kr: **6.900,-**



ALMAR Emotion
Sturtuhaus 10 cm
Áður kr: 3.990,-
Tilboð kr: **2.990,-**



ALMAR Onda
Handsturtuhaus
Áður kr: 2.490,-
Tilboð kr: **1.990,-**



ALMAR Skinny
Handsturtuhaus
Áður kr: 1.990,-
Tilboð kr: **1.490,-**



Sturtubarki 150 cm
Áður kr: 1.910,-
Tilboð kr: **1.490,-**



TEKA Calm Sport
Sturtuset
Áður kr: 8.500,-
Tilboð kr: **6.900,-**

GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
Opíð virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

Tilkynnt um Bond í dag

Tilkynnt verður í beinni útsendingu á morgun hver titill nýju James Bond-myndarinnar verður og hvaða leikarar fara með helstu hlutverkin. Athöfnin fer fram í Pinewood-kvikmyndaverinu og verður hægt að fylgjast með henni á 007.com þar sem allar stjörnur verða á staðnum.

Tökur á myndinni hefjast næstkomandi mánudag og verða þær líkast til í Obertilliach í Austurríki, Róm og Marokk. Talið er að Lea Seydoux verði nýjasta Bond-stúlkan og að hinn tvöfaldi Óskars-verðlaunahafi Christoph Waltz leiki aðal illmennid.



DANIEL CRAIG Craig mun áfram leika njónsnera hennar hátígnar, 007.

Dund og dútl á aðventu

BAKPANKAR Ragnheiðar Tryggvadóttur



Stefnan var sett á fyrsta sunnudag í aðventu. Þá skyldu seriurnar upp í alla glugga og svalahandriðið vafið blikkandi jólaljósum, aðventukransinn stæði tilbúinn á borði, svo myndum við tendra spádómskertið í andakt, niðurtalningarkertið yrði líka klárt í stjaka, súkkulaðidagatölin á náttborðum barnanna, piparkökudeigi í kælunum og heimagerður skrautglassúr í fjórum litum í handhægum sprautubrúsum þar við hliðina, ekki keyptur í búð. Búið yrði að kaupa mandarínukassa og malt og appelsín til að grípa til meðan væri verið að klippa út snjóhorn úr pappír, við ætluðum að fönðra jólskrautið í ár, súkkulaði og marsípan, ef einhver skyldi langa til að búa til konfekt. Smjör, egg og lyftiduft í kassavís svo hægt yrði að henda í sort hvenær sem er og grenikrans með rauðri slaufu hengi á útidyráhurðinni. Aðventan er svo notaleg, ekkert nema kósíheit og kruðerí, dund og dútl.

PEGAR vefja átti blikkljósumum um svalahandriðið skall reyndar á óveður, svo hressilegt að við

ferjuðum grillið og garðhúsgögnin inn í stofu. Hef ekki farið enn út í slagveðrið með seríuna. Konfektgerðarsúkkulaðið virðist klárast jafnóðum, enda er ég ekki búin að kaupa marsípanið. Ég gleymdi líka að kaupa grenið í hurðarkransinn og aðventukransinn var ekki tilbúinn í tæka tíð, spurning hvort við náum honum fyrir Betlehemskerðið. Piparkökubakstrinum var bjargað með tilbúnu deigi og forblönduðum glassúr, úr búð. Ég á oft egg og smjör og stundum lyftiduft og kakó en aldrei allt fernt á sama tíma. Enn hefur ekki gefist tími til að klippa út snjóhornin og þegar ég hugsa um það er líklega ekki til pappír. Ég finn ekki kertastjaka sem niðurtalningarkertið passar í. Við erum þegar komin þrjá daga í skuld.

SAMT er ekki öll nótt úti enn, bara þriðji desember í dag. Enn er tuttugu og einn dagur til stefnu, tuttugu og einn dagur í kósíheit, dund og dútl. Ég þarf bara að muna eftir greninu og aðventukransinum, var ég annars búin að kaupa kertin? Muna eftir pappír, smjóri og eggjum og ekki seinna en í kvöld verð ég að finna kerta-stjaka sem passar.

Breska tískuelítan skemmti sér

British Fashion Awards voru haldin í London Coliseum á mánudag. Gestalistinn var þétt skipaður helstu tískumógúlum Breta ásamt fleiri góðum gestum. Stærstu sigurvegarar kvöldsins voru Victoria Beckham fyrir merki ársins, Emma Watson fékk Style Award og Cara Delevingne var valin fyrrsæta ársins. Yfirhönnuðurinn Nicholas Ghesquière tók við verðlaunum sem Louis Vuitton fékk sem besta alþjóðlega merkið. Hönnuðurinn John Galliano kom fram í fyrsta sinn síðan tilkynnt var að hann tæki við Margiela-tískuhúsinu, þegar hann afhenti Önnu Wintour, ritstjóra Vogue, heiðursverðlaun fyrir starf hennar í þágu tískunnar.



BESTA BRESKA MERKIÐ Victoria Beckham ásamt eiginmanni sínum, David Beckham, en hún tók við verðlaunum fyrir besta breska tískumerkið.

NORDICPHOTOS/GETTY



HE FOR SHE Emma Watson hlaut the British Style Award ásamt Harry Styles, sem fékk verðlaunin í fyrra. Hún klæddist hvítum samfestingi frá Misha Nonoo og hann var í fötum frá Lanvin.



FYRRISÆTA ÁRSINS Poppy Delevingne, Cara Delevingne sem var valin fyrrsæta ársins, Joan Smalls og Karlie Kloss stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.



BESTA ALPJÓÐLEGA MERKIÐ Nicholas Ghesquière, yfirhönnuður Louis Vuitton.



FLOTT Í BLEIKU Leikkonan Anna Kendrick í kjól frá Victoria Beckham og skóm frá Christian Louboutin.



TÖFFARI Söngkonan Ellie Goulding í kjól frá Roland Mouret.



SÝNDI LEGGINA Rihanna sýndi leggina í stórum jakka frá Stelli McCartney.



STÍGUR EKKI FEILSPÖR Anna Wintour, með dótturinni Bee Shaffer, en Anna fékk heiðursverðlaun fyrir starf sitt hjá Vogue.

SAMBÍÓIN

LOS ANGELES TIMES ★★★★★

NEW YORK POST ★★★★★

EMPIRE ★★★★★

TIME OUT LONDON ★★★★★

VARIETY ★★★★★

ALFABAKKA

THIS IS WHERE I LEAVE YOU kl. 8 - 10:20

MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR 2D kl. 5:50

MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR 3D kl. 6:20

DUMB AND DUMBER TO kl. 5:40 - 8 - 10:20

INTERSTELLAR kl. 5:40 - 8:30 - 9:30

INTERSTELLAR VIP kl. 5 - 8:30

ALGJÖR SVEPPI kl. 5:40

JOHN WICK kl. 8 - 10:20

EGILSHÖLL

THIS IS WHERE I LEAVE YOU kl. 5:40 - 8 - 10:20

INTERSTELLAR 4K kl. 8

INTERSTELLAR kl. 6:30 - 10

MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR 3D kl. 5:50

THE RAILWAY MAN kl. 8 - 10:30

ALGJÖR SVEPPI kl. 5:40

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

INTERSTELLAR kl. 5:30 - 9

THE RAILWAY MAN kl. 8 - 10:20

AFINN kl. 5:40

VIKINGO kl. 6 - 8 - 10

KEFLAVÍK

THIS IS WHERE I LEAVE YOU kl. 10:30

THE HUNGER GAMES kl. 8

DUMB AND DUMBER TO kl. 8

VIKINGO kl. 10:20

AKUREYRI

THIS IS WHERE I LEAVE YOU kl. 8

THE RAILWAY MAN kl. 5:40

INTERSTELLAR kl. 8:30

ALGJÖR SVEPPI kl. 6

VIKINGO kl. 10:20

SAMBÍÓIS

SMÁRA BÍÓ HÁSHÓLA BÍÓ

MOCKINGJAY

MÖRGÆSIRNAR

SMÁRA BÍÓ 5%

MOCKINGJAY kl. 5 - 8 - 10:45

MOCKINGJAY LUXUS kl. 5 - 8 - 10:45

EXODUS 3D FORSYNING kl. 8:30

MÖRGÆSIR ISL TAL 2D kl. 3:15 - 5:30

MÖRGÆSIR ISL TAL 3D kl. 3:15 - 5:30

MÖRGÆSIR ENSKT TAL 3D kl. 8

DUMB AND DUMBER kl. 3:30 - 6 - 8 - 10:30

GONE GIRL kl. 10:15

HÁSHÓLA BÍÓ 5%

MOCKINGJAY kl. 6 - 9 - 10:30

DUMB AND DUMBER kl. 5:30 - 8 - 10:30

MÖRGÆSIR ISL TAL 2D kl. 5:15

MÖRGÆSIR ISL TAL 3D kl. 5:30

ST. VINCENT kl. 8

NIGHTCRAWLER kl. 8

GRAFIR OG BEN kl. 10:30

LAUGARÁS BÍÓ Coca-Cola LAUGARÁS BÍÓ

MOCKINGJAY

MÖRGÆSIRNAR

LAUGARÁS BÍÓ

Sýningartímar

HUNGER GAMES: MOCKINGJAY 5:30, 7, 10(P)

MÖRGÆSIRNAR 2D 5

DUMB & DUMBER TO 5:30, 8, 10:20

NIGHTCRAWLER 8, 10:30

BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Whiplash 17.45, 22.15

Clouds of Sils Maria 17.30, 20.00

Turist 17.45, 20.00

White God 20.00, 22.30

20.000 days on Earth 22.15

SILS MARIA

Ábendingahnaðinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

dyson

ÖFLUGAR HÁGÆÐA
RYKSUGUR

*Fyrir þá sem
vilja aðeins
það besta!*



Sem verkfræðingar verðum við að skoða og meta núverandi tækni og spyrja hvort til séu betri lausnir. Það er drifkrafturinn hjá Dyson - nýtt hugvit, nýjar lausnir. „Ég fann upp og þróaði Dyson Cyclone tæknina með þetta í huga. Ég vissi að það hlyti að vera til betri leið. Um það bil 5.127 frumgerðum síðar hafði ég fundið lausnina“.

James Dyson

JAMES DYSON
uppfinningamaður cyclone
vacuum tækninnar.



- Mikill sogkraftur
- Engir pokar
- Góðar loftsíur
- Minni rafmagnsnotkun



- Dyson DC29**
- Pokalaus 1400W ryksuga
 - Radial Root Cyclone tækni
 - 280 AW sogkraftur
 - 6,5 metra snúra
 - 10 metra vinnusvæði
 - Þyngd: 7,91 kg
 - Parket-/teppahaus stillanlegur
 - Húsgagnabursti
 - Varanlegur filter sem má þvo
 - Einn útskiptanlegur filter
 - 2ja ára ábyrgð

JÓLATILBOÐ

49.990

VERÐ ÁÐUR 69.990

dyson



Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Stefán nýr formaður íþróttanefndar

Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íslenskra getrauna og fyrrverandi framkvæmdastjóri Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, hefur verið skipaður nýr formaður íþróttanefndar af Illuga Gunnarssyni, mennta- og menningarmálaráðherra. Skipunartími síðustu nefndar rann út þann 30. september.

Stefán starfaði í nítján ár hjá ÍSÍ en lét af störfum þar árið 2007.

Hlutverk íþróttanefndar er að veita ráðuneytinu ráðgjöf í íþróttamálum og leggja fram tillögur um fjárframlög til íþróttamála í fjárlögum og úthlutun úr íþróttasjóði.

Nefndina skipa einnig Sigríður Jónsdóttir, Björg Jakobsdóttir, Ingvar S. Jónsson og Hafþór B. Guðmundsson. Varamenn eru Hafrún Kristjánsdóttir, Gunnar Bragason, Örn Guðnason, Jóhanna M. Hjartardóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir.

- esá

**Var kominn tími á að prófa eitthvað nýtt**

FÓTBOLTI Sex ára ferli Birkis Má Sævarssonar hjá Brann lauk formlega í gær er hann skrifaði undir þriggja ára samning við sænska úrvalsdeildarfélagið Hammarby. Félagaskiptin hafa legið lengi í loftinu en ekki var hægt að ganga endanlega frá samningamálium fyrr en tímabilinu hjá Brann var lokið.

Ferill Birkis hjá norska félaginu endaði reyndar ekki nógu vel en hann féll með liðinu úr úrvalsdeild á dögnum. Mikið högg fyrir stórlíðið.

Birkir Már er orðinn þrítugur og nú taka við ný ævintýri hjá Hammarby sem er nýbúið að tryggja sér sæti

í deild þeirra bestu í Svíþjóð. Liðið ætlar sér síðan stóra hluti á komandi árum.

„Mér fannst vera kominn tími á að prófa eitthvað nýtt. Þegar ég frétti af áhuga Hammarby lagði ég allt annað til hliðar,“ sagði Birkir við heimasíðu síns nýja félags.

„Það hefur verið mikið fjallað um Hammarby í norskum fjölmiðlum. Þetta er spennandi félag á uppleið. Ég held líka að leikstíll félagsins henti mér fullkomlega.“

Birkir Már spilaði 168 leiki fyrir Brann á sex árum og skoraði í þeim leikjum 15 mörk.

- hbg



BIRKIR MÁR SÆVARSSON. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÚRSLIT**ENSKA ÚRVALSDEILDIN**

BURNLEY - NEWCASTLE 1-1
1-0 George Boyd (34.), 1-1 Papiss Cisse (48.).

LEICESTER - LIVERPOOL 1-3
1-0 Simon Mignolet, sjm (21.), 1-1 Adam Lallana (26.), 1-2 Steven Gerrard (54.), 1-3 Jordan Henderson (83.).

MANCHESTER UNITED - STOKE 2-1
1-0 Marouane Fellaini (21.), 1-1 Steven N'Zonzo (39.), 2-1 Juan Mata (59.).

SWANSEA - QPR 2-0
1-0 Ki Sung-Yueng (78.), 2-0 Wayne Routledge (83.).

CRYSTAL PALACE - ASTON VILLA 0-1
0-1 Christian Benteke (32.).

WEST BROM - WEST HAM 1-2
1-0 Craig Dawson (10.), 1-1 Kevin Nolan (35.), 1-2 James Tomkins (45.+3).

STADAN

Chelsea	13	10	3	0	30-11	33
Man. City	13	8	3	2	27-13	27
Southampton	13	8	2	3	24-9	26
Man. United	14	7	4	3	24-16	25
West Ham	14	7	3	4	23-17	24
Arsenal	13	5	5	3	21-15	20
Liverpool	14	6	2	6	19-19	20
Tottenham	13	6	2	5	18-18	20
Newcastle	14	5	5	4	15-17	20
Swansea City	13	5	4	4	17-14	19
Everton	13	4	5	4	23-21	17
Aston Villa	14	4	4	6	8-18	16
Stoke City	14	4	3	7	14-18	15
Sunderland	13	2	8	3	12-19	14
Crystal P.	14	3	4	7	18-23	13
WBA	14	3	4	7	14-20	13
Burnley	14	2	6	6	10-22	12
Hull City	13	2	5	6	14-20	11
QPR	13	3	2	8	14-25	11
Leicester	14	2	4	8	14-24	10

LEIKIR KVÖLDSINS

19.45: Chelsea - Tottenham Sport 2 HD
19.45: Arsenal - Southampton Sport 3
19.45: Everton - Hull City Sport 4
19.45: Sunderland - Man. City Sport 5

visir.is

Meira um leiki gærkvöldsins



HRESSAR Það var létt yfir stelpunum á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mega tapa með ellefu marka mun

HANDBOLTI Sú staða gæti komið upp í riðli Íslands í forkeppni HM 2015 að öll þrjú liðin verði jöfn að stigum að henni lokinni. Til þess þarf Makedónía að vinna Ísland tvívegis, fyrst í Laugardalshöllinni í kvöld og svo ytra á laugardaginn.

Verði það tilfellið mun það ráðast á markamun hvaða lið kemst áfram í umspilskeppnina í vor en aðeins eitt lið kemst áfram. Ítalía er þegar úr leik þar sem liðið er með mun verri markatölu en Ísland og búið að spila sína leiki. Það mun því ráðast af leikjum Íslands og Makedóníu hvort liðið kemst áfram.

Stelpurnar okkar standa þar ágætlega að vígi. Makedónía þarf að vinna upp 23 marka mun á liðunum og þarf því tólf marka samanlagðan sigur úr leikjunum tveimur til að slá Ísland úr efsta sæti riðilsins. Það er því ljóst að Ísland má tapa leikjunum tveimur með samanlögðum ellefu marka mun.

- esá

Geta komið á óvart

Ísland mætir Makedóníu í forkeppni HM 2015 í kvöld. Stelpurnar okkar eru í góðri stöðu og þurfa aðeins eitt stig til að gulltryggja sæti sitt í umspilskeppninni í vor. Íslenska liðið er þó við öllu búið og reiknar með öflugum andstæðingi.

HANDBOLTI Eftir tvo sannfærandi sigra á Ítalíu er íslenska landsliðið í góðri stöðu á toppi síns riðils í forkeppni HM 2015. Liðið þarf aðeins eitt stig úr leikjunum tveimur gegn Makedóníu sem fram undan eru en liðin mætast í Laugardalshöllinni í kvöld.

Ítalía vann Makedóníu tvívegis í síðasta mánuði en þrátt fyrir það reikna þjálfarar og leikmenn íslenska liðsins með erfiðum leik enda hafi sigur Ítalanna á makedónska liðinu komið mjög á óvart.

Breytingar voru gerðar á liði Makedóníu eftir ósigrana. Skipt var um þjálfara og kallað á leikmenn sem ekki voru með í leikjunum gegn Ítalíu.

„Það getur því vel verið að þær séu að mæta mun sterkari til leiks nú,“ sagði hornamaðurinn Þórey Rósa Stefánsdóttir í samtali við Fréttablaðið. „Þær voru afar ósáttar við að tapa þessum leikjum og því má reikna með að það verði miklar breytingar á liðinu,“ segir Þórey Rósa en íslenska liðið hefur búið sig undir leikinn með myndefni frá leikjum Ítalíu og Makedóníu.

„Við reiknum þó allt eins með því að þær geri eitthvað allt annað og þá eitthvað sem við höfum ekki undirbúið okkur undir. Við þurfum því að gæta þess að vera sérstaklega vel undirbúnað í leiknum sjálfum.“

Ætla að keyra grimmt á þær

Varnarleikur og markvarsla Íslands gegn Ítalíu var afar öflug og Þórey Rósa segir mikilvægt að halda

ÞÓREY RÓSA Gerir ráð fyrir að það verði erfiðara að spila gegn Makedóníu en Ítalíu.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

upp teknum hætti. „Við þurfum að standa vörnina vel og keyra grimmt á þær í hraðauppflaupum. Við sáum að þær eru afar hægar til baka,“ segir hún.

Ljóst er að ef leikurinn tapast í kvöld verður hreinn úrslitaleikur í Skopje á laugardaginn um hvort liðið kemst áfram í umspilskeppnina. „Ef við töpum þá verður ferðin út mjög erfið. En við ætlum okkur að klára þetta á heimavelli og vera bara í góðum málum þarna úti.“

Leikurinn hefst klukkan 19.30

í kvöld og Ágúst Þór Jóhannsson landsliðsþjálfari hefur margóskað eftir því að handboltaáhugamenn í landinu sýni stuðning sinn í verki og mæti á völinn. Þórey Rósa tekur undir það og biður fólk einnig um að taka vel undir í þjóðsöngnum. „Mér fannst ég bara vera í stúlkakór fyrir leikinn [gegn Ítalíu í Laugardalshöllinni] á fimmtudag. Það væri skemmtilegt ef allir gætu tekið hressilega undir og sungið með okkur.“

eirikur@frettabladid.is

Óvissa um þátttöku Sverre á HM í Katar

Veit ekki hvort hann getur gefið kost á sér í landsliðið.

HANDBOLTI Ekki er víst að Sverre Andreas Jakobsson geti gefið kost á sér í íslenska landsliðið fyrir HM í Katar sem hefst í næsta mánuði. Þetta sagði hann í samtali við Fréttablaðið.

„Ég er í þeirri stöðu að ég á erfitt með að hoppa frá mínum skuldbindingum á Akureyri í heilan mánuð,“ segir Sverre sem er bæði leikmaður og aðstoðarþjálfari Akureyrar auk þess sem hann er í fullri vinnu.

„Ég veit auðvitað ekki hvort ég verð valinn í landsliðshópinum en auðvitað væri gaman að fara með út og ljúka landsliðsferlinum á þessu móti. En þetta er ekki jafn einfalt og þetta var þegar maður var atvinnumaður í Þýskalandi. Það er ýmislegt sem þarf að hafa í huga nú.“

Hann segist þó reidubúinn að leggja sitt af mörkum verði þess óskað en Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari valdi Sverre í síðustu landsliðsverkefni Íslands.

„Ég tel mig enn hafa ýmislegt fram að færa og er tilbúinn að spila áfram með landsliðinu. En það er ljóst að það þarf ýmislegt að ganga



SVERRE Segir að það þurfi margt að ganga upp svo hann komist á HM í Katar með landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

upp ef það er áhugi á því af hálfu þjálfarans.“

Hann staðfesti einnig að þýska úrvalsdeildarfélagið Lemgo hafi áhuga á að semja við hann en að ólíklegt sé að hann geti tekið tilboði félagsins, vegna skuldbindinga sinna á Akureyri.

- esá



Upplýsingafundurinn verður haldinn í höfuðstöðvum Verkís að Ofanleiti 2, 103 Reykjavík.

Hefur þú þörf fyrir varaafli?

Upplýsingafundur, fimmtudaginn 4. desember, kl. 8:30-10.00 - Ofanleiti 2, 103 RVK.

Verkís verkfræðistofa býður til upplýsingafundar þar sem farið verður yfir möguleika fyrirtækja og stofnana til að minnka áhrif hugsanlegrar raforkuskerðingar á þeirra rekstur.

Fulltrúar Verkís munu fjalla um viðbragðsáætlanir og viðbrögð fyrirtækja og stofnana, ásamt því að fjalla um val og rekstur varaafllsstöðva.

Þá mun fulltrúi frá Orkuveitu Reykjavíkur fara yfir stöðu Orkuveitunnar í hugsanlegum raforkuskorti og öryggi tenginga á varaafli gagnvart veitukerfinu.

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA

Verkís verkfræðistofa - Ofanleiti 2 - 103 Reykjavík - 422 8000

MONGOL DERBY

HÆTTULEGASTA KAPPREIÐ Í HEIMI

1000 KÍLÓMETRAR Á 10 DÖGUM



Myndadagbókin hennar Anítu er kærkomin lesning og myndirnar frá einni mestu þrek- og ævintýraför íslendinga fyrr og síðar munu gleðja augað...

– Guðni Ágústsson
fyrirverandi landbúnaðarráðherra



Hestakonan Aníta Margrét Aradóttir vann mikið afrek þegar hún tók þátt í Mongólsku kappreiðinni. Hún kláraði 1000 km á 10 dögum við hrikalegar aðstæður í hrjóstrugri náttúru Mongólíu. Keppnin fór fram á hálfþömdum villihestum.

Mongólíu kappreiðin þykir sú erfiðasta í heimi og aðeins á hendi frábærra knapa og hörkutóla að ljúka þessari 1000 km þrekraun. Aníta Aradóttir var útnefnd kona ársins 2014 af Nýju Lífi fyrir þetta afrek sitt.

Mongol Derby kappreiðinni eru hér gerð skemmtileg skil í lifandi myndmáli og þessi bók er fyrir alla sem láta sig dreyma og hafa gaman af ævintýrum og hetjum sem þora að láta drauma sína rætast.



Stöð 2 kl. 20.15 Heimsókn

Sindri Sindrason kíkir í heimsókn hjá íslenskum fagurkerum, bæði hér heima og erlendis.



Í KVÖLD



The Middle

STÖÐ 2 KL. 19.50 Fjórða röðin af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðirin Frankie hefur í mörg horn að líta.



Léttir sprettir

GULL KL. 20.20 Friðrika Hjördís Geirsdóttir stýrir skemmtilegum þætti um almennar íþróttir sem fólk stundar, svo sem hlaup, skíðaíþróttir, hjólréiðar, fjallgöngur, sund og íþróttir fyrir alla fjölskylduna.



Hart of Dixie

STÖÐ 3 KL. 19.00 Dramatísk þáttaröð með léttu ívafi um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðru vísi en hún á að venjast.

FM957 kl. 14.00 Yngvi Eysteins

Yngvi er hress með þér eftir hádegi á miðvikudegi.



BREYTT OG STÓRGLÆSILEG DORMA

Full verslun af nýjum og spennandi vörum á jólatilboði!

Fyrir þínar bestu stundir!

C&J stillanlegt rúm með Shape heilsudýnu



Charlotte Julien



TIL Í ÖLLUM STÆRDUM Á JÓLATILBOÐI

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- 5 ára ábyrgð



Stærð: 2x80x200 cm. Fullt verð 442.300
ÞÚ SPARAR 66.345 kr.



DORMA

– býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ☎ 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri ☎ 558 1100
Húsgagnahöllinni, Reykjavík ☎ 558 1100

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 07.45 Victorious
- 08.05 Wonder Years
- 08.30 I Hate My Teenage Daughter
- 08.55 Mindy Project
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Spurningabomban
- 11.05 Mad Men
- 11.50 Grey's Anatomy
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Gatan mín
- 13.20 Dallas
- 14.05 Fairly Legal
- 14.50 The Goldbergs
- 15.15 Victorious
- 15.40 Grallararnir
- 16.05 Hello Ladies
- 16.35 New Girl
- 17.00 Bold and the Beautiful
- 17.20 Nágrannar
- 17.45 The Simpsons
- 18.10 Jóladaatal Skoppu og Skríttlu Bestu vinir barnanna, þær Skoppa og Skríttla, opna nýjan glugga í nýju jóladagatali á hverjum degi frá og með 1. desember og fram að jólam á Stöð 2.
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.16 Veður
- 19.25 Bad Teacher
- 19.50 The Middle
- 20.15 Heimsókn
- 20.40 The Dead Mothers Club
- 21.50 Bones
- 22.40 Getting on 23.10 NCIS
- 23.55 Person of Interest
- 00.40 Crimes That Shook Britain
- 01.30 Arthur Newman
- 03.10 Spring Breakers
- 04.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 13.00 PSG - Ajax
- 14.40 Zenit - Benfica
- 16.20 Valencia - Barcelona
- 18.00 Spænsku mörkin
- 18.30 Kiel - Gummersbach
- 19.50 Þýsku mörkin Farið yfir mörkin og helstu úrslit í þýska handboltanum.
- 20.20 Holland - Lettland
- 22.00 The Doctor Heimildarmynd um NBA-leikmanninn Julius Erving.
- 23.10 Grindavík - Tindastóll

SPORT 2

- 10.45 Burnley - Newcastle
- 12.25 WBA - West Ham
- 14.05 Crystal Palace - Aston Villa
- 15.45 Premier League World
- 16.15 Man. Utd. - Stoke
- 17.55 Leicester - Liverpool
- 19.35 Chelsea - Tottenham BEINT
- 21.45 Arsenal - Southampton
- 23.25 Everton - Hull
- 01.05 Sunderland - Man. City

INN

- 20.00 Björn Bjarnason 20.30 Tölur og tækni
- 21.00 ABC barnahjálpi 21.30 Frá Haga í maga

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro

- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1

STÖÐ 3

- 18.15 Last Man Standing
- 18.40 Are You There, Chelsea?
- 19.00 Hart of Dixie
- 19.45 Jamie's 30 Minute Meals
- 20.10 Baby Daddy
- 20.35 The Gates
- 21.20 Flash
- 22.05 Sleepy Hollow
- 22.50 Wilfred
- 23.10 Originals
- 23.55 Supernatural
- 00.40 Hart of Dixie
- 01.25 Jamie's 30 Minute Meals
- 01.50 Baby Daddy
- 02.10 The Gates
- 02.55 Flash
- 03.35 Sleepy Hollow
- 04.20 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram! 07.24 Svampur Sveins
- 07.45 Elías 07.55 UKI 08.00 Ofurhundurinn Krypto
- 08.22 Lína Langsokkur 08.47 Ævintýraferðin 09.00 Latibær
- 09.22 Ljótí andarunginn og ég 09.47 Tommi og Jenni 09.54 Tommi og Jenni 10.00 Könnuðurinn Dóra 10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 10.45 Doddi litli og Eymastór 10.55 Rasmus Klumpur og félagar 11.00 Áfram Diego, áfram! 11.24 Svampur Sveins 11.45 Elías 11.55 UKI 12.00 Ofurhundurinn Krypto 12.22 Lína Langsokkur 12.47 Ævintýraferðin 13.00 Latibær 13.22 Ljótí andarunginn og ég 13.47 Tommi og Jenni 13.53 Tommi og Jenni 14.00 Könnuðurinn Dóra 14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 14.45 Doddi litli og Eymastór 14.55 Rasmus Klumpur og félagar 15.00 Áfram Diego, áfram! 15.24 Svampur Sveins 15.45 Elías 15.55 UKI 16.00 Ofurhundurinn Krypto 16.22 Lína Langsokkur 16.47 Ævintýraferðin 17.00 Latibær 17.22 Ljótí andarunginn og ég 17.47 Tommi og Jenni 17.53 Tommi og Jenni 18.00 Könnuðurinn Dóra 18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 18.45 Doddi litli og Eymastór 18.55 Rasmus Klumpur og félagar 19.00 Jóladaatal Skoppu og Skríttlu 19.10 Ljótí andarunginn og ég 20.40 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 18.05 Strákarnir
- 18.40 Friends
- 19.05 2 Broke Girls
- 19.30 Modern Family
- 19.55 Two and a Half Men
- 20.20 Léttir sprettir
- 20.40 Heimsókn
- 21.00 The Mentalist
- 21.45 Cold Case
- 22.30 Chuck
- 23.15 E.R.
- 00.00 The Untold History of The United States
- 01.00 Léttir sprettir
- 01.20 Heimsókn
- 01.40 The Mentalist
- 02.25 Cold Case
- 03.10 Chuck
- 03.50 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

- 12.20 The Clique
- 13.50 I Don't Know How She Does It
- 15.20 Margin Call
- 17.05 The Clique
- 18.35 I Don't Know How She Does It
- 20.10 Margin Call
- 22.00 Sherlock Holmes: A Game of Shadows
- 00.10 Company of Heroes
- 01.50 This Means War
- 03.25 Sherlock Holmes: A Game of Shadows

RÚV

- 15.45 Lottóhópurinn
- 16.40 Disneystundin
- 16.41 Finnbogi og Felix
- 17.03 Sígildar teiknimyndir
- 17.10 Herkúles
- 17.30 Jesús og Jósefína
- 17.50 Jólalundarkorn
- 17.59 Jólalundarkorn
- 18.10 Táknafréttir
- 18.20 Nigellissima e.
- 18.54 Víkingalóttó
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.25 Forkeppni HM í handbolta kvenna Bein útsending frá leik Íslands og Makedóníu í forkeppni HM í handbolta kvenna sem fram fer í Laugardalshöll.
- 21.10 Kiljan
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Óskalögin 2004-2013
- 22.25 Sandstríð
- 23.20 Höllin
- 00.20 Fréttir
- 00.35 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 15.20 Jane the Virgin
- 16.05 An Idiot Abroad
- 16.55 Parks & Recreation
- 17.20 Growing Up Fisher
- 17.45 Dr. Phil
- 18.30 The Tonight Show Spjallþáttastillingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum vinsæla þætti Tonight show þar sem hann hefur slegið öll áhorfsmet.
- 19.10 The Talk
- 19.50 30 Rock Liz Lemon og félagar í 30 Rockefeller snúa loks aftur með frábæra þáttaröð.
- 20.10 Survivor
- 21.00 Madam Secretary Téa Leoni leikur Elizabeth McCord, fyrverandi starfsmann leynilögreglunnar og háskólaprófessor, sem er óvænt og fyrirvaralaust skipuð utanríkisráðherra Bandaríkjanna.
- 21.45 Unforgettable
- 22.30 The Tonight Show
- 23.15 Scandal
- 00.00 Extant
- 00.45 Madam Secretary
- 01.30 Unforgettable
- 02.15 The Tonight Show
- 03.05 Pepsi MAX tónlist


Golfstöðin

- 08.05 Golfing World 2014
- 08.55 2014 Augusta Masters
- 13.55 PGA Tour 2014: Imprints
- 14.45 Golfing World 2014
- 15.35 PGA Tour 2014
- 18.00 Golfing World 2014
- 18.50 PGA Tour 2014
- 21.40 Golfing World 2014
- 22.30 Samsung Unglingaevniviði 2014

- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 K100
- FM 102,9 Lindin

ÍSLENSKU ÞÝÐINGAVERÐLAUNIN

TILNEFNINGAR 2014



Jón St. Kristjánsson þýddi

★★★★★

„Náðarstund er mögnuð og grípandi.
Bókin er listavel þýdd.“

KARL BLÖNDAL / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★★

„Náðarstund er fallega skrifuð
og stíluð ...“

ÁSTA SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR / DV

★★★★★

„Ein magnaðasta bók sem ég hef lesið!“

MARGRÉT GÚSTAVSDÓTTIR / ÞJATT.IS

„Vönduð söguleg skáldsaga um eitt frægasta
morðmál Íslandssögunnar.“

JÓN YNGVI JÓHANNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

„Feikilega skemmtileg og sterk lesning.“

ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

„Þetta er bók sem ég legg frá mér fullur
þakklætis fyrir sjaldgæfa lestrarupplifun.“

ÞRÁINN BERTELSSON / KVENNABLAÐIÐ

„Fantalega vel unnin þýðing!“

FRÍÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / KILJAN



Silja Aðalsteinsdóttir þýddi

★★★★★

„Munro er einfaldlega einn af merkustu
rithöfundum samtímans ...“

Þetta eru meistaralegar sögur.“

EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★★

„Afskaplega vel smíðaðar og áhrifamiklar
sögur um fólk í hörðum heimi ... mjög svo
eftirminnilegar og áhrifamiklar þannig að
þær sitja í manni að lestri loknum.“

ÁSDÍS SIGMUNDSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★★

„Afskaplega vel smíðaðar og áhrifamiklar
sögur um fólk í hörðum heimi.“

ÁSDÍS SIGMUNDSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Það er ástæða til að hvetja bókelskt fólk
til að lesa smásögur Alice Munro.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Þótt sögur Munro virðist einfaldar á yfirborði
eru þær hvorki einfaldar í endursögn, túlkun
eða greiningu. Þær kalla á djúpan lestur,
aftur og aftur.“

STEINUNN INGA ÓTTARSDÓTTIR / KVENNABLAÐIÐ



FORLAGIÐ

www.forlagid.is

DRYKKURINN



„Ég verð að nota klisjuna og segja að íslenska vatnið sé minn uppáhaldsdrykkur. Ég passa mig alltaf að drekka nóg af vatni á hverjum degi, þá líður mér mun betur, það er líka bara svo svalandi og gott.“

Karen Knútsdóttir, fyrirliði íslenska landsliðsins í handbolta.

Nota greniköngla til matargerðar

Kokkarnir Jónas Oddur og Ómar vilja njóta og nýta náttúruna til matargerðar.

Nýverið tóku kokkarnir Jónas Oddur Björnsson og Ómar Stefánsson tímabundið við veitingarekstri Hannesarholts. Jónas og Ómar leggja sig alla fram við að nota hráefni sem finnast í íslenskri náttúru og að nýta allar afurðir sem best.

„Það er alveg hundrað prósent nýting hjá okkur strákunum, við erum alveg á móti matarsóun,“ segir Jónas og nefnir sem dæmi að hann hafi nýverið náð sér í greni sem hann notar til

þess að búa til greniolfu. Greniolíuna stefni hann meðal annars á að nota til þess að bragðbæta ís. Einnig hafa þeir notað greniköngla í matreiðsluna. „Ég nota könglana sem krydd. Þeir gefa rosalega góðan svona jólakeim.“

Jónas segir að ekki þurfi að leita langt yfir skammt og mikið sé af náttúruafurðum sem hægt sé að nýta. „Það er til dæmis haugarfi sem fólk lítur ekki við. En þegar þú ert búin að þrifa arfann og borðar hann er þetta bara

„Það er alveg hundrað prósent nýting hjá okkur strákunum, við erum alveg á móti matarsóun.“

eins og salat. Orðið haugarfi er bara mjög fráhrindandi og veldur því að fólk er hrætt við að borða hann,“ segir hann. „Fólk á að vera óhrætt og nota hugmyndaflugið, það er hægt að nýta allt.“ - gló



NÁTTÚRUUNNENDUR Jónasi og Ómari er mikið í mun að nýta matarafurðir sem best. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



BREYTT OG STÓRGLÆSILEG

DORMA

Full verslun af nýjum og spennandi vörum á jólatilboði!

NATURES HEILSURÚM Á JÓLATILBOÐI

NATURES REST – heilsurúm



JÓLATILBOÐ
69.900
120X200 CM

Stærð: 120x200 cm
Dýna, botn og lappir. Fullt verð 79.900
PÚ SPARAR 10.000 kr.

NATURES COMFORT – heilsurúm



JÓLATILBOÐ
111.120
140X200 CM

Stærð: 140x200 cm
Dýna, botn og lappir. Fullt verð 138.900
PÚ SPARAR 27.780 kr.

NATURES LUXURY – heilsurúm



JÓLATILBOÐ
135.920
160X200 CM

Stærð: 160x200 cm
Dýna, botn og lappir. Fullt verð 169.900
PÚ SPARAR 33.980 kr.

DORMA
– býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ☎ 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri ☎ 558 1100
Húsgagnahöllinni, Reykjavík ☎ 558 1100



BJARKI KARLSSON Segir brag og innihald Grettisfærslu keimlíkt rappi erps. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ERPUR EYVINDARSON Hefur aldrei sagst ætla að ríða páfanum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Svæsnasti texti sem ég hef lesið“

Bjarki Karlsson skáld og Erpur Eyvindarson rappari hafa leitt saman hesta sína.

„Grettir er ruglaður. Ég hef aldrei farið með jafn dónalegan texta. Þetta er bókmenntaarfurinn okkar, svo er verið að væla yfir því að ég segi hitt eða þetta,“ segir rapparinn Erpur Eyvindarson sem aðstoðaði Bjarka Karlsson, ljóðskáld og málfræðing, við að semja „tilgátuverk“ í kringum Grettisfærslu, gamalt svæsið handrit sem var líklega ritskoðað eftir síðaskiptin. Verkið má finna í nýrri útgáfu Bjarka, Árleysi ár og alda, sem inniheldur bók, hljóðbók og hljómdisk með útsetningum Hilmaris Arnar Hilmarssonar á ljóðunum.

Eitt handrit Grettis sögu endar á þriggja síðna kvæði sem einhver hefur síðan skrapað yfir og bætt við lútherskum sálmalínunum. Bjarki fékk því Erp til að semja í eyðurnar. „Nútímataekni hefur gert okkur kleift að sjá með geislum hvað stendur þrátt fyrir að búið sé að skrapa mikið af. Ég fékk í hendurnar fullt af texta sem vantaði hluta í þannig að ég fyllti upp í og tók allt það bitastæðasta. Út úr því kemur svæsnasti texti sem ég hef lesið,“ segir Erpur en vísan fjallar á ósæmilegan hátt um bólfarir Grettis. „Ég hef aldrei talað um að setja í alla dönsku hirðina, ég hef aldrei sagst ætla að setja í páfann og ég hef aldrei verið að djöflast í dýrum.

Brot úr 15. aldar klámkvæðinu Grettisfærslu

Skáletraðar línur eru viðbót Erps.

... til þess er hann sendur,
at serða búendur
hvers manns konu
ok alla bónda sonu,
núir hann snjóta
hirðmenn stóra,
en serður ábóta,
gjörvalla hirðstjóra
lastar og fastar
lóknum hann kastar
í allt og alla

at hann streði prófasta,
þá gjörir hann þunga
bæði gamla ok unga,
hann er vanur at moga,
barúna ok hertoga
streður greifa alla,
bæði riddara ok jalla,
er sól er í austri
serður abbadís at klaustri
stórt er hans reður
ok systurnar meður ...

En þetta er allt í Íslendingasögnum, þessum mikla bókmenntaarfi sem við erum svo stolt af, þannig að það er alveg ástæðulaust að vera eitthvað að teprast.“

Erpur segir jafnframt tilgátur fræðimanna um uppruna slíks kvæðis vera ansi kunnuglegar. „Nú skilst mér á Bjarka og Hilmarí Erni að þetta sé úr heidnum síð að láta keflið ganga og yrkja hver á eftir öðrum. Í upphafi er ákveðið hvað eigi að yrkja um, þá byrjar sá fyrsti og talar um Gretti sterka, svo fer keflið hring eftir og hring og menn byrja kannski að segja það svæsnasta sem möguleiki er á. Þetta er svoltið eins og við köllum „cipher“ í rapheiminum,“ segir

hann en það er hugtak yfir „freestyle“ hjá mörgum röppurum sem standa kannski í hring og yrkja af fingrum fram. „Þá reyna menn stundum að vera grófari og grófari. Þetta hefur náttúrulega ekkert að gera með Gretti eins og hann birtist í Íslendingasögnum. Það er verið að gera að gamni sínu að gera hann ógeðslegan.“

Bjarki segir brag og innihald Grettisfærslu vera keimlíkt rappi Erps. „Það eru svo rosaleg bragfræðileg líkindi með þessari endurheimtu miðaldabúlu og því sem Erpur er að gera. Þá fannst mér trúverðugasta endurgerðin á þulnuni vera að fá Erp til að gera þetta.“

thorduringi@frettabladid.is

Hanna lífræna barnafatalínu

Igló & Indý með nýja lífræna barnafatalínu sem kemur í verslanir í janúar.

Íslenska barnafatamerkið Igló&Indý ætlar í fyrsta sinn að senda frá sér lífræna barnafatalínu, en undirbúningur línunnar hefur staðið yfir í nokkurn tíma. „Þessi lína er ókynbundin og kemur í stærðum frá þriggja mánaða upp í átta ára,“ segir Guðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Igló&Indý.

Merkið hefur vakið mjög mikla athygli erlendis undanfarið og fengið heilmikla umfjöllun á stórum erlendum bloggum og á samfélagsmiðlum. Tinna segir því að áhuginn frá Skandinavíu kalli á framleiðslu á lífrænum fatnaði.

„Skandinavía er mjög upptekin af lífrænni framleiðslu og hún opnar

margar dyr fyrir okkur þar sem verslanir vilja geta boðið upp á lífrænan fatnað, þá sérstaklega fyrir nýfæddu börnin,“ bætir Tinna við.

„Þetta snýst líka um stefnu fyrirtækisins þar sem við viljum sýna samfélagslega ábyrgð.“ Línan, sem kemur í verslanir í janúar, inniheldur tíu flíkur og er öll unnin úr mjúkrí lífrænni bómull.

„Bómullin er ekki lituð heldur er hún bara í grunnlitnum. Allt sem prentað er á fötin er framleitt undir lífrænum staðli,“ segir Helga Ólafsdóttir, yfirhönnuður Igló&Indý. „Við völdum svo pandabjörn á línuna vegna þess að pandan er í útrýmingarhættu og þess vegna völdum við hana,“ bætir Helga við. - asi



SPENNTAR FYRIR NÝJU LÍNUNNI Helga Ólafsdóttir yfirhönnuður Igló&Indý og Guðrún Tinna Ólafsdóttir framkvæmdastjóri.

STALDRAÐU VIÐ SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ



Stök námskeið á meistarastigi við deildir Háskóla Íslands

Framboð Endurmenntunar á meistaranámskeiðum í samstarfi við deildir Háskóla Íslands hefur fallið í góðan jarðveg og höfðar sterkt til þeirra sem vilja safna einingum í meistaragráðu.

Umsóknarfrestur er til 8. desember næstkomandi

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Stjórnun og mannauður

HAGFRÆÐIDEILD

Bankar og fjármálamarkaðir
Hagfræðileg ákvörðunartaka
Hagrannsóknir í meistaranámi
Rekstrarhagfræði V fyrir meistaranema
Skuldabréf
Þjóðhagfræði í meistaranámi II

SAGNFRÆÐI- OG HEIMSPÉKIDEILD

Heilbrigðis- og lífssiðfræði
Siðfræði vísinda og rannsókna
Starfstengd siðfræði

UPPELDIS- OG MENNTUNARFRÆÐIDEILD

Mat og vottun á þekkingu og færni fullorðinna
Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum

GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD

Grunnnámskeið í verklegri sálgæslu
Sálgæsla í fjölskyldum
Sálgæsla og áfallahjálp – samfylgd í kjölfar áfalla

FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD

Sakfræði og löggæslukerfið

LÆKNAEILD

Almenn aðferðafræði í rannsóknum
Almenn tölfræði í rannsóknum
fyrir meistara- og doktorsnema

IÐNAÐARVERKFRÆÐI-, VÉLAVERKFRÆÐI- OG TÖLVUNARFRÆÐIDEILD

Tæknileg iðnhönnun

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Alþjóðamarkaðssetning
Breytingastjórnun
Endurskoðun II-hluti
Endurskoðun IV-hluti
Fjárfestingar fyrirtækja
Fyrirtækjaskattaréttur
Mat á árangri og framkvæmd stefnu
Rannsóknir í markaðsfræði
Rannsóknir og tölfræði
Reikningsskilakenningar
Samhæfð markaðssamskipti
Samningagerð
Samstæðureikningsskil
Stefnumiðuð markaðsfærsla
Stefnumiðuð stjórnun
Stjórnsýsluendurskoðun
Stjórnun nýsköpunar
Tölvutækni í fjármálum
Verkefnastjórnun og ráðgjöf
Vinnuréttur
Vinnusálfræði
Virðisgreining fyrirtækja og hlutabréfa
Þróun mannauðs

FRÉTTIR AF FÓLKI

Önnur Frozen-bók Theodóru

Theodóra Mjöll Skúladóttir Jack hárgreiðslukona vinnur nú að gerð annarrar Frozen-hárbókar fyrir Bandaríkjamarkað.

Nýverið komu Frozen-hárbók og Prinsessuhárbók Theodóru Mjallar út í Bandaríkjunum. Bækurnar voru gerðar fyrir vörumerki Disney. Theodóra Mjöll auglýsir á Facebook-síðu sinni eftir hressum stelpum á aldrinum 4-11 ára til þess að vera hármódel. - gló



Kristín er næst

Guðrún Eva Mínervudóttir kippir sér ekki upp við gagnrýni Björns Þórs Vilmundarsonar á bók hennar Englaryki í þættinum Víðsjá nýverið og frábiður sér að fólk geri henni upp viðkvæmni. Ekkert sé yfir gagnrýni hafið. Vigdís Grímsdóttir rithöfundur var meðal þeirra sem þótti ómaklega vegið að Guðrúnu Evu og kallaði Björn meðal annars vesaling. Kristín Ómarsdóttir tók undir með Vigdís og

þóttist greina kvenfyrirlitningu í rýni Björns. Víst er að meiri spennu en áður gætir vegna gagnrýni í Víðsjá en næst tekur Björn fyrir verk Kristínar Steinsdóttur, Vonarlandið. - kbg



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Fátækt á Íslandi: Ógeðslega erfitt að segja nei við börnin
- 2 Reið yfir því að vera þjófkennd á Alþingi
- 3 Íslensku stúlkurnar í Prag komnar til Íslands
- 4 Ráðherrakapall Bjarna gengur illa upp
- 5 Balotelli baðst afsökunar | Gæti fengið fimm leikja bann

Ragnheiður
RAGNHEIÐUR
LAUGARDAGINN 27. DESEMBER
SUNNUDAGINN 28. DESEMBER
KÆRKOMIN JÓLAGJÓF!
MIÐASÖLUSÍMI 528 5050

ÍSLENSKA ÓPERAN

SKYLD'ÐA VERA JÓLAWOW...

ALLIR VILJA WOW Í PAKKANN!

SUMIR VILJA MJÚKA PAKKA, AÐRIR VILJA HARÐA PAKKA, ALLIR VILJA WOW PAKKA!

Við bjuggum til WOW jólagjafabréfin fyrir þá sem vilja gefa sannkallað WOW í jólagjöf

VELDU NÚ ÞANN SEM AÐ ÞÉR ÞYKIR BESTUR

- Þú kaupir fyrir 8.500 kr. og færð 10.000 kr. gjafabréf
- Þú kaupir fyrir 12.500 kr. og færð 15.000 kr. gjafabréf
- Þú kaupir fyrir 17.000 kr. og færð 20.000 kr. gjafabréf
- Þú kaupir fyrir 21.000 kr. og færð 25.000 kr. gjafabréf
- Þú kaupir fyrir 25.000 kr. og færð 30.000 kr. gjafabréf
- Þú kaupir fyrir 42.000 kr. og færð 50.000 kr. gjafabréf

ÞÚ FINNUR JÓLAGJAFABRÉFIN Á WOWAIR.IS

